

**JÓN EIRÍKSSON**

*Hefur stundað bogfimi í rúm þrjátíu ár*

heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**Á TRAUSTUM GRUNNI**

*Landslagshönnun ferðamannastaða*

Sérblað um byggingar og framkvæmdir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**JUDE LAW**

*Leynd hvílir yfir Íslandsferð leikarans*

Lenti á Keflavíkurflugvelli í gær með börn sín

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. febrúar 2007 — 43. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Útlendingur í Stúdentaráði

Fabrizio Frascaroli er fyrsti erlendi neminn sem tekur sæti í Stúdentaráði HÍ.

**TÍMAMÓT 18**

### Hefur almenningur áhrif?

„Undanfarin fjöldamörg ár, hefur verið við völd ríkisstjórn sem kærir sig kollótta um hvað okkur finnst," segir Valgerður Bjarnadóttir.

**Í DAG 16**

### Ferillinn eyðilagður



Silvía Nótt er ósátt við nýja þáttaröð um sig á Skjá einum. Hún segir ýmsa aðila vilja eyðileggja feril sinn.

**FÓLK 30**



### Jón Arnór aftur til Ítalíu

Jón Arnór Stefánsson yfirgefur Spán í dag og heldur til Ítalíu þar sem hann mun leika með Lottomatica Roma.

**ÍÞRÓTTIR 26**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI SUNNAN OG VESTAN TIL** Í dag verður éljagangur fyrir austan. Hiti við frostmark sunnanlands en talsvert frost um allt land í nótt. Á morgun snýst í suðaustanátt með minnkandi ffrosti fyrir norðan.

**VEÐUR 4**


LESTUR MEÐAL 12-49 ÁRA
allt landið

**Þriðjudagur**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.


# Hafna vegi um Kjöl

**Rúmur meirihluti Íslendinga er á móti heilsársvegi um Kjöl. Meirihluti landsbyggðarfólks vill að vegurinn verði lagður. Fleiri konur en karlar eru á móti. Tæp 37 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu segja „já" við veginum um Kjöl.**

**SAMGÖNGUMÁL** Meirihluti landsmanna er mótfallinn því að fyrirtækið Norðurvegur ehf. leggi heilsárveg yfir Kjöl frá Gullfossi að Silfrastöðum í Skagafirði. Þetta kemur fram í nýrri könnun Fréttablaðsins.

799 manns á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni voru spurðir og tóku 82 prósent afstöðu. Af þeim vilja tæp 43 prósent að vegurinn verði lagður en rúm 57 prósent vilja það ekki.

Meirihluti fólks sem býr utan höfuðborgarsvæðisins er hlynntur því að vegurinn verði lagður en tæp 37 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. 480 íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru spurðir og 318 á landsbyggðinni.

Ætlunin með veginum er að stytta vegalengdir milli Suður- og Norðurlands. Leiðin frá Selfossi til Akureyrar mun styttast um 141 kílómetra og kílómetrafjöldinn frá Gullfossi til höfuðstaðar Norðurlands mun verða 358 í stað 595.

Kjartan Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og stjórnarmaður í Norðurvegi, segir að niðurstaðan sýni fram á hversu mikilvægt mál lagning heilsárvegar yfir Kjöl sé fyrir fólk á landsbyggðinni. Þingmaðurinn telur jafnframt að kynna þurfi framkvæmdina betur fyrir landsmönnum.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að niðurstaðan í könnuninni staðfesti að náttúruverndarhyggja meðal Íslendinga hafi farið vaxandi.

- ifv / sjá bls. 8



**BAUGSMÁLIÐ ENN Í BRENNIDEPLI** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, svaraði spurningum saksóknara í gær þegar aðalmeðferð hófst í Baugsmálinu. Á myndinni má sjá Jón Ásgeir, Jakob Möller, lögmanni Tryggva Jónssonar, Tryggva og Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmann. Yfirheyrslur yfir Jóni Ásgeiri halda áfram í dag og lýkur væntanlega á morgun. - sjá síðu 4 og 30

Þrjátíu og þrír starfsmenn RÚV velja biðlaun við breytingu í opinbert hlutafélag:

# Biðlaunin kosta 90 milljónir

**ATVINNUMÁL** Alls völdu 33 starfsmenn Ríkisútvarpsins að hætta og þiggja biðlaun eftir að stofnuninni verður breytt í opinbert hlutafélag.

„Þetta er upp á hár sú tala sem við gerðum ráð fyrir," segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Áætlaður kostnaður við biðlaunin er um 90 milljónir króna.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins eru nú um 340. Höfðu 116 þeirra áunnið sér rétt til biðlauna. Það er því ríflega fjórðungur þeirra sem eiga biðlaunaréttinn sem nýtir hann. Allir úr hópnum eiga rétt á tólf mánaða biðlaunum nema einn sem á sex mánaða biðlaunarétt.

Að sögn Páls voru tæp 60 prósent þeirra sem þiggja biðlaunin sextíu ára og eldri. „Það lá beinast við að það fólk sem nær lífeyrisréttindum á því tólf mánaða tímabili sem biðlaunarétturinn gildir myndi nýta hann því það má líta svo á að annars væri fólk að vinna kauplaust fram að lífeyrisréttindunum."



**PÁLL MAGNÚSSON** „Það er ekki endilega sjálfgefið að við þurfum að ráða í allar þessar stöður," segir útvarpsstjóri, sem 1. apríl sér á bak 33 starfsmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Páll segir að þeir sem hætti séu úr öllum deildum Ríkisútvarpsins. „Þetta var frekar í samræmi við það sem við höfðum reiknað með," segir útvarpsstjóri sem ekki á von á því að nú verði lagst í mannaráðningar í stað þeirra sem hætta. „Það er ekki endilega sjálfgefið að við þurfum að ráða í allar þessar stöður og það er í sjálfu sér ekkert markmið. Kannski getum við nýtt þetta í þeim hagræðingaráformum sem við höfum." - gar

Sænskir femínistar:

## Konungsmynd verði fjarlægð

**SVÍÞJÓÐ** **Gudrun Schyman, forystukona sænskra femínista, hefur lagt til að mynd af rithöfundinum Astrid Lindgren prýði sænsku einu krónuna í staðinn fyrir mynd af sænska konunginum. Hún leggur líka til að mynd af einhverri af söguhetjum Astridar Lindgren verði á bakhlið seðils.**



**LÍNA LANGSOKKUR**

**Gudrun er í stjórn Republikanska föreningen sem vill afnema myndir af sænskum konungum á gjaldmiðli landsins.** - ghs

Straumur-Burðarás:

## Segjast hafa farið að lögum

**VIÐSKIPTI** „Við Straum verður ekki sakast þótt skiptar skoðanir séu innan stjórnkerfisins um túlkun laga um ársreikninga og stjórnsýsluframkvæmd ársreikningaskrár," segir Straumur-Burðarás í tilkynningu til Kauphallar í gær.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur lýst efasemdum um lögmæti þess að bankinn geri upp í evrum. Geir H. Haarde forsætisráðherra upplýsti í Silfri Egils á sunnudag að unnið væri að því að kanna lögmæti heimildarinnar.

- óká / sjá síðu 17

Nýjungar í Alpafjöllunum:

## Vilja sólarspegil

**SVISS, AP** **Sveitarstjórnarmenn í bænum Bondo eru að spá í að kaupa 40 fermetra spegil og festa hann upp í fjallshlíð. Spegillinn myndi endurvarpa sólarljósinu niður í dalinn, sem er svo djúpur að þar sést engin sól frá því snemma í desember og þangað til í lok febrúar ár hvert.**

**„Þetta myndi auka gildi bæjarins," sagði Renzo Giovanali borgarstjóri. Ákvörðun verður þó ekki tekin fyrr en í sumar.**

**Fordæmi er fyrir þessari framkvæmd. Íbúar í bænum Viganella á Ítalíu hafa nú þegar komið sér upp slíkum spegli og eru hæstánægðir með birtuna.** - gb

Veirusýking gengur snemma:

## 20 hafa greinst með inflúensu

**HEILBRIGÐISMÁL** Tuttugu manns hafa greinst með veirusýkinguna inflúensu það sem af er árinu að sögn Guðrúnar Sigmundsdóttur, yfirlæknis hjá sóttvarnasviði landlæknisembættisins. Guðrún segir að inflúensutilfellin hafi greinst fyrr á þessu ári en árið 2006 þegar þau fyrstu komu upp í febrúar.

Að sögn Guðrúnar má búast við að tala greindra tilfella aukist á næstu dögum þegar niðurstöður koma úr fleiri rannsóknum. Guðrún segir að inflúensan berist hingað árlega um svipað leyti og til Norðurlandanna.

- ifv / sjá ALLT bls. 2

**SPURNING DAGSINS**



*Dagný, ertu á hraðri niðurleið?*

„Nei, í því liggur vandinn.“

Dagný Linda Kristjánsdóttir, skíðakona frá Akureyri, er ekki nógu ánægð með árangur sinn í vetur. Hún hefur verið í eldlínunni á heimsmeistaramótinu á skíðum síðustu daga.

Ár liðið frá eyðileggingu gylltu moskunnar í Samarrah:

# Tugir myrtir á torgi

**BAGDAD, AP** Meira en 80 manns fórust í sprengjuárásum á miðborg Bagdad í gær, þegar ár var liðið frá því að hið gyllta hvolþak sjía-moskunnar í Samarrah var eyðilagt. Hátt á annað hundrað manns særðust.

Að minnsta kosti tvær bílasprengjur sprungu á fjölmennu markaðstorgi í hádeginu og þriðja sprengjan sprakk ekki langt þar frá. Þykkur reykjarmökkur barst frá húsi sem kviknaði í við markaðstorgið.

Skömmu fyrir sprengingarnar höfðu stjórnvöld hvatt landsmenn til þess að helga fimmtán mínútur því að minnast árásarinnar á gylltu moskuna í Samarrah.

„Sprengingin í helgidómnum hratt af stað blindu ofbeldi í landinu, þar sem tugir þúsunda saklausra manna féllu. Guð einn veit hvenær þessum harmleik linnir,“ sagði Ali al-Sistani, æðsti klerkur sjía í Írak, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér skömmu fyrir sprengingarnar.

Hann hvatti stjórnvöld til þess að endurreisa hvolfþak moskunnar en hvatti landsmenn jafnframt til þess að sýna stillingu.

Árásirnar í Bagdad urðu þrátt fyrir að bæði íraskir og bandarískir hermenn hafi stóreflt öryggisgæslu í Bagdad og vinni hörðum höndum að því að koma á friði í höfuðborginni. - gb



**SVARTUR DAGUR Í BAGDAD** Íbúar í Bagdad syrgja ættingja sína og vini. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrillur Þjóðverji í Maníla:

## Lét buxur falla á flugvellinum

**FILIPPSEYJAR, AP** Þýskur ferðamaður á sjötugsaldri sem lét stranga öryggisgæslu á flugvelli í Maníla á Filippseyjum fara í taugarnar á sér kom pirringi sínum á framfæri með því að girða niður um sig buxurnar þegar hann var beðinn um að fara í gegnum gegnumlýsingartækið í annað sinn.

Öryggisvörðum var ekki skemmt yfir uppátækinu og í stað þess að fara um borð í flugvélina sem var á leið til Frankfurt þurfti Hans Jürgen Oskar von Naguschewski að dúsa í haldi lögreglu yfir helgina eftir að formleg kvörtun hafði verið lögð fram á hendur honum fyrir að brjóta gegn blygðunarkennd fólks. - sdg

Geir H. Haarde um Byrgið:

## Geðsvið Landspítala opnað

**ALÞINGI Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í umræðum um Byrgismálið á Alþingi í gær að ríkisstjórnin hefði ákveðið að geðsvið Landspítalans stæði því fólki opið sem hefði verið skjólstæðingar Byrgisins. Einnig verður myndað sérstakt teymi sérfræðinga til að annast mál þessa hóps.**



GEIR H. HAARDE

**Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar, tók mál Byrgisins til umræðu í byrjun þingfundar og urðu hvöss orðaskipti milli þingmanna. Össur og fleiri þingmenn lögðu ríka áherslu á ábyrgð í málefnum Byrgisins. Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sagði að allir sem komu að máli Byrgisins varðandi fjárveitingar og styrki til þess, hefðu verið blekktir.** - shá

# Aldraðir á biðlistum fá öryggissíma heim

**Eitt hundrað aldraðir og veikir Reykvíkingar sem eru á biðlista eftir þjónustuíbúð fá í tilraunaskyni sérstakan öryggissíma heim til sín. Reynist öryggissíminn vel gætu á bilinu 500 til 700 manns verið tengdir kerfinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Hér er um viðbótarúrræði að ræða til einstaklinga sem búa við öryggisleysi og eru á biðlista eftir þjónustu í Reykjavík,“ segir í greinargerð um nýja tegund öryggissíma á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur í samvinnu við Öryggismiðstöð Íslands.

Með því að styðja á einn hnapp komast þeir sem hafa öryggissímann í samband við starfsmann sem Öryggismiðstöð Íslands ætlar að ráða sérstaklega til verksins. Öryggissíminn verður starfræktur utan hefðbundins dagvinnutíma heimahjúkrunar og félagslegrar þjónustu, sem sagt á kvöldin, á nóttunni og um helgar.

Gerð verður tilraun með öryggissímann í sex mánuði. „Valinn verður hópur 100 einstaklinga úr röðum umsækjenda um þjónustuíbúðir og hjúkrunarrými og einstaklingar sem útskriftarteymi LSH (Landspítalans) velur,“ segir í greinargerðinni með tillögu um verkefnið sem samþykkt hefur verið í bæði velferðarráði og borgarráði.

Þrír hópar eru sagðir vera meginmarkhópar fyrir öryggissíma: fólk sem hefur verið metið í brýnni þörf fyrir hjúkrun, þeir sem eru á biðlista eftir þjónustuíbúð og sjúklingar sem eru nýútskrifaðir af spítala.

„Rökstuðningur fyrir uppsetningu öryggissíma er fyrst og fremst sá að hann auki öryggistilfinningu aldraðra einstaklinga sem búa heima, bæði þeirra sem eru á biðlista eftir þjónustu þar sem öryggissíminn myndi brúa bil meðan á bið stendur, en ekki síður myndi hann gagnast einstaklingum sem búa heima með margþætta félags- og heilbrigðisþjónustu og þurfa mikinn stuðning til að geta búið sem lengst á eigin heimili.“

Öryggissímann má nota í neyðartilfellum og ef fólk er óttaslegið eða finnur til óöryggis.

Ef tilraunaverkefnið gengur vel á að bjóða öryggissímann á bilinu 500 til 700 manns sem talið er að sé sá fjöldi sem síminn getur nýst. Miðað við að 500 manns hefðu símann er áætlaður kostnaður á ári 35 milljónir króna eða 70 þúsund krónur á hvern síma.

gar@frettabladid.is



**ALDRAÐIR** Öryggissími á að vera þáttur í að fresta því og fyrirbyggja að aldraðir þurfi að vistast á stofnun eða í þjónustuíbúð.

Grunaður um kynferðisbrot:

## Gæsluvarðhald rennur út í dag

**LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir karlmanni á fimmtugsaldri sem grunaður er um kynferðislega misnotkun gegn börnum rennur út í dag. Klámfengnar myndir af barnungum stúlkum fundust inni á tölvu mannsins. Ein þeirra er íslensk.**

**Í gær gat Björgvin Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, ekki tjáð sig um hvort gæsluvarðhaldið yfir manninum yrði framlengt.**

**Að sögn Björgvins rannsakar lögreglan einnig tölvur þriggja manna sem grunaðir eru um misnotkun gegn börnum. Ekkert hefur þó fundist í tölvunum sem gefur tilefni til að fara fram á gæsluvarðhald yfir þeim.** - ifv

Sérsveitin kölluð til á Selfossi:

## Sögðust hafa heyrt skothvelli

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi kallaði til sérsveit Ríkislögreglustjóra á sunnudagskvöld eftir að tilkynnt hafði verið um tvo skothvelli í íbúð í bænum. Þegar sveitin fór á vettvang komu húsráðendur af fjöllum, enda var þar allt með kyrrum kjörum og fólk farið í háttinn. Íbúarnir sögðust þó hafa heyrt hvellina en þeir hefðu talið að um flugelda hefði verið að ræða.

Lögreglan svipaðist um í íbúðinni en fann hvorki skotvopn né nein ummerki um að skotum hefði verið hleypt af. Af öryggisástæðum var vettvangurinn þó tryggður og fylgst með að engar óeðlilegar mannaferðir væru í hverfinu. - þsj



**FORSETI ÍRANS** Mahmoud Ahmadinejad kom fram í Good Morning America.

Sagðir útvega sprengjur:

## Íranar neita ásökunum

**BAGDAD, AP Írönsk stjórnvöld höfnuðu í gær ásökunum Bandaríkjamanna um að Íranar hefðu látið herskáa sjía í Írak fá öflugar sprengjur sem hafa orðið meira en 170 bandarískum hermönnum að bana.**

**„Það ætti að láta dómstól sanna málið og staðfesta það,“ sagði Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, í bandaríska morgunsjónvarpsþættinum Good Morning America. „Við erum á móti öllum gerðum átaka í Írak,“ bætti hann við.**

**Umræddar sprengjur eru nógu öflugar til að vinna á brynvörn herfarartækja.** - gb

Vísitala neysluverðs hækkaði frá janúar til febrúar:

## Verðbólga 7,4 prósent

**VERÐBÓLGA** Verðbólga hækkaði úr 6,9 prósentum í janúar í 7,4 prósent í febrúar á einu ári og vísitala neysluverðs án húsnæðis um 6,2 prósent. Ástæðan fyrir hækkuninni nú er fyrst og fremst kostnaður við eigin húsnæði, þar með talið hækkað markaðsverð, hækkandi vextir og hækkun á viðhaldi.



HALLGRÍMUR SNORRASON

Í tilkynningu Hagstofunnar kemur fram að áhrifa vetrarútsalna gæti enn og verð á fötum og skóm hafi lækkað um 4,1 prósent af þeim sökum. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hafi hins vegar hækkað um 1,8 prósent, þar af voru áhrif hækkunar markaðsverðs 0,27 prósent, 0,06 prósent af hækkun vaxta og 0,08 prósent vegna hækkunar á viðhaldi. Verð á mat og drykkjarvörum hélst nánast óbreytt milli mánaða og hækkaði aðeins um 0,2 prósent.

Vísitala neysluverðs í febrúar 2007 er 268 stig og hækkaði um 0,41 prósent frá fyrra mánuði. Vísitala neysluverðs án húsnæðis er óbreytt frá því í janúar, eða 245,3 stig.

Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 0,7 prósent sem jafngildir 2,9 prósenta verðbólgu á ári. Vísitala neysluverðs í febrúar 2007, sem er 268 stig, gildir til verðtryggingar í mars 2007. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar, sem breytast eftir lánskjaravísitölu, er 5.292 stig fyrir mars 2007. - ghs


BÍLL DAGSINS

NISSAN ALMERA VISIA

Nýskr. 03.03 - Beinskiptur - Ekinn 92 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.




Fiton/SÍA - Svenni Speight

## GENGIÐ 12.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,97 | 68,29 |
| Sterlingspund | 132,26 | 132,9 |
| Evra | 88,03 | 88,53 |
| Dönsk króna | 11,81 | 11,88 |
| Norsk króna | 10,876 | 10,94 |
| Sænsk króna | 9,67 | 9,726 |
| Japanskt jen | 0,5574 | 0,5606 |
| SDR | 101,21 | 101,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,1998

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þýska byggingarvöruverslunin Bauhaus byggir stórverslun við Úlfarsfell:

# Greiðir 818 milljónir fyrir lóð

**VERSLUN** Þýska byggingarvöruverslunin Bauhaus mun greiða 818 milljónir króna fyrir byggingarrétt á sex hektara lóð við Vesturlandsveg undir Úlfarsfelli. Samkvæmt samningi Bauhaus og Reykjavíkurborgar sem borgarráð hefur nú staðfest má fyrirtækið reisa allt að 24.500 fermetra byggingar á lóðinni. Lóðin er ekki byggingarhæf í augnablikinu en borgin hefur skuldbundið sig til að ljúka bráðabirgðaaðkomu og bráðabirgðatengingum vatns og rafmagns í maí næstkomandi. Endanlegar umferðartengingar og tengingar við veitukerfi borgarinnar eiga síðan aö vera tilbúnar í lok ágúst eða september. **- gar**



**LÓÐIN** Bauhaus fær byggingarrétt á sex hekturum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aðalfundur Samorku:

# Fagnar útrás

**ORKUMÁL** Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, fagnar aukinni útrás íslenskrar þekkingar á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Um þetta var ályktað á aðalfundi samtakanna í gær.

Í ályktuninni er minnst á skýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Orsök hlýnunar lofthjúps er þar sögð vera brennsla á jarðefnaeldsneyti; kolum, olíu og gasi.

Ísland er því í einstakri stöðu, segir Samorka, því um 72 prósent orkunýtingar er frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Nú séu íslenskir fjárfestar að hefja útrás í krafti þekkingar og reynslu á þessu sviði. Því er fagnað. **- kóþ**

Chavez kynnir nýja tilskipun:

# Vald yfir matvæladreifingu

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, mun kynna tilskipun síðar í vikunni sem gefur honum vald til að taka yfir stjórn á matvæladreifingu í landinu ef til skorts kemur og getur hugsanlega falið í sér matvörumarkaði og birgðageymslur.



**HUGO CHAVEZ**

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra landsins, Maria Cristina Iglesias, sagði í gær að tilskipunin myndi hjálpa til við að vinna bug á birgðavanda sem hefur valdið miklum skorti á kjöti, mjólk og sykri undanfarnar vikur.

Fulltrúar iðnaðarins segja verðstjórnun um að kenna sem neyðir smásala að selja með tapi. **- sdg**

## LÖGREGLUMÁL

### Tekinn tvisvar ölvaður

Lögreglan á Blönduósi tók átján ára mann tvisvar sinnum fyrir ölvunarakstur aðfaranótt laugardags. Maðurinn, sem býr á Skagaströnd, var fyrst tekinn ölvaður undir stýri klukkan eitt og svo aftur klukkan átta um morguninn.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um mál ákæruvaldsins á hendur Jesus Sainz síðastliðinn fimmtudag var rangt farið með dagsetningu tölvupósts sem lagður var fram í málinu og hann sagður hafa verið sendur 16. júní. Hið rétta er að tölvupósturinn var sendur 19. júní. Auk þess var sakarkostnaður í málinu sagður um fjórar milljónir króna, en hann var rúmar tvær milljónir króna.

Ranghermt var í myndatexta með frétt um 112-daginn að björgunarsveitarmenn væru að klippa brúðu út úr bíl. Hið rétta er að þarna voru slökkviliðsmenn við störf.

# Svör hjá lögreglu reyndust ekki rétt

**Aðalmeðferð í Baugsmálinu hófst í gær. Þar dró Jón Ásgeir hluta framburðar síns hjá lögreglu um meint lán til baka og sagðist ekki hafa haft allar upplýsingar. Dómara þótti sækjandi spyrja ómarkvisst og spurði sjálfur fjölda spurninga.**

**BAUGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, svaraði spurningum saksóknara fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en þá hófst aðalmeðferð í þeim hluta Baugsmálsins sem enn er til meðferðar hjá dómstólum.

Eingöngu var spurt út í þá átta ákæruliði sem snúa að meintum ólöglegum lánveitingum Baugs til tengdra aðila í gær, en Jón Ásgeir verður spurður út í aðra ákæruliði í dag og á morgun.

Jón Ásgeir sagði í gær að ekki hefði verið um eiginlegar lánveitingar að ræða, heldur hefðu ákveðnir aðilar haft viðskiptareikninga hjá Baugi. Fjárfestingafélagið Gaumur, fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs, hafi gengið á undan Baugi í fjárfestingum til að Baugur tæki ekki upphafsáhættu.

Við réttarhöldin í gær spurði Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, Jón Ásgeir meðal annars um lán til Gaums að upphæð átta milljónir króna. Sækjandinn vitnaði í lögregluskýrslu þar sem Jón Ásgeir sagði að Gaumur hefði farið í þessa fjárfestingu vegna þess að fyrirtækið hefði verið í mikilli hættu á að fara í gjaldþrot, og menn hefðu ekki viljað tengja Baug félaginu.

Jón Ásgeir gaf aðrar skýringar á þessum meintu lánveitingum í réttarsal í gær, og bar því við að á þeim tíma sem hann gaf skýrslu hjá lögreglu hefði hann talið sig þekkja staðreyndir málsins, en að vandlega athuguðu máli hefði komið í ljós að hann hafi ekki vitað söguna alla. Nú sé ljóst að SPRON hafi gefið út reikning á Gaum fyrir mistök, reikningurinn hafi í raun átt að vera á Baug. Það muni starfsmenn SPRON eflaust staðfesta fyrir dómi.



**Í DÓMSAL** Jón Ásgeir Jóhannesson (fyrir miðju) ráðfærði sig við verjanda sinn, Gest Jónsson, áður en Jón Ásgeir gaf skýrslu fyrir dómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sækjandinn spurði Jón Ásgeir einnig um það hvort hann hefði haft samband við framkvæmdastjóra þess fyrirtækis sem geymdi tölvupósta hans og Tryggva Jónssonar, fyrrum aðstoðarforstjóra Baugs, og beðið hann að eyða tölvupóstum þeirra í kjölfar húsleitar í höfuðstöðvum Baugs í ágúst 2002. Jón sagði að þetta hefði þegar verið skýrt ýtarlega fyrir lögreglu, póstur hefði aðeins verið geymdur á netþjóni hjá þjónustufyrirtækinu þar til honum var hlaðið niður í tölvur þeirra Tryggva.

BAUGS MÁLIÐ

Spurningum um hvort fartölva hans hafi eyðilagst á þessum tíma svaraði Jón Ásgeir þannig að það myndi hann ekki svo vel, en tölvur væru ólíkindatól og komið hefði fyrir að þær skemmdust, þó hann myndi ekki eftir því í þessu tilviki.

Eftir hádegishlé tilkynnti Arngrímur Ísberg dómsformaður að honum þættu spurningar sækjanda fremur „lausar í reipunum“, og því myndi dómari byrja á að spyrja sakborning út í ákæruefnið áður en sækjandi spyrði. Þetta er nokkuð óvenjulegt, því yfirleitt spyrja dómarar frekar eftir að sækjandi og verjandi hafa spurt sakborning, ef þeim þykir eitthvað sem máli skiptir ekki hafa komið fram.

brjann@frettabladid.is

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Jón Ásgeir Jóhannesson verður áfram fyrir dómi í dag, en hann mun hefja daginn á að svara spurningum verjanda síns um fyrstu ákæruliðina, áður en sækjandi fær tækifæri til að spyrja hann um aðra ákæruliði.

## ORÐRÉTT



*„Mikið eru dómarar þakklátir fyrir að málflutningurinn sé munnlegur og milliliðalaus.“*

Arngrímur Ísberg dómsformaður þegar verið var að leggja fram enn fleiri gögn við upphaf málflutnings í gær.



*„Tölvur eru ólíkindatól, þær frjósa og harðir diskar bila. Það hefur gerst hjá mér.“*

Jón Ásgeir Jóhannesson svaraði svo spurningu sækjanda um hvort gögn hefðu tapast af fartölvu hans um það leyti sem húsleit var gerð hjá Baugi árið 2002.



*„Það gerist ekkert af sjálfu sér, það eru alltaf einhverjar persónur sem taka ákvarðanir. Hver tók þessa ákvörðun?“*

Sigurður Tómas Magnússon sækjandi ítrekaði spurningu sína til Jóns Ásgeirs um það hver tók ákvörðun um að endurgreiða lán vegna hlutafjárútboðs.



*„Ég skil núna hvers vegna við þurfum að vera hérna í sjö vikur, ef þú ætlar að spyrja mig sömu spurninganna tíu sinnum.“*

Jón Ásgeir svaraði ítrekaðri spurningu sækjanda um það hver hefði komið fram fyrir hönd Fjárfestingafélagsins Gaums í viðskiptum.



*„Ég var nú að bíða eftir játningu en hún kom nú ekki.“*

Sigurður Tómas svaraði spurningu dómara um hvort vitnum hefði fækkað vegna svara Jóns Ásgeirs, en hann hafði áður sagt að ef Jón Ásgeir gæti svarað ákveðnum spurningum myndi vitnum ef til vill fækka talsvert.






## VEÐURSPÁ



Sigríður Ólafsdóttir, Náttúrufræðingur

**Veðrabreytingar**

Sólríkt verður að líkindum um vestanvert landið í dag en éljagangur fyrir austan. Í nótt má búast við töluverðu frosti um allt land. Á morgun snýst í suðaustanátt og hlýindi berast að landinu. Á fimmtudaginn má því búast við töluverðum strekkingi um allt land og mikilli ofankomu á Austur- og Norðurlandi. Mér sýnist braut lægða vera aftur komin yfir landið með veðurhæð og vætu um helgina.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hægviðri og skýjað. Hiti 0-3 gráður. Frystir í nótt.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg suðaustanátt, 3-10 m/s.

*» fimmtudagur*




Vaxandi suðaustanátt með deginum, 7-16 m/s.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C skúrir | London | 9°C skýjað | Alicante | 18°C skýjað |
| Þórshöfn | 5°C skúrir | París | 4°C skýjað | Mallorca | 16°C skýjað |
| Osló | -5°C snjókoma | Frankfurt | 8°C skúrir | Algarve | 18°C skýjað |
| Stokkhólmur | -2°C snjókoma | Friedrichshafen | 8°C skúrir | Krít | 17°C skúrir |
| Gautaborg | 1°C snjókoma | Berlín | 6°C skúrir | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# HÆTTU BARA Í RÆKTINNI



## Nýr og veglegri Corolla







**Meira innanrými**

Enn fullkomnari vél

Framúrskarandi aksturseiginleikar

Hátt endursöluverð

Enn meiri þægindi

Glæsilegri

Hljóðlátari

Stærri

Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýjum Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Nýr Corolla er bíllinn sem þig langar í, bíllinn sem leyfir þér að vera eins og þú vilt, þar sem þú nýtur þín best.

**Verð frá 2.069.000*. kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35606 01/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér stjórnmálaumræða áhugaverð?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,1% |
| Nei | 55,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kannt þú skyndihjálp?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Fékk fimmfaldan lífstíðardóm árið 1985 fyrir aðild að níu morðum:

# Leiðtoga Baader-Meinhof sleppt

**BERLÍN, AP** Þýskur dómstóll ákvað í gær að veita einum fyrrverandi leiðtoga hryðjuverkahópsins Rauðu herdeildarinnar reynslulausn úr fangelsi. Brigitte Mohnhaupt hefur afplánað 24 ár af fimm lífstíðardómum sem hún var dæmd til árið 1985 fyrir aðild sína að níu morðum auk annars. Verður henni sleppt 27. mars.

Rétturinn ákvað að Mohnhaupt uppfyllti skilyrði til reynslulausnar og samfélaginu stafaði ekki lengur hætta af henni að sögn talskonu réttarins sem tók sérstaklega fram að ákvörðunin væri lagaleg eðlis og ekki byggð á miskunnsemi. Mohnhaupt verður á fimm ára skilorði.



**BRIGITTE MOHNHAUPT** Gegndi lykilhlutverki í röð mannskæðra árása árið 1977 sem hafa verið kallaðar „Þýska haustið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Baader-Meinhof samtökin, sem nefndu sig Rauðu herdeildina, störfuðu á tímabilinu 1970 til 1998 og börðust liðsmenn þeirra gegn því sem þeir töldu kapítalíska kúgun á verkalýðnum og heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. Meðal aðferða sem hópurinn beitti voru mannrán, bankarán og vopnaðar árásir á þekkta einstaklinga úr stjórnmálum og viðskiptalífi. Rauða herdeildin myrti alls 34 manns og hundruð slösuðust í aðgerðum hópsins.

Mohnhaupt var fyrst handtekin árið 1972 og sat í fimm ár í fangelsi. Innan árs var hún handtekin aftur en þá sleppt eftir sex mánuði. Árið 1982 var hún handtekin í þriðja skiptið og hefur setið inni síðan. **- sdg**

Hagar hf. um matarverð:

# Birta verðlækkun á heimasíðu

**MATARVERÐ** Fyrirtækið Hagar hf. birti á heimasíðu sinni í gær upplýsingar um væntanlega verðlækkun á mat- og drykkjarvörum. Fyrirtækið rekur verslanirnar Hagkaup, Bónus og 10-11.

Á heimasíðunni má sjá lækkun á virðisaukaskatti á fjölmörgum tegundum matvæla, hvaða flokkar bera vörugjöld og hvort þau falla niður eða ekki. Virðisaukaskattur lækkar 1. mars næstkomandi og telja forstöðumenn Haga að niðurfelling vörugjalda skili sér að fullu í lækkuðu vöruverði á sex til sjö vikum. **- shá**

**VESTURLAND**

### Brunavarnaátak í sveitum

Búnaðarsamtök Vesturlands segja mikla bruna hafa orðið í sveitum landsins á síðastliðnum árum. Því verði staðið fyrir átaki í brunavörnum þar sem þættir á borð við aðgengi að vatni, efni í húsum, flóttaleiðir og slökkvibúnað verði skoðaðir.

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Ríkið styrki strætóferðir

Bæjarráð Hafnarfjarðar vill að stjórn Strætó bs. taki upp viðræður við umhverfisráðuneytið og samgönguráðuneytið um mögulega þátttöku ráðuneytanna í kostnaði við gjaldfrjálsar almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Krónikan
» NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGAR 414 9400 auglysingar@kronikan.is
ÁSKRIFTIR 414 9400 askrift@kronikan.is



Þarftu stærri bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér hentuga lausn til þess að eignast draumabílinn.
Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.
Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga
LÝSING
LYSING.IS // 540 1500

# 380 milljarðar renna til samgöngumála

**Áætlað er að 380 milljarðar renni til samgöngumála til 2018. Áhersla á vegamál eykst frá fyrri samgönguáætlun. Unnið verður að byggingu tvennra jarðganga á hverjum tíma. Lengingu flugbrautar á Akureyrarflugvelli verður lokið árið 2009.**

**SAMGÖNGUMÁL** Í samgönguáætlun 2007 til 2018, sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kynnti í gær, er gert ráð fyrir að rúmlega 380 milljörðum króna verði varið til samgöngumála á næstu tólf árum. Af þeirri upphæð renna kringum 324 milljarðar króna eða 85 prósent til vegamála. Til flugmála renna um 35 milljarðar og 22 milljarðar króna til siglingamála. Áætlunin er tvíþætt: annars vegar áætlun til næstu fjögurra ára og hins vegar stefnumótandi áætlun til tólf ára. Áætlunin verður lögð til afgreiðslu fyrir Alþingi sem ákvarðar framkvæmdir í samgöngumálum á næstu árum.

Framlög til vegamála hækka nokkuð í nýrri samgönguáætlun. Framlögin til vegamála verða 105 milljarðar árin 2007 til 2010, 130 milljarðar árin 2011 til 2014 og 121 milljarður á síðasta tímabilinu. Framlög til vegamála voru innan við 80 milljarðar árin 2003 til 2006.

Verja á um 42 milljörðum króna til vegaframkvæmda á landsbyggðinni og um 37 milljörðum til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Þá verður tæpum 38 milljörðum ráðstafað til jarðganga. Í áætluninni er lagt til að unnt verði að vinna við gerð tvennra jarðganga samtímis í stað einna á gildandi samgönguáætlun.



**SAMÖGNUÁÆTLUN KYNNT** Hringvegurinn verður breikkaður frá Selfossi upp í Borgarnes. BB/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON



**FÁSKRÚÐSFJARÐARGÖNG** Verja á 38 milljörðum til jarðganga til ársins 2018 og unnið verður að byggingu tvennra ganga á hverjum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hringveginn á að breikka í áföngum. Fyrst frá Selfossi upp í Borgarnes og síðar frá Markarfljóti að Selfossi og frá Borgarnesi til Akureyrar. Samtals er gert ráð fyrir 33 milljörðum króna í þetta verkefni. Sundabraut er á dagskrá strax frá og með þessu ári, gert er ráð fyrir átta milljörðum til þeirrar framkvæmdar á fyrsta tímabilinu og tólf milljörðum á árunum 2011-2014.

Til flugmála verður varið alls um 35 milljörðum króna. Meðal umfangsmikilla verkefna sem ráðist verður í árin 2007 til 2010 má nefna samgöngumiðstöð í Reykjavík og lengingu flugbrauta á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun vegna lengingar flugbrautar á Akureyrarflugvelli til suðurs árin 2008 og 2009.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að ráðast megi í nokkur viðamikil verkefni sem fjármögnuð verða með sérstakri fjáröflun. Má þar nefna framkvæmdir eins og samgöngumiðstöð í Reykjavík, átak í breikkun og endurbótum á aðalvegum út frá Reykjavík til austurs og norðurs og smíði og rekstur Bakkafjöruferju. Með sérstakri fjáröflun er átt við einkaframkvæmd, sérstaka lántöku eða nýja gjaldtöku af umferðinni.

svavar@frettabladid.is

Karlmaður dæmdur til að afplána 240 daga eftirstöðvar reynslulausnar:

# Bundu mann og misþyrmdu

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Hæstarétti til að afplána 240 daga eftirstöðvar tveggja ára fangelsisrefsingar, en fangelsismálastofnun hafði veitt honum reynslulausn. Hæstiréttur staðfestir þar með úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur.

Maðurinn er grunaður um rán frelsissviptingu og hlutdeild í hættulegri líkamsárás í lok janúar. Þá höfðu hann og kærasta hans verið í íbúð hjá manni um nótt við neyslu fíkniefna. Ók húsráðandi kærustu mannsins heim, en maðurinn varð eftir. Þegar húsráðandi kom til baka saknaði hann fartölvu og fleiri muna úr íbúðinni og maðurinn var á bak og burt. Húsráðandi hafði samband við kærustu mannsins sem kvaðst hafa haft uppi á tölvunni og væri á leiðinni með hana. Nokkru síðar ruddust maðurinn og kærastan, ásamt tveim karlmönnum, inn í íbúðina. Þau bundu húsráðanda á stól, settu golfkúlu í munn hans, límband fyrir munninn og gúmmíhettu á höfuð hans. Þau lömdu hann síðan, meðal annars með járnkylfu. Hann féll í gólfið og þá spörkuðu þau í hann. Loks helltu þau yfir hann kveikjarabensíni og hótuðu honum. Svo létu þau greipar sópa um íbúðina og stálu bíl húsráðanda.




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Þar hafði maðurinn verið dæmdur í fangelsi í apríl 2005.

Þung viðurlög liggja við brotum af þessu tagi, eða allt að sex ára fangelsi. **- jss**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8167

# GLITNIR STYRKIR UNIFEM Á ÍSLANDI

Glitnir hefur gerst bakhjarl UNIFEM á Íslandi með 10 milljón króna framlagi til starfsemi samtakanna. Tilgangurinn er að leggja UNIFEM lið í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum og stuðla þannig að aukinni velgengni allra samfélaga um allan heim.

Markmið UNIFEM er að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna, stuðla að aukinni þátttöku þeirra í stjórnun, pólitískri stefnumótun og ákvarðanatöku og því að mannréttindi kvenna séu virt.

Frekari upplýsingar um UNIFEM og hvernig þú getur lagt þitt af mörkum má finna á www.unifem.is.

**ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI**

GLITNIR






Nokkrar hliðar á sjálfbærum samgöngum skoðaðar á ráðstefnu á Akureyri:

# Minni mengun með dísilbílum

**UMHVERFISMÁL** Ein besta aðferðin til að draga úr mengandi útblæstri frá bílum er að skipta bensínbílum út fyrir dísilbíla að sögn Sigurðar Friðleifssonar frá Orkusetrinu. Þetta kom fram í erindi sem hann hélt á ráðstefnu um sjálfbærar samgöngur sem haldin var á Akureyri um helgina.

Sigurður benti á að olíunotkun í samgöngum á íbúa hefði aukist mikið að undanförnu og sömuleiðis útblástur koltvísýrings. Sagði hann ýmis ráð til vera til að draga úr honum, meðal annars notkun innlends eldsneytis á borð við rafmagn, vetni, metan og lífdísil í stað bensíns.


**MENGUN Í STÓRBORG** Á síðasta ári seldust 610 Toyota Rav4 jepplingar. Aðeins 21 var með dísilvél. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Máli sínu til stuðnings tók Sigurður sem dæmi að á síðasta ári hefðu 610 Toyota Rav4 jepplingar selst en af þeim hefði aðeins 21 verið með dísilvél. Væri hlutfallið öfugt hefði mátt minnka útblástur koltvísýrings um 5.226 tonn á líftíma bílanna sem Sigurður reiknaði níu ár.

Skipulagsmál og ferðavenjur voru einnig meðal umræðuefna og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kynnti samgönguáætlun, sem verður lögð fyrir Alþingi í vikunni. Markmið hennar eru greiðari samgöngur, öryggi og jákvæð byggðaþróun. Umhverfisskýrsla fylgir henni í fyrsta sinn. Er Ísland á meðal fyrstu Evrópuríkja sem fer af stað með slíkt mat á landsvísu. - rve

# Meirihluti vill ekki heilsársveg um Kjöl

**Tveir af hverjum þremur á höfuðborgarsvæðinu andsnúnir veginum. Meirihluti landsbyggðarfólks vill að vegurinn verði lagður. Stjórnarmaður hjá Norðurvegi segir ekki óeðlilegt að landsbyggðarfólk vilji að vegurinn verði lagður.**

**SAMGÖNGUMÁL** Rúm 57 prósent þeirra sem tóku afstöðu í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins um fyrirhugaða lagningu heilsársvegar yfir Kjöl vilja ekki að vegurinn verði lagður. 799 Íslendingar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni voru spurðir um afstöðu sína til lagningar vegarins og tóku 82 prósent afstöðu. Sextán prósent aðspurðra voru óákveðin og tvö prósent vildu ekki svara.

Fyrirtækið Norðurvegur ehf. vill leggja veginn frá Gullfossi að Silfrastöðum í Skagafirði. Ætlunin með veginum er að tengja Suðurland og Norðurland. Samkvæmt skýrslu sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri vann fyrir Norðurveg mun vegalengdin á milli Reykjavíkur og Akureyrar styttast um 47 kílómetra ef vegurinn verður lagður og leiðin milli Selfoss og Akureyrar um 141 kílómetra.

Andstaðan við lagningu vegarins er meiri í þéttbýli en á landsbyggðinni. Tveir af hverjum þremur aðspurðum á höfuðborgarsvæðinu eru á móti lagningu hans en rúmlega helmingur fólks á landsbyggðinni vill að vegurinn verði lagður.

Færri konur en karlar vilja að vegurinn verði lagður: tæp 40 prósent kvenna og 45 prósent karla.

Kjartan Ólafsson, stjórnarmaður í Norðurvegi og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að ekki sé óeðlilegt að fleiri íbúar á landsbyggðinni vilji að vegurinn verði lagður. Kjartan segir að könnunin sannfæri hann um að lagning vegarins sé stórt byggðamál fyrir fólk á landsbyggðinni. Hann segir að niðurstaðan sýni líka fram á lagning vegarins hafi ekki verið nægilega vel kynnt á meðal landsmanna en að ætlunin sé að bæta úr því.

Norðurvegur hyggst innheimta vegatoll, 2.000 krónur fyrir fólksbifreiðar, til að greiða niður þá rúmlega fjóra milljarða sem talið er að framkvæmdin muni kosta. Samkvæmt áætlunum Norðurvegar verður búið að greiða kostnaðinn niður á sextán til átján árum. Að sögn Kjartans er áætlað að eftir það komist vegurinn í ríkiseign.




Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, fagnar niðurstöðunni í könnuninni. Hann segir að hún staðfesti þá trú sem meðlimir samtakanna hafi borið í brjósti: að náttúruverndarhyggja meðal Íslendinga hafi farið vaxandi. Hann segir helstu rökin gegn veginum vera þau að hann verði eins og ör í landslagi Íslands. ingifreyr@frettabladid.is







**ABU OMAR** Var rænt í Milanó árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannrán CIA á Ítalíu:

# Látinn laus í Egyptalandi

**KAÍRÓ, AP** Egypski múslimaklerkurinn Osama Hassan Mustafa Nasr, einnig þekktur undir nafninu Abu Omar, hefur verið látinn laus í Egyptalandi. Egypskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að ástæðulaust væri að hafa hann í haldi.

Bandarískir leyniþjónustumenn eru taldir hafa rænt honum í Mílanó á Ítalíu árið 2003 og notið til þess aðstoðar ítalskra leyniþjónustumanna. Síðan hafi þeir flutt hann með leynilegu flugi til Eyptalands, þar sem hann sjálfur segist hafa sætt pyntingum.

Ítalskir saksóknarar hafa rannsakað ránið á Abu Omar og telja það brot gegn fullveldi Ítalíu. - gb

HAFÐU ÞAÐ **FLOTTASTA** Í STURTUNNI!

**SÉR TILBOÐ!**
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

## - beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum



VELDU
ÞITT GLER
EFTIR STÆRÐ



**GLERENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og110 sm

**GLERHURÐIR** stærðir
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 130 og 140 sm

VELDU
RENNIHURÐ
ÚR GLERI
EFTIR STÆRÐ



**GLERENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

**GLERRENNIHURÐIR** stærðir
80 sm, 85 sm, 90 sm

STURTUHORN
ÚR GLERI
- beint á gólf



VM 321
8 mm öryggisgler
Rammalaust bogahorn
m krómfestingum



VM 531
8 mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




# e-kortið er gott fyrir veskið

**Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands**



Þú sækir um á www.ekort.is

**Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið**

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort

Þjóðaratkvæðagreiðsla í Portúgal um fóstureyðingar:

# Vinna að frumvarpi

**PORTÚGAL, AP** Ríkisstjórn Portúgals hóf í gær gerð frumvarps sem gerir konum kleift að fara í fóstureyðingu fram á tíundu viku meðgöngu kjósi þær svo.

Þrátt fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla um slíkt frumvarp, sem fram fór á sunnudag, hafi verið ógild sökum of lítillar kjörsóknar segir Jose Socrates, forsætisráðherra Portúgals, að af þeim sem kusu hafi 60 prósent viljað leyfa fóstureyðingar sem gefi honum lögmæti til að koma breytingunum á með frumvarpi í þinginu þar sem flokkur hans er í meirihluta.

Stjórnarandstöðuflokkar hafa lýst yfir að þeir muni ekki standa í vegi fyrir slíku frumvarpi.



**JOSE SOCRATES FORSÆTISRÁÐHERRA PORTÚGAL** Í Portúgal eru ein ströngustu lög um fóstureyðingar í Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

Kjörsóknin á sunnudag var rétt innan við 44 prósent en hún þarf að vera yfir 50 prósent til að atkvæðagreiðslan teljist gild. Sama gerðist árið 1998 þegar kosið var um sama mál.

- sdg



**STÆKKUN ESB FAGNAÐ** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, fyrir miðri mynd, fagnaði þegar fulltrúar nýju ríkjanna bættust í hóp framkvæmdastjórnarinnar í síðasta mánuði. Vinstra megin stendur Leonard Orban frá Rúmeníu, en hægra megin er Meglena Kuneva frá Búlgaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# EES-greiðslur Íslands hækka

**Enn er ólokið samningum um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópska efnahagssvæðinu. Sendiherra Íslands í Brussel segir að til lengri tíma litið gæti það orðið vandamál. Ósamið um greiðslur til ESB.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Meira en mánuði eftir að Rúmenía og Búlgaría gengu í Evrópusambandið hefur enn ekki verið samið um aðild þessara tveggja ríkja að Evrópska efnahagssvæðinu, eins og þó ber að gera án tafar samkvæmt ákvæðum samningsins um EES.

„Ástæðan er einfaldlega sú að við höfum ekki náð saman, EFTA-hliðin og ESB-hliðin, um fjárhæðir og nánara fyrirkomulag um það hvernig þessum greiðslum skuli háttað út af inngöngu nýju ríkjanna,“ segir Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra í Brussel, sem hefur tekið þátt í samningaviðræðunum um stækkun EES.



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNSSON**

Þegar tíu ný ríki fengu aðild að Evrópusambandinu þann 1. maí árið 2004 tókust í tæka tíð samningar um samhliða stækkun EES. Nú hafa tvö ríki enn bæst í hópinn og fer Evrópusambandið fram á að EFTA-ríkin þrjú, Ísland, Noregur og Liechtenstein, greiði 33,8 milljónir evra á ári vegna stækkunarinnar og Noregur greiði að auki 37,3 milljónir. Fyrir Ísland myndi þetta þýða að greiðslur hækki um um það bil 150 milljónir króna á ári, en greiðslur Íslands í þróunarsjóð EFTA nema nú um 500 milljónum króna.

„Við höfum sett fram óskir um að á móti okkar framlagi komi frekari ívilnanir á ákveðnum sjávarafurðum sem ennþá ber að tolla í ESB og höfum verið að bíða eftir viðbrögðum frá ESB um það,“ segir Stefán Haukur. „En þetta tengist líka því að Norðmenn eru að semja tvíhliða við ESB og eiga svolítið eftir í land þar. Við náum ekki að ljúka þessum viðræðum um EFTA/EES-sjóðinn fyrr en Norðmenn hafa líka lokið sínum tvíhliða viðræðum.“

Af hálfu ESB hefur þetta mál algeran forgang í samskiptum við EES, sem þýðir meðal annars að ekkert af lögum og ákvörðunum ESB tekur gildi innan EES fyrr en stækkunarmálið hefur verið leyst.

„Ef þetta dregst til lengri tíma þá mun þetta þýða að EES-samningurinn mun ekki þróast í takt við þróun innri markaðarins. Það myndi grafa undan þessari einsleitni sem þarf að ríkja á öllu EES-svæðinu, það er ESB-megin og svo hjá Íslandi, Noregi og Liechtenstein. Þannig að til lengri tíma gæti þetta vissulega orðið vandamál þó að við munum ekki finna fyrir þessu neitt að ráði í fyrstu.“

Stefán segir þó enga hættu á því að EES-samningurinn verði í uppnámi vegna málsins.

„Vissulega er þetta óheppilegt að við náðum ekki að ljúka þessum viðræðum áður en Búlgaría og Rúmenía gengu í ESB, en EES-samningurinn er alls ekki í hættu. Það er allt of djúpt í árinni tekið. Ég er sannfærður um að við munum leysa þetta á næstu vikum.“

gudsteinn@frettabladid.is

Samtök orkufyrirtækja álykta:

## Fagna aukinni útrás þekkingar

**ORKUMÁL** Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, fagna aukinni útrás þekkingar á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Hlýnun jarðar kallar á aukinn hlut endurnýjanlegra orkugjafa, og ljóst er að Íslendingar munu leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu.

Í ályktun aðalfundar Samorku kemur einnig fram að á Íslandi komi um 72 prósent heildarorku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og nær hundrað prósent ef litið er til raforkuframleiðslu og húshitunar. Í löndum Evrópusambandsins er hlutfallið ekki nema sjö prósent. - sþs

Fulltrúar Atlantsolíu telja að sjálfsafgreiðslustöðvum fjölgi miðað við þróun mála í Danmörku:

# Telja að þjónustustöðvum muni fækka

**ÞJÓNUSTA** Mönnuðum bensínstöðvum fækkar um fimm til sjö á höfuðborgarsvæðinu næstu þrjú ár að mati fulltrúa Atlantsolíu, sem byggja mál sitt á þróun mála í Danmörku.

„Þróunin verður sú að sjálfsafgreiðslustöðvum fjölgar á kostnað þjónustustöðva,“ segir Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu. „Ástæðan er sú að sífellt fleiri nýta sér sjálfsafgreiðslu, þar sem afsláttur á milli hennar og þjónustu hefur aukist um allt að 60 prósent. Þjónustustöðvar munu því smám saman heltast úr lestinni.“

Máli sínu til stuðnings vísar Albert til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á erlendum vettvangi. „Íslenskir ferðamenn sjá að þjónustustöðvum hefur fækkað töluvert úti,“ segir hann. „Sem dæmi hefur um hundrað bensínstöðvum verið lokað eða breytt í sjálfsafgreiðslustöðvar í Danmörku.“

Albert segir sams konar þróun eiga eftir að verða hérlendis á næstu árum. Eins og staðan er séu Íslendingar á frumstigi þeirrar þróunar. „Það segir sig sjálft að fólk velur sjálfsafgreiðslu fram yfir þjónustu, þar sem hún er ódýrari. Svo er meiri hagur af sjálfsafgreiðslustöðvum þar sem þær eru minni um sig en þjónustustöðvar og taka þar af leiðandi minna pláss. Þetta er óhjákvæmileg þróun sem fyrirtækin eru að búa sig undir.“

Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri neytendasviðs hjá Skeljungi, er ekki jafn viss um að þróunin verði þessi. „Ég tel að sjálfsafgreiðslustöðvum muni fjölga hraðar en þjónustustöðvum. Þannig að hlutfallslega séð mun þjónustustöðvum kannski fækka, þótt núverandi þjónustustöðvum loki ekki. Ég tel að fólk sæki eftir sem áður í það sem þar er í boði, hvort sem það er til að láta mæla olíu eða kaupa rúðusköfu og þar fram eftir götum.“ - rve



**BENSÍNSTÖÐVAR** Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, telur að þjónustustöðvum fækki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VATNAROTTA** Maðurinn taldi sig vera að skjóta á slíkt dýr.

Hélt að maður væri rotta:

## Skaut kafara beint í andlitið

**BANDARÍKIN, AP** Maður einn í Oregon-ríki í Bandaríkjunum skaut kafara með 22 kalíbera riffli í andlitið. Hann taldi sig hafa hæft vatnarottu og brá heldur í brún þegar sannleikurinn kom í ljós.

Byssumaðurinn og vegfarandi komu kafaranum til hjálpar. Hann var samstundis fluttur á sjúkrahús og gekkst þar undir átta klukkustunda langa aðgerð til að fjarlægja byssukúluna og beinbrot úr andliti. Kúlan lenti við hægra eyra mannsins, sem jafnar sig nú eftir aðgerð.

Byssumaðurinn var kærður fyrir ólöglegan vopnaburð og eignarhald á eiturlyfjum. - rve

Maður gripinn á Sauðárkróki:

## Með á fimmta tug gramma af kannabisefnum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Sauðárkróki handtók á laugardagskvöld tæplega fertugan karlmann eftir að á fimmta tug gramma af hassi hafði fundist í fórum hans. Maðurinn var handtekinn í íbúð þar sem hann var gestkomandi. Hann hefur ekki áður komist í kast við lögin vegna fíkniefnamála.

Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á Sauðárkróki er gengið út frá því að maðurinn hafi ætlað efnin til eigin neyslu þar sem engir fjármunir eða aðrar vísbendingar um sölu fundust við leit á honum. Maðurinn gekkst við eignarhaldi á efnunum og telst málið að fullu upplýst. - þsj

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Megi reykja á svölum

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar telur ekki rétt að banna reykingar á á svölum hjúkrunar- og dvalarheimila eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum. Einnig telur félagsmálanefndin að leyfa eigi afdrep fyrir reykingar í fangelsum og á hjúkrunar- og dvalarheimilum.




## Svona erum við

> Fjöldi kvenna sem kjörnar voru til Alþingis




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: FÓSTUREYÐINGAR

# *Löggjöfin frjálslegust á Vesturlöndum*

Um helgina kusu Portúgalar um hvort leyfa ætti fóstureyðingar fram á 10. viku meðgöngu. Andstaða við fóstureyðingar hefur minnkað þar í landi á undanförnum árum en landið er eitt fjögurra Evrópuríkja þar sem lög um fóstureyðingar eru hvað ströngust. Hin löndin eru Malta, Pólland og Írland.

**Hvers vegna er fólk á móti?** Andstaða við fóstureyðingar er oftast af siðferðislegum eða trúarlegum toga og kannanir sýna að þeir sem eru á móti slíkum aðgerðum byggja skoðun sína einna helst á þeim rökum að ekki megi deyða saklausa mannveru. Mótrök þeirra sem eru hlynntir fóstureyðingum snúa oft að því að fóstur á fyrstu vikum meðgöngu séu ekki eiginlegar mannverur og að konan eigi að hafa frelsi til að ráða yfir líkama sínum og lífi.

**Hvar eru fóstureyðingar bannaðar?** Þau lönd eru ekki mörg þar sem fóstureyðingar eru með öllu bannaðar. Fyrir skömmu voru samþykkt ný lög í Níkaragva sem banna fóstueyðingar með öllu, jafnvel þótt líf móður sé í hættu eða henni hafi verið nauðgað. Sambærileg lög eru við lýði í nokkrum íslömskum ríkjum í Afríku og Austurlöndum nær. Víðast hvar á Vesturlöndum eru fóstureyðingar leyfðar þótt reglur um þær séu æði misjafnar.



**Hvernig er málum háttað hérlendis?** Í núgildandi lögum um fóstureyðingar á Íslandi er kveðið á um að fóstureyðing sé heimil af læknisfræðilegum og félagslegum ástæðum og að hún skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngutímanum, helst innan 12 vikna meðgöngu. Áður en fóstureyðing er heimiluð verður konan að gera grein fyrir aðstæðum og ástæðum fyrir umsókninni. Auk þess verður rökstudd greinargerð tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa að liggja fyrir. Eftir 16. viku er fóstureyðing eingöngu heimiluð af læknisfræðilegum ástæðum.

**Hversu algengar eru fóstureyðingar?** Árið 2004 voru framkvæmdar 889 fóstureyðingar á Íslandi. Í sjö tilfellum var móðirin yngri en 15 ára en flestar konurnar voru á aldrinum 20 - 24 ára. Flestar voru ekki í sambúð.

**SPURT & SVARAÐ**
INNBROT Í TÖLVUR?

## *Eldveggur skiptir mestu*



JÓN R. KRISTJÁNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNA OG MÚSA.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að tölvuhakkarar nýttu sér helst augljós lykilorð og fáfræði tölvunotenda til að brjótast inn í tölvur.

**Eru innbrot í tölvur svona auðveld?**
„Innbrot eru tiltölulega auðveld en menn verða að vita hvernig þeir eiga að komast inn í tölvurnar. Þessir menn verða að hafa einhver forrit til að eiga samskipti við tölvuna og þeir þurfa helst upplýsingar um IP-töluna til að geta átt þessi samskipti.“

**Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir innbrot?**
„Það er náttúrlega eldveggur eða vörn í samskiptatólinu. Síðan þarf að vera með tölvuna vel vírusvarða. Forrit þar sem verið er að skiptast á gögnum geta verið hættuleg. Hinn hefðbundni notandi ætti að hugsa um að vera með sæmilegan eldvegg og innganginn á tölvuna sína þokkalega vel varinn með lykilorði.“

# Royal reynir að ná vopnum sínum

**Klaufaleg ummæli á ferðalögum erlendis og meintur skortur á stefnufestu hefur lækkað flugið á kosningabaráttu franska sósíalistans Segolene Royal. Aukið fylgi mælist við höfuðkeppinautinn á hægri vængnum, Nicolas Sarkozy.**

Sjálf kallar frambjóðandinn Royal það „þátttökulýðræði“. Gagnrýnendur hennar segja þá hátt í 5.000 umræðufundi sem haldnir hafa verið á liðnum vikum í flokksdeildum franska Sósíalistaflokksins vítt og breitt um landið undir yfirskriftinni „frambjóðandinn hlustar“ endurspegla að hana skorti skýra pólitíska sýn. Hún reyni að láta afrakstur „hlustunarherferðarinnar“ koma í staðinn fyrir sannfærandi eigin stefnumið.




**ROYAL HLUSTAR** Segolene Royal á kosningafundi. Slagorðið á púltinu þýðir: „Framfarir fyrir alla. Hver og einn njóti virðingar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### „Hlustunarherferð“ lokið

Afrakstur herferðarinnar var kynntur í formi 100 punkta stefnuskrár á sunnudag. Royal hélt af því tilefni nærri tveggja klukkustunda ræðu að viðstöddum hátt í 20.000 stuðningsmönnum í ráðstefnumiðstöð í Villepinte í útjaðri Parísar. Þar sagði hún „hlustunarfasa“ kosningabaráttunnar hafa skilað góðum árangri; sér fyndist hún standa betur að vígi eftir að hafa hlustað a hugmyndir óbreyttra flokksmanna. „Með mig í forsetastól munu stjórnmál aldrei fara fram án ykkar,“ lýsti hún yfir við mikinn fögnuð viðstaddra.

Meginatriðin í hinni 100 punkta stefnuskrá snúa að félagslegum þáttum svo sem hækkun lágmarkslauna, lífeyris- og atvinnuleysisbóta. Hún vék í ræðu sinni einnig að utanríkismálum, sem almennt eru ekki álitin hennar sterka hlið. Hún hvatti til sterks Evrópusambands, að Afríku væri gefinn meiri gaumur og tengsl efld við Rússland. Frakkland ætti jafnframt að vera traustur bandamaður Bandaríkjanna, án þess þó að láta ráðamenn í Washington spila með sig.

### Gagnrýnd fyrir reynsluleysi

Auk þess að hafa bakað sér með „hlustundarherferðinni“ ásakanir um lýðskrum og stefnuleysi hefur vafasamur árangur af ferðum hennar á erlendri grundu á undanförnum vikum lækkað flugið á kosningabaráttu Royal. Í ferðirnar fór hún til að sýna og sanna að hún væri eins vel heima á þeim vettvangi og heima fyrir, en klaufaleg ummæli bæði í ferð til Kína í janúar og til Líbanon nú á dögunum hafa spillt mjög fyrir þeim ásetningi.

Gagnrýnendur Royal, bæði innan Sósíalistaflokksins og sérstaklega í herbúðum höfuðkeppinautarins Sarkozys, halda því fram að hana skorti reynslu og þekkingu á alþjóðamálum til að vera treystandi fyrir forsetaembætti kjarnorkuveldis. Reynsla hennar af ríkisstjórnarþátttöku takmarkaðist við að fara með fjölskyldumál og um tíma umhverfismál, í forsetatíð Francois Mitterrand.

Sarkozy gagnrýndi Royal í ræðu á sunnudag með því að segja að hugmyndir hennar væru aðeins sniðnar að því að falla félögum í Sósíalistaflokknum í geð. Hann vildi ólíkt henni tala til allra Frakka.

Francois Rebsamen, kosningastjóri Royal, vísaði gagnrýni Sarkozy á bug og sagði hana ekkert annað en „innantóm viðbragðsstjórnmál“.

### Sarkozy á siglingu

Á sama tíma hefur kosningabarátta Sarkozys komist á góða siglingu síðan hann hlaut formlega útnefningu stjórnarflokksins UMP með pompi og pragt hinn 13. janúar. Jafnframt framboðinu er hann enn innanríkisráðherra í óvinsælli ríkisstjórn Chirac-skjólstæðingsins Dominique de Villepin og af ráðherradómi hyggst hann ekki láta fyrr en í marz eða um mánuði áður en fyrri umferð forsetakosninganna fer fram hinn 22. apríl.

Þetta hefur reyndar orðið tilefni gagnrýni. Sem innanríkisráðherra er Sarkozy yfirmaður lögreglunnar og leyniþjónustunnar. Kosningastjórar hans hafa verið sakaðir um að fá leyniþjónustuna til að safna upplýsingum um tiltekna ráðgjafa Royal og hann hefur sjálfur verið sakaður um að beita áhrifum sínum til að Parísarlögreglan lét einskis ófreistað til að hafa uppi á þjófum skellinöðru sonar hans.

Lengi vel var fylgi þeirra Royal og Sarkozy nánast hnífjafnt í skoðanakönnunum, en í þeim síðustu hefur heldur dregið í sundur með þeim. Þegar svarendur eru beðnir að velja á milli þeirra tveggja mælist Sarkozy nú með 53-54 prósenta fylgi en Royal með 46-47 prósent.

### Sýnir nánd við Engilsaxa

Sarkozy lagði mikið upp úr óvenjulegri kosningabaráttuferð út fyrir landsteinana á dögunum, er hann ávarpaði hluta þeirra á að gizka 300.000 Frakka sem búa og starfa í Lundúnaborg. Þar bar hann út boðskap sinn um hið „niðurnjörvaða samfélag“ í Frakklandi, sem hann ætlaði sér að leysa úr viðjum, fengi hann til þess umboð kjósenda. Það fór ekki á milli mála hvaða skilaboð hann vildi gefa er hann heilsaði upp á Tony Blair í Downingstræti og lét sjónvarpsmyndavélar elta sig í heimsókn á vinnumiðlun í Lundúnum: Bretum hafi tekist betur að hlúa að atvinnulífinu (með regluverki sem ýtir undir frumkvöðlastarfsemi, skapar störf og heldur atvinnuleysi lágu) og sem forseti myndi hann taka þá sér til fyrirmyndar til að breyta þessu í Frakklandi.



**SARKOZY VINSÆLL** Kona kyssir frambjóðandann Nicolas Sarkozy á kosningafundi í Toulon í S-Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slík nánd við „engilsaxneska frjálshyggju“ þykir reyndar vafasöm í augum margra Frakka. „Má vera að hagvöxtur hafi verið meiri í Bretlandi, en það er mikið ójafnaðarsamfélag þar sem milljónir manna lifa í fátækt,“ hefur breska vikuritið The Economist eftir ónafngreindum eldri frammámanni í franska Sósíalistaflokknum. Eric Besson, efnahagsmálaráðgjafi Royal, kallaði Sarkozy nýlega „amerískan ný-íhaldsmann með franskt vegabréf“.

### Vill tala til fjöldans

Ástæðunnar fyrir því að Sarkozy sækist eftir þessari nánd kann að vera að leita í því að hann vilji máta sig sem valkost við fráfarandi forsetann Jacques Chirac, sem eitt sinn sagði að það væri „ekkert til að öfundast út í eða taka sér til fyrirmyndar í bresku samfélagi“. Með því að sýna sig með engilsaxneskum vinum sínum undirstrikar Sarkozy hve frábrugðinn hann er þeim sem fara fremstir fyrir hinni óvinsælu ríkisstjórn sem hann situr sjálfur enn í.

Þá áhættu sem Sarkozy kann að vera að taka með frjálshyggju-engilsaxanándinni reynir hann reyndar að jafna út með ræðum með íhaldssamari sjónarmiðum, svo sem um að hart skuli tekið á glæpum og þjóðin vernduð fyrir hvers konar vá.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is




Síðustu sætin – ótrúleg kjör

Vilnius býður allt það sem ferðamenn sækist eftir í borgarferð; fjölbreytta og spennandi menningu, fallegar byggingar, glæsilega gististaði, skemmtilegar verslanir og úrvals veitingahús. Auk þess er næturlífið fjörugt og fjölbreytt. Vilnius er rómuð fyrir fegurð borgarinnar og gestrisni borgarbúa.



Frá kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. Netverð á mann. 29. apríl - 3. maí. Takmarkaður sætafjöldi á þessu tilboði.

Frá kr. 39.990
– flug & gisting í 4 nætur
Flug, skattar og 4 nætur á Europa City *** m/morgunverði. Netverð á mann. 29. apríl - 3. maí.

Frá kr. 49.990
– flug & gisting í 3 nátta helgarferð
Flug, skattar og 3 nætur á Europa City *** m/morgunverði. Netverð á mann. 3.-6. maí.

ENNEMM / SIA / NM26087

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

TERRA NOVA

# SAMSUNG kæli- og frystiskápar



**RSEB8JPUS** - Stál
Hæð 187,4 | Breidd: 94 | Dýpt: 67,8
kælir er 296 l og frystir 199 l alls 495.
Orkunotkun 529 kwh á ári. **399.000,-**

## NÝ TÆKNI SILVER NANO

sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla** í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun**.

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.

**RS21DGUS** - Burstað stál
Burstað stál með vatni og klaka. Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
*Tilboð* **219.900,-**



## Stál - kámfríir SAMSUNG

Kynntu þér SILVER NANO



**RS21KCSM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
Kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l. Orkunotkun 538 kwh á ári.
*Tilboð* **199.900,-**



**RS21DNSM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.
**209.900,-**

# Dyrnar að þínum draumum

## Skápur til innbyggingar

## Rústfrítt stál SAMSUNG



**RS21KLSR** - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla. Kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l.
Orkunotkun 538 kwh á ári.
**299.900,-**

## Einfaldir kæliskápar SAMSUNG



**RL39WBMS** - Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn. Kælir 241 l og frystir 104 eða alls 345 l. Orkunotkun er 404 kwh á ári.
**99.990.-**

**RL36EBSW**
Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir. Kælir 221 l og frystir 104 l. Orkunotkun 394 kwh á ári.
**79.990.-**

**RL39WBSW** - Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn. Kælir 241 l og frystir 104 eða alls 345 l. Orkunotkun er 404 kwh á ári.
**89.990.-**

**RL39EBSM**
Stál lakkaður
192 cm á hæð, kælir og frystir. Kælir 246 l og frystir 104 l. Orkunotkun 404 kwh á ári.
**89.990.-**

## Hvítir kæliskápar SAMSUNG



**RS21DASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.
**189.900,-**



**RS21NASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð. Kælir 346 l og frystir 211 l eða alls 557 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
**139.900,-**



**RS21FASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l. Orkunotkun 538 kwh á ári.
**199.900,-**

## 11 ORMSSON VERSLANIR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON**<br>LÁGMÚLA 8<br>SÍMI 530 2800 | **ORMSSON**<br>SMÁRALIND<br>SÍMI 530 2900 | **ORMSSON**<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | **MODEL**<br>AKRANESI<br>SÍMI 431 3333 | **BÓKABÚÐIN**<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | **ORMSSON**<br>RADIONAUST<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 |
| **ÁRVIRKINN**<br>SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | **ÞRISTUR**<br>ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | **VÍK**<br>NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | **VÍK**<br>REYÐARFIRÐI<br>SÍMI 474 1477 | **VÍK**<br>EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | |

ORMSSON
ormsson.is

imago | 03010701




Gildir 13. febrúar á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
Samsölu beyglur 3 teg.
BEYGLUR
BESTAR RISTAÐAR!
99 kr/stk.
Þykkmjólk 4 teg.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Brazzi
99 kr/pk.
Frón kremkex 260 g
Krem kex
99 kr/stk.
Pepsi Max 2 lítra
99 kr/pk.
Prins Polo 4 stk. í pk
99 kr/pk.
Svínabuff 3 stk.
99 kr/stk.
Kavíar 3 teg.
99 kr/pk.
Örbylgju hrísgrjón
99 kr/stk.
Sápudýr
99 kr/stk.
GK ís 2 teg.
99 kr/pk.
Bláber 125 g
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytt sjónarmið ráða nú viðhorfi til barna.

# Viðhorf byggt á virðingu

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Ekki eru nema fáir áratugir síðan litið var á börn á Íslandi sem vinnukraft. Skólaganga þeirra miðaðist við sauðburð og réttir og sjálfsagt þótti að gefa börnum frí í skóla þegar mikill afli barst að landi, til að bjarga verðmætum. Viðhorfið var að börn hefðu gott af því að vinna og að þau yrðu ekki að manni nema að finna fyrir mótlæti. Þessi viðhorf einkenndu allt starf með börnum. Þau einkenndu skólastarf, að minnsta kosti víðast hvar, og þau einkenndu ekki síst það starf sem unnið var með börnum sem á einhvern hátt þóttu hafa afvegaleiðst. Virðing fyrir börnum, lífi þeirra og gildismati var ekki sett á oddinn.

Hugmyndin að baki því að einangra börn sem voru á skjön við kerfið, ýmist vegna þess að þau þóttu hafa afvegaleiðst eða vegna þess að foreldrar þeirra þóttu ekki færir um að annast þau, byggir á þessu gamla viðhorfi. Að fjarlægja börnin úr umhverfi sínu, láta þau vinna og finna til mótlætis átti að herða þau og gera þau með því að betri mönnum.

Þessari aðferð fylgdi ekki bara djúp sorg barnanna, sem í þessar aðstæður voru komin, vegna aðskilnaðar frá fjölskyldu og umhverfi. Þær gátu einnig verið kjörlendi fyrir fólk sem leitaði útrásar fyrir vanlíðan sinni með því að beita börnin ofbeldi. Einangrunin gerði það að verkum að hægt reyndist um vik að fela það sem fram fór. Viðhorfið að börn ættu að finna fyrir mótlæti í einhvers konar betrunarvist orsakaði það að almenningur, foreldrar, kennarar og skyldmenni barnanna skelltu við skollaeyrum þegar þau reyndu að tjá sig um það sem fram fór, meira að segja barnaverndaryfirvöld sem ráðin höfðu tekið af foreldrum og áttu að gæta hagsmuna barnanna.

Viðhorf til barna í íslensku samfélagi hafa góðu heilli breyst. Íslendingar eru aðilar að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa þar með samþykkt að öll börn eiga að búa við mannréttindi og tjáningarfrelsi. Þau eiga rétt til mannsæmandi lífs og þau eiga líka rétt til einkalífs. Þessi viðhorf eiga að vera, og eru víðast hvar, leiðarljós í starfi með börnum. Sagan af Breiðavíkurdrengjunum er því sem betur fer ekki líkleg til að endurtaka sig.

Sagan af Breiðavíkurdrengjunum og mörgum öðrum börnum sem vistuð voru við aðstæður þar sem þau gátu ekki myndað þau grunntengsl við foreldri eða uppalanda sem hverju barni eru nauðsynleg, gerir þó að verkum að íslenskt samfélag verður að gera upp við hin úreltu viðhorf til barna. Mikilvægt er að veita þeim aðstoð sem um sárt eiga að binda vegna meðferðar og æsku. Hitt er ekki síður mikilvægt að styðja enn betur við gott starf sem unnið er með börnum, starf sem byggir á faglegum metnaði og virðingu fyrir börnum og mannréttindum þeirra. Með því verður komið í veg fyrir að sagan endurtaki sig.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

AÐALFUNDUR EJS

Hér með er boðað til aðalfundar í EJS hf., kt. 610502-2530 sem verður haldinn í starfsstöð félagsins að Grensásvegi 10, 4. hæð, þriðjudaginn 20. febrúar 2007 kl. 16:00.

Fundarefni:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samþykkt ársreiknings 2006
3. Önnur mál

Virðingarfyllst,
stjórn EJS hf.

Það er til lausn á öllu
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000
EJS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjórar ritvélar



Menn kvarta sáran yfir miklu magni gagna sem til falla vegna Baugsmálsins svokallaða. Forstjóri Baugs, Jón Ásgeir Jóhannesson, mætti með Bónuspoka undir gögn sem hann hafði með sér í réttinn. Ekki nægði taskan. Og líklega munu fleiri gögn falla til áður en málið er úti. Í héraðsdómi í gær mátti sjá fjóra aðstoðarlögmenn verjenda vélrita upp á fartölvu allt sem fram fór á milli Sigurður Tómasar Magnússonar og Jóns Ásgeirs. Nauðsynlegt er fyrir verjendur að hafa skjalfest sem allra fyrst það sem sagt er. Spurning hvort lagadeildir þurfa ekki að bæta við námskeiði í vélritun í skyldunámið.

### Átján áhorfendur

Búið er að hreinsa út fjölmörgum sætum í héraðsdómi til að koma öllu aðstoðarfólki verjenda Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar fyrir. Sérstakt borð hefur verið sett upp þar sem fólkið getur haft nauðsynleg gögn og tölvur. Fyrir vikið komast mun færri að inni í réttarsalnum. Á hurðinni stendur skýrum stöfum að fjöldi áhorfenda sé takmarkaður við átján. Þá er bara gamla góða lögmálið sem gildir: Fyrstir koma, fyrstir fá.

### Enn á sjúkrahúsi



„Lítil tíðindi eru héðan úr sjúkrastofunni. Batinn er hægur en vonandi öruggur,“ skrifar Björn Bjarnason á heimasíðu sinni á laugardaginn. „Nú hef ég verið hér á Landspítalanum síðan á mánudag og hefur mér liðið vel miðað við aðstæður mínar. Hið eina sem á skortir er að minn eigin líkami færist í samt lag og sárið á lunganu grói. Atlætið er gott og vel um mig hugsað,“ skrifaði dómsmálaráðherra á laugardaginn. Eins og komið hefur fram féll hægra lunga Björns saman í síðustu viku. Ástæðan er að gat kom á lungað og loftið fór út í brjóstholið. Ráðherrann segir samt ekki allan vind úr sér enn.

bjorgvin@frettabladid.is

# Hefur almenningur áhrif?



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Í DAG | Okur

Ég sperrti upp augun um daginn þegar ég heyrði einn ráðherranna segja að nú þyrfti almenningur, eins og hann sagði, að láta til sín taka. Vegna þess, sagði hann sá ágæti maður, almenningur hefur valdið. Vá, hugsaði ég, þetta er flott!

Væri ekki gaman ef þetta væri rétt hjá ráðherranum að almenningur, við, réðum einhverju? En auðvitað var þetta bara bull og lýðskrum af verstu tegund. Kannski jafnvel meira en það. Ég allavega spyr sjálfa mig, höfum við, almenningur, fólkið, þú og ég haft eitthvað að segja hér í þessu þjóðfélagi undanfarin ár? Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki.

Undanfarin fjöldamörg ár, hefur verið við völd ríkisstjórn sem kærir sig kollótta um hvað okkur finnst. Hún hefur notfært sér það sem fylgismenn hennar telja að felist í þingræði. Hún kemur fram vilja sínum, hún kemur því fram sem henni þóknast. Utan einu sinni á fallegu sumri að við sögðum hingað og ekki lengra, eða kannski forsetinn í nafni okkar. Þá ákvað ríkisstjórnin að sniðganga stjórnarskrána og þjóðina í leiðinni. Ríkisstjórnin varð undir og í stað þess að leyfa okkur, fólkinu í landinu, að segja hug okkar, þá bakkaði þingmeirihlutinn og sagði eins og þegar eitthvað klikkar í bíó; „taka tvö“. – Nema í alvöru heimi, okkar venjulega heimi þá er ekki til „taka tvö“ – ég trúi því þó að við erum mörg sem vildum að svo væri. Gætum bara bakkað og sagt „taka tvö“ þegar eitthvað fer öðru vísi en við hefðum helst kosið. – Þeir sem völdin hafa hér á landi bjuggu þann undraheim til fyrir sig en ekki fyrir okkur.

Á þessum fjöldamörgu árum hefur margt breyst. Fyrirtæki starfa í allt öðru umhverfi en áður – til heilla fyrir okkur öll. Það er ekki ríkisstjórninni að þakka, heldur löggjöfinni sem við tókum yfir með EES-samningnum. Í því andrúmslofti hafa mörg falleg blóm í viðskiptalífinu blómstrað.

Ekki nóg með EES-samninginn sem ríkisstjórnin á ekkert í, heldur hefur einkavæðing líka breytt þjóðfélaginu. Einkavæðingin hefði samkvæmt kennslubókunum átt að verða til bóta. Ötul talskona sem ég er þess þjóðfélagsmunsturs þar sem ríkið er ekki með puttana alls staðar, er ég meira en lítið hugsi yfir hvernig einkavæðingin gekk fyrir sig. Allt virðist hafa verið selt bestu vinum stjórnmálamannanna á undirverði. Nú baða nýju eigendurnir sig í einum allsherjar gróða sem kona skilur hvorki upp né niður í.

*Undanfarin fjöldamörg ár, hefur verið við völd ríkisstjórn sem kærir sig kollótta um hvað okkur finnst.*

Hér er að verða til þjóðfélag sem gengur út á snobb fyrir peningum, frægð og völdum. Auðmennirnir nýju virðast ekki kunna mannasiði, þeir spreða left, right og centre og kalla þá forpokaða leiðindapúka, sem skilja ekki að þeir vilji hafa almennilega skemmtikrafta í afmælinu sínu – hafandi borgað fyrir þá af auði sem þeim áskotnaðist á fáum árum vegna þess að þeir gátu keypt fjölskyldusilfur þjóðarinnar á tombóluverði.

Kona furðar sig ekki á þessari hegðan, því landsfeðurnir sem gæta eiga fjöreggsins eru ekki til fyrirmyndar. Þeir hafa með lagasetningu skammtað sér lífeyri sem er úr takti við það sem annað launafólk í þessu landi á að venjast. Það er grátbroslegt að þeir sömu valdhafar skirrast ekki við að segja að lífeyrismálum sé hvergi jafn vel fyrir komið og hér á landi þegar þau fá tækifæri til. Þegar ég heyri slíkar yfirlýsingar frá ráðamönnum spyr ég mig hvort þeir séu að tala um eigin kjör, eða okkar hinna. Það er nefnilega ein stór lygi að lífeyriskjör almennings í okkar fagra landi séu i lagi. – Það er bara svoleiðis!

Upphaf þessa reiðilestrar var að ráðherrann sagðist treysta á almenning. Nú eigum við, þessar elskur, að sjá til þess að kaupmennirnir stingi ekki í eigin vasa virðisaukaskattinum sem á að lækka 1. mars. Mér sýnist nú á buddunni minni að það sé búið að hækka allt, þannig að eftir 1. mars þá verðum við í sömu sporum og við vorum í nóvember. Eitt fyriræki auglýsir meira að segja að það sé búið að lækka virðisaukaskattinn. Galdurinn hlýtur að liggja í því að þeir ætli að minnka okrið í einn mánuð eða svo og síðan að vera á sama okurskalanum og fyrr eftir 1. mars. Er hægt skilja þetta háttalag öðruvísi?

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Metnaður á öllum sviðum

UMRÆÐAN

Alcan



EYÞÓR SIGFÚSSON

Alcan á Íslandi hefur mikinn metnað til að vera meðal þeirra fremstu varðandi frammistöðu í umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismálum.

Að uppfylla þann metnað og að standast markmið og væntingar, krefst skuldbindingar allra starfsmanna fyrirtækisins. Með því að gera umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál að grundvallarþáttum í daglegri stjórnun, hefur fyrirtækið náð framúrskarandi árangri við stjórnun málaflokkanna. Vitund og menning varðandi umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál er á háu stigi þar sem mikil þekking hefur byggst upp meðal starfsmanna fyrirtækisins.

Með stöðugum umbótum og árangursríku stjórnkerfi er leitast við að þróa og innleiða tækninýjungar og skilgreina besta verklag. Stefna fyrirtækisins varðandi ofangreinda málaflokka er mótuð af og endurspeglar gildi fyrirtækisins sem eru heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna.

Einn af mikilvægustu þáttum í stefnu Alcan er ekki einungis að fylgja lögum og reglum, heldur er metnaðurinn sá að ganga ávallt skrefinu lengra en viðeigandi lög, reglur og innri staðlar segja til um. Einnig er stefna fyrirtækisins að gera reglulega úttektir á starfsemi fyrirtækisins og skýra opinberlega frá frammistöðu og þannig stuðla að opnum og gegnsæjum samskiptum og byggja upp langtímasamband við hagsmunaaðila. Mikil forvarnavinna liggur að baki árangri fyrirtækisins í málaflokkunum. Til að mæta kröfum sem gerðar eru til fyrirtækisins er mikið og öflugt starf unnið daglega varðandi málaflokkana. Sem dæmi má nefna áhættugreiningar, innri og ytri úttektir, mælingar í umhverfi og vinnuumhverfi, þjálfun og fræðslu, rekstur slökkviliðs ISAL, neyðarvarnastjórn, grænt bókhald, skráningu og rannsókn atvika.

Með áhættugreiningum leitast Alcan á Íslandi við að koma í veg fyrir áhættu í starfsemi fyrirtækisins og að meta þá áhættu sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Ráðist er á rót áhættunnar til að lágmarka líkur á atvikum (slysi eða tjóni) og til að draga úr afleiðingum hugsanlegra atvika.

Mikill samstarfsvilji er hjá fyrirtækinu og mikilvægt er fyrir alla, ekki síst Hafnfirðinga, að gera sér grein fyrir því mikla starfi og þeim mikla metnaði sem Alcan hefur varðandi umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál. Þann 14. febrúar nk. mun Alcan, í samvinnu við Stjórnvísi, halda morgunverðarfund um umhverfis- og vinnuumhverfisstjórnun fyrirtækisins. Einnig verður fjallað um hvernig áhættugreiningar fyrirtækisins falla að nýrri reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006.

Skráning á fundinn er á heimasíðu Stjórnvísi (www.stjornvisi.is).

*Höfundur er verkfræðingur og leiðtogi áhættustýringa hjá Alcan á Íslandi.*



## PERSÓNULEIKARASKANIR

Hvað þýðir það að vera sefasjúkur eða með jaðar-persónuleikaröskun? Hörður Þorgilsson sálfræðingur segir greiningar á persónuleikaröskun umdeilanlegar.

HEILSA 4

## FISKUR FYRIR HEILSUNA

Lýðheilsustöð og Félag smábátaeigenda vilja stuðla að aukinni fiskneyslu til heilsubótar fyrir landsmenn, með útgáfu bæklingsins Borðum meiri fisk.

HEILSA 6





## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Heilbrigði** og forvarnir í sókn – með samtakamætti landsmanna er kjörorð nýrrar stefnu í forvarnamálum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur mótað. Stefnumótunin byggir á heilbrigðisáætlun til 2010 og aðgerðaáætlun Lýðheilsustofnunar og er markmiðið að við alla ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu verði lýðheilsa höfð að leiðarljósi. Búist er við að á þessu ári verði fimmtíu til sextíu milljónum króna varið í þetta verkefni.



**Verkefnið** Hreyfing fyrir alla sem er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands hófst í síðustu viku. Markmið verkefnisins er að fá fleiri til að hreyfa sig reglulega og mun það fara fram í nokkrum sveitarfélögum landsins.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 13. febrúar, 44. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.31 | 13.42 | 17.54 |
| Akureyri | 9.24 | 13.27 | 17.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Jón segir skipta máli að búa yfir góðri einbeitingu og tæknikunnáttu í bogfimi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Krefst einbeitingar

*Jón Eiríksson lætur ekkert aftra sér frá því að stunda bogfimi.*

Jón Eiríksson hefur stundað bogfimi frá því að íþróttagreinin var tekin upp hérlendis með stofnun Íþróttafélags fatlaðra 1974.

„Íþróttafélag fatlaðra tók þessa íþróttagrein upp á sína arma,“ útskýrir Jón. „Félagsskapurinn hefur alltaf verið blandaður og fasti kjarninn í kringum tíu manns. Töluvert rennsli hefur hins vegar verið á mönnum frá stofnun félagsins. Ég tók tölurnar saman um daginn og útkoman var um 200 manns.“

Að sögn Jóns hefur félagsskapurinn aðstöðu í húsi Íþróttafélags fatlaðra að Hátúni 14. „Við hittumst þrisvar sinnum í viku, í um það bil tvo til tvo og hálfan tíma í senn. Innandyra erum við að skjóta af átján metra færi. Við höfum verið utandyra á sumrin þegar veður leyfir og þá er skotið af þrjátíu metra færi. Það er hins vegar keppt upp í allt að níutíu metra færi á erlendum mótum. Það er reyndar algengur misskilningur að mikla krafta þurfi í bogfimi. Þvert á móti er þetta íþrótt sem krefst töluverðrar tæknikunnáttu og einbeitingu. Hún reynir því ekki síður á hugann heldur en líkamann.“

Þrátt fyrir fámennan hóp segir Jón að Íslendingum hafi vegnað ágætlega á mótum erlendis. „Í fyrra fóru tveir á mót í Hollandi og stóðu sig þokkalega vel. Svo höfum við reglulega heimsótt klúbba í Þýskalandi. Mestmegnis hefur þetta verið einstaklingsframtak, eins og gildir oft um fámennar íþróttagreinar. Því miður höfum við þó ekki getað tekið á móti erlendum gestum vegna aðstöðuleysis.“

Jón segir margt á döfinni hjá félaginu. „Fram undan er innanfélagsmót og Íslandsmót í mars, sem haldið er á vegum Íþróttasambands fatlaðra. Svo býst ég við að bogfiminefnd ÍSÍ standi fyrir mótinu á árinu, en Íþróttafélag fatlaðra hefur aðild að sambandinu.“

*roald@frettabladid.is*






**Gott skap** og jákvæðni getur gert gæfumuninn. Það er margsannað að jákvætt fólk er líkamlega heilbrigðara en fýlupokarnir, svo það borgar sig að byrja að brosa.

SLENDERTONE
Nýjar línur á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr 19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný tæki - Léttari greiðslur
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Fyrir konur á breytingaskeiði
SOLARAY Dong Quai
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
13. febrúar Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli...?! Edda Björgvinsdóttir leikkona
15. febrúar Heilsukostur-Matreiðslunámskeið Meistarakokkar Maður lifandi
20. febrúar Lífstíll, mataræði og óæskileg röskun á örveruflóru líkamans Helgi Valdimarsson læknir
27. febrúar Hreinsun líkamans með jurtum og mat Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
01. mars Heilsukostur - Matreiðslunámskeið Meistarakokkar Maður lifandi

BIO-FEM
BRJÓSTAKREM
Inniheldur eingöngu náttúruleg efni og þarf því ekki að fjarlægja af geirvörtu fyrir brjóstagjöf
BIO-FEM Instant Relief
NEW Instant Moisturising Balm to prevent sore nipples

Baðvogir
BOSCH
Baðvog, PPW 2200
Fullkomin baðvog sem mælir þyngd, fitu og vatnsprósentu.
Tækifærisverð: 9.900 kr.
BOSCH
Baðvog, PPW 5310
Fullkomin baðvog sem mælir þyngd, fitu, vöðva og vatnsprósentu.
Minni fyrir 10 einstaklinga.
Tækifærisverð: 8.800 kr.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is
ATARNA – STÍNA M. / FÍT



Guðrún Sigmundsdóttir læknir segir enga ástæðu til að óttast inflúensufaraldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tuttugu hafa þegar greinst

***Tuttugu manns hafa greinst með innflúensu það sem af er árinu.***

Fyrsta inflúensutilfellið greindist nú á milli jóla og nýárs. Það er töluvert fyrr en á síðasta ári þegar flensunnar varð fyrst vart í febrúar. Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnarsviði Landlæknisembættisins, segir áhyggjur þó óþarfar. Tímasetningin sé eðlileg og meðferðarúrræði góð.

„Tuttugu manns hafa greinst með inflúensu frá því í desember og viðbúið er að sú tala hækki á næstu dögum, eftir að niðurstöður koma úr fleiri rannsóknum,“ segir Guðrún. „Raunveruleg tala þeirra sem veikjast í samfélaginu er hærri, þetta eru bara greind tilfelli á rannsóknastofunni. Fólk þarf þó engar áhyggjur að hafa af því að heimsfaraldur sé á næsta leiti. Þetta er þessi dæmigerða inflúensa sem berst árlega hingað til lands, um svipað leyti og á Norðurlöndunum.“

Að sögn Guðrúnar er inflúensa veirusýking, sem skipta má í tvo flokka, nánar tiltekið A og B og er A sú algengari. „Einkenni inflúensu eru þau að maður fær háan hita fyrirvaralaust, sem fylgir oft þurr hósti, höfuðverkur, nefrennsli, hálssárindi og beinverkir. Sumir rugla inflúensu saman við kvef. Munurinn er sá að kvefinu fylgir lægri hiti og meira nefrennsli. Í stuttu máli sagt verður maður veikari af inflúensu en kvefi.

Áður en inflúensan berst til landsins, eru sýni tekin til að spá fyrir um komu hennar. Hins vegar er ekki alltaf þörf á að greina inflúensu með sýni, þar sem hún gengur oftast yfir,“ útskýrir Guðrún. „Það er yfirleitt bara nóg að greina sjúkdóminn eftir einkennunum.“

Guðrún segir að hægt sé að nota veirulyf til að meðhöndla inflúensu, svo sem „tamiflu“ og „relenza“. „Til að lyfin beri sem bestan árangur, þarf bæði að greina inflúensu og hefja meðferð sem fyrst. Meðferð tekur fimm daga og styttir veikindatímann. Langflestum batnar hins vegar af sjálfsdáðum. Þó er hætt við að eldri borgarar fái fylgikvilla inflúensu í kjölfarið, til að mynda lungnabólgu.“

Þá segir Guðrún að tilmæli séu frá sóttvarnalækni að eldri borgarar og þeir sem eru með undirliggjandi sjúkdóma láti bólusetja sig gegn innflúensu. „Það hefur gengið ágætlega að bólusetja í ár, en yfirleitt eru bólusettir á bilinu 50.000-55.000 manns. Fyrirtæki eru einnig í síauknum mæli farin að panta skammta fyrir starfsmenn.“

Í lokin mælir Guðrún með að þeir sem veikist af inflúensu taki sér góðan tíma til að jafna sig. Þá sé reglulegur handþvottur góð aðferð til að forðast útbreiðslu veirunnar.

*roald@frettabladid.is*



**Persona.is**

SÓLEY JÖKULRÓS EINARSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Úr rúminu á ról

Flestir kannast við að koma sér ekki af stað í verkin sem fyrir liggja þótt fólk fresti því misjafnlega lengi. Á meðan einn kemur sér ekki fram úr rúminu klukkan sex á morgnana til að fara í líkamsrækt áður en hann vinnur sinn tíu tíma vinnudag þá er annar sem kemur sér ekki fram úr rúminu yfirleitt. Það er eðlilegt að eiga misgóða daga en þegar framkvæmdaleysið er farið að trufla daglegt líf þarf að taka í taumana.

Þegar depurð hvílir yfir fólki virðast verkefnin og vandamálin vaxa svo um munar. Hér eins og annars staðar er það hugsunin sem skiptir máli. Depurðinni fylgja ýmsir fylgifiskar, s.s. hrakspár um útkomuna, vantrú á eigin getu og í kjölfarið vonleysi þar sem allt sýnist óyfirstíganlegt. Þegar sinnuleysið dregst á langinn bætist svo kvíðinn við því að allt stefnir í óefni. Kvíðanum fylgir óskýr hugsun og vandamálin verða í brennidepli. Þannig hefur myndast vítahringur sem oft reynist þrautinni þyngri að rjúfa.

Ef við ættum að halda af stað einn daginn og ganga alla þá kílómetra sem við eigum eftir að ganga um ævina myndum við trúlegast bara setjast niður og andvarpa. Það er enginn stuðningur í því fólginn að hugsa um framtíðina sem eitt stórt verkefni, heldur ætti frekar að hugsa um eitt skref í einu, misstórt eftir hverjum og einum. Við erum nú einu sinni misjafnlega stórstígt fólk. Á meðan einn þraukar frá mánuði til mánaðar, hugsar annar milli klukkustunda. Lausnin felst ekki í að bíða eftir andagiftinni til að koma manni í gang. Hvatinn kemur ekki á undan virkninni heldur öfugt.

Sú tilhneiging fólks að líta framhjá því jákvæða, t.d. að hafa komið einhverju í verk, ýtir undir frekara aðgerðaleysi og depurð sem viðheldur vítahringnum. Kannaðu því hvaða hugsanir það eru sem standa í vegi fyrir virkninni. Til að hafa möguleika á að afsanna þessar neikvæðu staðhæfingar og hrakspár er nauðsynlegt að skrá niður dagsverkið. Virkniskráning er því fyrsta skrefið í því að koma sér aftur af stað.

Í fyrsta lagi eru verkefni vikunnar skráð í hefðbundna stundatöflu. Mikilvægt er að skrá raunhæf verkefni í töfluna en ekki það sem þú hefðir viljað komast yfir, og gjarnan byrja á léttustu verkunum. Í öðru lagi er spáð fyrir um bæði ánægju og erfiði verksins á kvarðanum 0–10 og það skráð í töfluna. Þegar verkinu er lokið er skráð hver raunin svo varð, hversu erfitt og ánægjulegt var að vinna verkið.

Í þriðja lagi skal skipuleggja ánægjulegar stundir og setja í töfluna fyrir hvern dag. Þetta þurfa ekki að vera tímafrekir eða stórir hlutir eins og að fara í þyrluflugferð heldur einhver gæðastund, t.d. dekurbað eða tíu mínútna lestur dagblaða áður en farið er í vinnuna.

Í fjórða lagi er afrakstur dagsins skoðaður. Gefðu sjálfum þér klapp á bakið; allt er betra en ekkert. Skoðaðu svo muninn á forspánni og raunútkomu hvað varðar ánægju og erfiði og sjáðu hvort útkoman varð ekki jákvæðari en hrakspáin sagði til um. Með þessum hætti muntu eiga auðveldara með að losa þig út úr vítahringnum því að hugsunin breytist. Þú kemst að því að þótt þú teljir verkin verða leiðinleg og erfið þá er raunin kannski önnur. Hver veit nema ferðin í ræktina færi þér frekari staðfestu til að fara aftur!

# Burstun og bætiefni

*Flestum þykir hvimleitt að líta út eins og vampíra í hvert sinn sem tennurnar eru burstaðar.*

Fjölmargir kannast við að það blæði úr tannholdi við tannburstun, sér í lagi barnshafandi konur og reykingafólk en líka aðrir.

Til þess að koma í veg fyrir tannholdsblæðingar er þó hægt að taka sitthvað til bragðs. Fyrst og fremst er nauðsynlegt að bursta tennurnar og tannholdið reglulega, jafnvel þó að blæði úr því. Það getur verið sárt en með reglulegri, ýtarlegri burstun lagast vandinn smátt og smátt. Bætiefni geta líka komið að góðu gagni til að vinna gegn eða stöðva tannholdsblæðingar. Sú meðferð sem hefur reynst mörgum áhrifarík er að nota 1.000 mg af C-vítamíni með P-vítamíni, rútíni og hesperídíni, þrisvar á dag, en frekari upplýst um þessi bætiefni er eflaust hægt að fá hjá lyfjafræðingum apótekanna.

*- mhg*



Það er fremur ógeðslegt þegar það blæðir úr tannholdinu. Til að sigrast á því er nauðsynlegt að bursta bæði tennur og tannhold vel og reglulega.

# Kopar getur valdið fæðingarþunglyndi

*Hátt koparmagn í blóði líkleg orsök fæðingarþunglyndis.*

Konur sem hafa þjáðst af fæðingarþunglyndi virðast hafa óeðlilega mikið af kopar í blóðinu, samkvæmt nýrri rannsókn. Steinefni hafa því líklega eitthvað með sjúkdóminn að gera. Margar konur fá leiða eftir fæðingu en um fimmtán prósent kvenna upplifa alvarlegt fæðingarþunglyndi. Ekki er ljóst af hverju sumar konur eru viðkvæmari fyrir þessu en aðrar en talið er að það geti skipt máli hvernig líkaminn vinnur úr kopar. Skýrt var frá niðurstöðum rannsóknarinnar í tímaritinu Journal of Trace Elements in Medicine and Biology.



Margar mæður fá leiða eftir fæðingu barns.

# Gegn ristilkrabbameini

*Hætta á ristilkrabba minnkar eftir því sem D-vítamínmagn blóðs eykst.*

Hægt er að draga úr hættunni á ristilkrabbameini með því að taka inn 1.000 til 2.000 alþjóðlegar einingar af D-vítamíni daglega. Niðurstaða þessi fékkst með því að lesa saman niðurstöður nokkurra krabbameinsrannsókna sem áður hafa verið gerðar.

Þetta stríðir þó gegn því sem áður var talið, að D-vítamín gæti ekki dregið úr hættunni á ristilkrabbameini. Menn telja það líklegt að stærð skammtarins skipti máli og getur verið að að D-vítamínskammturinn hafi ekki verið nægilega stór til að skipta sköpum.

Doktor Edward D. Gorham á rannsóknarstöð sjóhersins í San Diego og kollegar hans komust að því að eftir því sem D-vítamínmagnið jókst í blóðinu minnkaði hættan á ristilkrabbmeini. Hættan minnkaði um allt að 54 prósent hjá þeim sem voru með sem mest magn af D-vítamíni í samanburði við þá sem voru með minnsta magnið.

*- keþ*



1.000 til 2.000 alþjóðlegar einingar af D-vítamíni á dag geta dregið verulega úr hættu á ristilkrabbameini.

# Engiferrót við ógleði

*Þekktar jurtir geta haft góð áhrif á heilsuna.*

Cayenne-pipar inniheldur C-vítamín og magnesíum og örvar blóðflæði og meltingarfærin. Einnig nýtist hann í baráttuni gegn kvefi.

Kanill geturt dregið úr ógleði og niðurgangi.

Svartur pipar er góður gegn gigt, harðlífi, lofthræðslu og ógleði.

Engiferrót er góð við ógleði og með því að tyggja hana dregur hún úr særindum er fylgja hálsbólgu.


















# Þegar persónuleiki raskast

***Hvað þýðir það að vera sefasjúkur, andfélagslegur eða með jaðar-persónuleikaröskun?***

„Með orðinu persónuleikaröskun er annars vegar vísað í persónuleikann, en þá er til dæmis átt við hegðun, framkomu og ákveðinn takt sem fólk hefur í lífinu og hins vegar því þegar þessi hegðun hefur farið úrskeiðis,“ segir Hörður Þorgilsson sálfræðingur en árið 1993 kom út Sálfræðibókin sem Hörður og Jakob Smári ritstýrðu og í þeirri bók er að finna gagnlegar lýsingar á persónuleikaröskunum.

„Persónuleikaröskun er það kallað þegar hegðun manneskjunnar veldur henni vanlíðan eða öðrum óþægindum. Þannig er þetta ekki tímabundin röskun eins og oft á við um til dæmis kvíða eða þunglyndi,“ segir Hörður og bendir jafnframt á að þrátt fyrir að hugtakið hafi fest sig í sessi séu uppi misjafnar skoðanir meðal fræðimanna um gildi þessara greininga.

„Sumir halda því fram að þetta séu áhugaverðustu og alvarlegustu raskanir nútímans en allt annað sjónarhorn segir að þetta sé tilviljanakenndur grautur sem greini illa milli þeirra sem eru eðlilegir og óeðlilegir. Þannig eru þetta ekki fastar stærðir sem hægt er að mæla,“ segir hann.

„Til þess að fá formlega greiningu þarf fólk að uppfylla ákveðin viðmið, en tveir þriðju allra sem greinast með einhvers konar persónuleikaröskun uppfylla einnig skilyrði um aðra. Ástæðurnar fyrir þessu gætu verið sameiginlegir orsakaþættir, en oft eru ógreinileg landamæri á milli flokkanna.


Hörður Þorgilsson sálfræðingur segir greiningar á persónuleikaröskunum umdeilanlegar og bendir á að sumar gagnrýnisraddir telji þær jafnvel hlaðnar karllægu gildismati um hvað telst gott og gilt.

Gagnrýnisraddir benda þannig á að greiningarnar séu erfiðar viðfangs og vandmeðfarnar og jafnvel hlaðnar karllægu gildismati, enda sé ekki verið að lýsa staðreyndum heldur því hvernig við metum það hvað er gott og gilt,“ segir Hörður og nefnir að til dæmis væri hægt að búa til persónuleikaröskun í kringum dæmigerða karlrembu. „Hana gætum við kallað „sjálfstæðis-persónuleikaröskun“ sem mótsögn við persónuleikaröskun þeirra sem verða of háðir öðrum (e. dependency personality disorder). Slíkur einstaklingur myndi taka vinnu fram yfir fjölskyldu, vera tregur til að taka tillit til þarfa annarra þegar teknar eru ákvarðanir um frí eða frítíma og láta aðra um ábyrgð á mikilvægum þáttum í lífi fjölskyldunnar.“

Kenningar um orsakir persónuleikaraskana eru einnig margar og menn ekki á eitt sáttir um hvernig persónuleiki mótast.

„Fólk fæðist mismunandi og við höfum ólíka eðliseiginleika. Systkini sem alast upp við svipaðar aðstæður geta þannig verið gjörólíkir persónuleikar sem vinna misjafnlega úr sínum málum. En almennt séð má rekja þetta til uppeldishátta þar sem vanræksla, refsingar, ástleysi, misnotkun og álíka þættir koma við sögu. Af slíkum þáttum getur viðkomandi mótast og komið sér þannig upp tilfinningalífi, sjálfsmynd og hugsun eða viðhorfi sem stýrir því hvernig einstaklingurinn hegðar sér.“

*mhg@frettabladid.is*


Goðsögnin um Narkissos segir frá ungum manni sem var svo gagntekinn af sjálfum sér að hann gat ekki lagt ást á aðra. Þegar fólk er haldið sjálfsástar persónuleikaröskun hefur það ýkt mat á eigin mikilvægi, sérstöðu og hæfileikum en um leið er sjálfsmyndin brotin. Einstaklingar með þessa röskun eru sjálflægir og telja sig hafa sérstakan rétt til flestra hluta.

## Nokkrar gerðir persónuleikaraskana

Í flokkum yfir persónuleikaraskanir kennir ýmissa grasa en þær sem við heyrum oftast minnst á eru til dæmis sjálfsástarröskun, andfélagsleg persónuleikaröskun og sefasýki. Þegar einstaklingur greinist með slíka röskun er það grundvallað á því að þessir þættir hamli fólki í einkalífi eða starfi, að því marki að það sjálft eða aðrir hljóti veruleg óþægindi af. Hörður Þorgilsson gerir hér stuttlega grein fyrir nokkrum algengum persónuleikaröskunum:

**Sjálfsástar (e. narcissistic) persónuleikaröskun:**
Þegar fólk er haldið sjálfsástar persónuleikaröskun hefur það ýkt mat á eigin mikilvægi, sérstöðu og hæfileikum en um leið er sjálfsmyndin brotin. Því er umhugað um álit annara, en á sama tíma bregst það mjög illa við neikvæðu mati eða lætur eins og því sé nákvæmlega sama. Þetta er oft mikið draumórafólk sem lætur sig dreyma um afrek, völd og snilld og hefur mikla þörf fyrir athygli og aðdáun, eru yfirleitt mjög sjálflægt og telur sig hafa sérstakan rétt til flestra hluta. Vinátta getur verið svolítið brothætt hjá þeim, enda byggist hún oft á því hvað er hagstætt hverju sinni. Ástarsambönd þeirra geta líka verið brokkgeng og varað stutt, enda á það auðvelt með að verða ástfangið, en jafnframt er „ástin“ skammvinn því það kemur fljótlega í ljós að sá eða sú sem ástin beinist að er ekki fullkominn.

**Sefasýkis (e. histrionic) persónuleikaröskun:**
Þegar talað er um sefasýki er oftast átt við persónur sem eru yfirteknar af tilfinningasemi sem vekur bæði athygli og jafnvel samúð líka. Í huga sefasjúkra eru þeir mjög viðkvæmir. Þeir vilja að það sé tekið tillit til þeirra og verði þeir alteknir einhverjum tilfinningum þá ræður það ferðinni, óháð aðstæðum. Sefasjúkt fólk á erfitt með tengsl við aðra. Í upphafi kynna getur það verið hlýtt og vingjarnlegt en síðar getur þetta breyst í kröfuhörku um tíma og athygli frá öðrum. Við nánari kynni finnst því mörgum þetta oft vera grunnir og óeinlægir einstaklingar því sjálflægni þeirra kemur í veg fyrir djúp, persónuleg tengsl og sefasjúkt fólk á þannig oft erfiðara í einkalífinu heldur en starfi.

**Jaðar (e.borderline) persónuleikaröskun:**
Jaðar persónuleikaröskunin er í sama flokki og sefasýkis og sjálfsástar persónuleikaröskun. Það sem einkennir þennan hóp er mikill óstöðugleiki og hvatvísi í samskiptum, geðslagi og sjálfsmynd. Afstaða þeirra til annara getur breyst eins og hendi sé veifað og reiði eða aðrar tilfinningar geta blossað upp mjög snögglega. Slíkt geðslag leiðir oft til óæskilegrar hegðunar en þeir eiga það til að missa sig í spilamennsku, eyðslusemi eða jafnvel lauslæti. Þeir upplifa mikla óvissu um eigin gildi, hvar tryggð þeirra liggur og hvert skal yfirleitt stefnt. Einstaklingar sem fá þessa greiningu eiga yfirleitt mjög erfitt með að vera einir og því stofna þeir oft til sambanda sem eru illa ígrunduð. Ástríðufull meðan þau standa yfir en svo lýkur þeim eins og hendi hafi verið veifað. Af þessum sveiflum leiðir tómleiki og depurð og ef illa gengur er það tiltölulega algengt að fólk með jaðar persónuleikaröskun reyni að skaða sjálft sig.

**Andfélagsleg (e. antisocial) persónuleikaröskun:**
Þeir sem greinast með andfélagslega persónuleikaröskun eru gjarna einstaklingar sem horfa framhjá reglum og siðum samfélagsins og hafa lítið samviskubit yfir því. Í daglegu tali köllum við þá stundum ævintýramenn, skúrka, þá sem svífast einskis, svikahrappa eða afbrotamenn. Einstaklingur með andfélagslega persónuleikaröskun hefur oft til að bera yfirborðsþokka og góða greind. Hann hefur engar ranghugmyndir eða órökrétta hugsun og er hvorki kvíðinn eða taugaveiklaður. Hann er gjarna tungulipur og gæti þannig selt ömmu sína án þess að svitna. Samtímis eru þeir óáreiðanlegir, eiga auðvelt með að segja ósatt, sýna fá merki um iðrun eða skömm, eru almennt sjálflægir og skortir þannig eiginleikann til að mynda djúp eða langvarandi tilfinningatengsl við aðra.



Sigrún segir að einhver einkenni fyrirtíðaspennu séu algeng hjá konum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrirtíðaspenna algengt vandamál hjá konum

***Margar konur finna alltaf fyrir fyrirtíðaspennu áður en blæðingar hefjast en einkennin geta verið mismikil. Sigrún Arnardóttir kvensjúkdómalæknir segir að ýmislegt sé hægt að gera til þess að halda einkennunum niðri.***

Sigrún segir að fyrirtíðaspenna sé mjög algeng hjá konum. „Sextíu til áttatíu prósent kvenna finna einhver einkenni fyrirtíðaspennu en það eru hins vegar ekki nema svona tíu prósent sem eru með mikla fyrirtíðaspennu,“ segir hún.

Einkenni fyrirtíðaspennu eru bæði líkamleg og andleg að sögn Sigrúnar. „Líkamlegu einkennin eru þau að konum finnst þær vera uppþandar, finna fyrir brjóstaspennu, þreytu og höfuðverk. Andlegu einkennin eru einbeitingarskortur, pirringur og jafnvel þunglyndi. Dæmi eru um að konum líði það illa seinni hluta tíðahringsins að þær séu í sjálfsvígshugleiðingum en það er mjög sjaldgæft.“

Sigrún segir að ef þessi einkenni komi alltaf fram á sama tíma í mánuði og aðeins í seinni hluta tíðahringsins sé mjög líklegt að um fyrirtíðaspennu sé að ræða. Ef þau hins vegar komi fram hvenær sem er í tíðahringnum sé líklega eitthvað annað að. „Oft skella konur skuldinni á fyrirtíðaspennu en eru jafnvel með þunglyndi eða kvíða eða einhverja andlega sjúkdóma sem þær finna ekki alltaf fyrir á sama tíma í mánuðinum. Við kvensjúkdómalæknar þurfum því að fá nákvæma sögu þeirra kvenna sem leita til okkar svo við sjáum hvort þetta sé eitthvað sem við eigum að meðhöndla með hormónum eða lyfjum eða eitthvað sem við eigum að vísa áfram til geðlækna eða sálfræðinga.“

Sigrún segir að á tímabili hafi verið talið að þær konur sem fyndu fyrir fyrirtíðaspennu væru með lægra prógestron en aðrar konur og því hafi þeim verið gefið það til að reyna að halda einkennunum niðri. „Rannsóknir hafa hins vegar ekki sýnt fram á að nokkur munur sé á hormónum hjá konum sem eru með fyrirtíðaspennu og öðrum konum þannig að ástæðan virðist ekki vera hormónaskortur. Það lyf sem hefur eiginlega reynst best við fyrirtíðaspennu er þunglyndislyf í flokki sem heitir SSRI en það eykur serótónín milli frumnanna. Stundum þurfa konur bara að nota þetta lyf í seinni hluta tíðahringsins og það virðist vera nóg.“

Pillan hefur einnig verið notuð til þess að halda niðri einkennum fyrirtíðaspennu. „Hjá konum sem hafa væg einkenni fyrirtíðaspennu getur pillan verið lausnin. Margar ungar konur hafa verið settar á pilluna ef þær eru með þessi einkenni því pillan stoppar egglosið og bælir svolítið þessar sveiflur og hefur því reynst sumum mjög vel,“ segir Sigrún.

*emilia@frettabladid.is*




# Hlaupið á Kínamúrnum

15. - 28. maí

**kynningarfundur í Síðamúla 2, 14. febrúar 2007 kl. 20.00**

**5 km - 10 km - hálft maraþon - heilt maraþon**

Æðsti draumur margra hlaupara er að hlaupa á múrnum mikla í Kína og gefst hér einstakt tækifæri til að kynnast landi og þjóð í leiðinni. Markmið ferðarinnar, ásamt því að taka þátt í maraþoninu er að fara í skemmtilega skoðunarferð um þetta einstæða land, sem á sér langa og merkilega sögu. Fljúgum til Stokkhólms og áfram til Peking. Þar eru þekktir staðir eins og Torg hins himneska friðar, Forboðna borgin og Sumarhöllin skoðaðir. Farið verður í ferð á Kínamúrinn daginn fyrir hlaupið til að skoða aðstæður, en hlaupið er þann 19. maí 2007. Daginn eftir er Himnamusterið skoðað, áður en haldið er með lest til borgarinnar Xi'an, en gist er um borð í lestinni. Í þessari fornu höfuðborg Kína verður skoðaður einn merkilegasti fornleifafundur veraldar, Terrakotta herinn. Flogið tilbaka til Peking og farið í skemmtilega ferð inn í land þar sem einnig er farið í hjólaferð. Þetta er því ekki bara ferð fyrir þá sem vilja hlaupa maraþon, heldur líka þá sem vilja fara í svolítið öðruvísi ferð.

**Fararstjóri: Eggert Claessen**

**Pétur Frantzson** mun veita faglega ráðgjöf og aðstoð varðandi hlaupið

**Verð: 268.800 kr.**

Spör - Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Meðferð stöðugt betri og áhrifaríkari

***Í nýjasta hefti læknaritsins Cancer er fjallað um framfarir sem orðið hafa innan læknavísinda í baráttunni gegn brjóstakrabba. Lífslíkur aukast stöðugt.***

Baráttan gegn brjóstakrabba hófst fyrir alvöru á níunda áratugnum en þá var hafist handa við að hvetja konur til að fara í könnun reglulega. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og meðal annars komið í ljós að brjóstakrabbi er ekki einn sjúkdómur, heldur margir skyldir sjúkdómar sem fást þarf við á mismunandi hátt.

Áður fyrr var einungis boðið upp á lyfjameðferð eða skurðaðgerð en í dag er krabbamein meðhöndlað með mörgum aðferðum, jafnvel samtímis, eftir því hvað við, á með góðum árangri. Ef litið er á framfarir síðustu 20 ára er engin ástæða til að örvænta. Í grein læknaritsins Cancer er gengið svo langt að segja að hugsanlega verði uppskurður óþarfur í nálægri framtíð, svo hratt gangi að finna nýjar lækningaaðferðir með hjálp framfara í geislafræðum, erfðafræði og hormónafræði. *- tg*



Skurðaðgerðir vegna brjóstakrabba heyra sögunni til í náinni framtíð samkvæmt tímaritinu Cancer.




PANTAÐU Í SÍMA 554 6999 WWW.JUMBO.IS

Júmbó

SAMLOKUBAKKI | TORTILLABAKKI | BLANDAÐUR BAKKI

ÞÚ GETUR PANTAÐ GIRNILEGA VEISLUBAKKA FRÁ OKKUR MEÐ LITLUM FYRIRVARA

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU
Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:
I. stig helgarnámskeið 17. – 18. febrúar.
II. stig kvöldnámskeið 26. – 28. febrúar.
I. stig kvöldnámskeið 26. –28. mars.

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati
Þeir sem hafa áhuga á framhaldsnámskeiði í sjálfsstyrkingu hafi samband.
Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Fiskisúpan hjá Sægreifanum er víðfræg og því var ákveðið að boða þar til fundar um fiskneysluna. Hér er Kjartan Halldórsson, sægreifinn sjálfur, ásamt Önnu Elísabetu Ólafsdóttur, forstjóra Lýðheilsustöðvar.

# Fisk fyrir heilsuna

***Lýðheilsustöð og félag smábátaeigenda hafa gefið út bækling með 20 fiskréttauppskriftum og á hann að fara inn á hvert heimili á landinu. Með því vilja þau stuðla að aukinni fiskneyslu, til heilsubótar fyrir landsmenn.***

„Ef unglingurinn fær vondan fisk á diskinn sinn þá tekur langan tíma að fá hann að borðinu aftur þegar fiskur er í matinn. Því er meðhöndlun hráefnisins öll svo mikilvæg.“ Þetta sagði Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, á kynningarfundinum sem haldinn var í tilefni átaksins Borðum meiri fisk. Sá fundur var haldinn uppi á vinalegu loftinu hjá Sægreifanum í Geirsgötu 8 og þar var boðið upp á ilmandi fiskisúpu ásamt Ora síldarpinnum og öðru góðmeti. Að sjálfsögðu var súpan úr eðalhráefni og unglingarnir sem mættir voru úr 10. bekk Austurbæjarskóla kunnu vel að meta hana eins og aðrir viðstaddir.

Lýðheilsustöð og félag smábátaeigenda hafa sameinast um að gefa út bækling með 20 völdum fiskuppskriftum sem dreifa á um allt land. Markmiðið með því er að fá Íslendinga og þá einkum ungt fólk til að borða meiri fisk og helst ekki sjaldnar en tvisvar í viku. Það ætti að skila sér í hraustari þjóð.

Samkvæmt rannsókn Lýðheilsustöðvar minnkaði fiskneysla landsmanna um 30% frá 1990 til 2002. Minnst var hún meðal unglingsstúlkna sem einungis borðuðu sem svarar einum munnbita á dag. Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, segir þær niðurstöður mikið áhyggjuefni því fiskur sé svo hollur. „Margir vilja meina að það sé einmitt fiskinum og lýsinu að þakka hversu heilsuhraust og langlíf þjóðin hefur verið,“ segir hún og hvetur landsmenn til að bæta mataræðið og vera duglega að matreiða fisk á sem fjölbreyttastan hátt, bæði hvunndags og spari. Bæklingurinn góði á að vera gott verkfæri til þess. Þar eru uppskriftirnar merktar með stjörnum sem segja til um hversu einfaldar þær eru. Ein stjarna er einföld uppskrift. Tvær stjörnur aðeins flóknari og svo framvegis.

Í bæklingnum er líka bent á leiðir til að þekkja ferskan fisk því gæði hráefnisins skipta að sjálfsögðu miklu máli eins og vikið var að í upphafi. *gun@frettabladid.is*



Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, kveðst oft elda fisk. Hann telur mikilvægt að þjóðin geri sér grein fyrir kostum þess að hafa aðgang að fersku fiskmeti til neyslu.



Ungmennin úr 10. bekk Austurbæjarskóla, þau Liya Yirga Begaga, Þorsteinn Örn Gunnarsson, Már Másson og Elsa Kjartansdóttir fengu sér ábót af fiskisúpunni.



Áfengisauglýsingar eru taldar skapa jákvætt viðhorf til áfengisneyslu.

# Auglýsingar bannaðar

***Áfengisauglýsingar verða líklega bannaðar að einhverju leyti í Hollandi á næstunni.***

Hollenska ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp sem á að banna áfengisauglýsingar í ljósvakamiðlum fram til klukkan níu á kvöldin þar sem núgildandi reglur í landinu þykja ekki vernda börn og unglinga nægilega fyrir þeim.

Rannsóknir benda til þess að áfengisauglýsingar skapi jákvætt viðhorf til áfengisneyslu og í meirihluta Evrópusambandsríkja eru þær bannaðar algjörlega eða að hluta. *- eö*

# Umdeildar getnaðarvarnir í Ástralíu

***Ýmis form getnaðarvarna standa mannfólkinu til boða. Svipaðar aðferðir bjóðast fyrir heimilis- og húsdýr og nú vilja Ástralar kanna hvort þær séu mögulegur kostur fyrir villt dýr.***

Fjölgun aðkomudýra í Ástralíu hefur lengi verið vandamál. Þegar kanínur komu til Ástralíu gengu þær mjög nærri stofnum margra pokadýrategunda. Til að hafa hemil á kanínunum voru rauðrefir fluttir inn en fljótlega urðu þeir einnig plága. Nú vilja margir ástralskir ráða- og vísindamenn koma af stað umfangsmiklum getnaðarvarnaráætlunum fyrir villt dýr til að halda



Kanínur eru plága í Ástralíu og nú vilja ráðamenn setja þær á pilluna og stoppa fjölgunina.

tegundum eins og refum og kanínum í skefjum í eitt skipti fyrir öll.

Áætlunin felst í dreifingu ónæmisvaka með bólusetningu sem gera það að verkum að ónæmiskerfi dýranna ráðast á egg eða sáðfrumur, eða hindra nauðsynlega hormónamyndun og valda fósturláti og hindrar fjölgun dýranna. Bólusetning getur farið fram eftir ýmsum leiðum eftir dýrategundum.

Skoðanir eru mjög skiptar um ágæti áætlunarinnar. Sumir segja hana mannúðlegri en að skjóta dýr og veiða, á meðan aðrir benda á að slík herferð gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Hluti dýrastofna sé ónæmur gagnvart bólusetningunni og þeim dýrum myndi stöðugt fjölga þangað til bólusetning virkaði ekki. Þeir einstaklingar gætu verið minna hæfir í náttúrunni, til dæmis borið með sér sjúkdómsgen, en vegna bólusetningarinnar næðu þeir yfirhöndinni, tegundinni til miska.

Hugmyndir að bólusetningunni er ekki ný af nálinni og fóru fyrstu tilraunirnar fram fyrir 20 árum. *- tg*

# á traustum grunni

ÞRIÐJUDAGUR 13. FEBRÚAR 2007




## Láttu drauminn rætast - rafrænt

- Rafrænt greiðslumat
- Ráðgjöf og aðstoð
- Lánsumsóknir rafrænt á Netinu
- Svar innan fjögurra daga

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# 130 m
## á hæð

*„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“*

**Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Stöðvarhús Orkuveitunnar á Hellisheiði er tilkomumikil bygging sem óneitanlega minnir á húsnæði úr James Bond-mynd.

# Sjá fram á tvöfalt fleiri starfsmenn

● ÞG verktakar hafa mikla reynslu af framkvæmdum fyrir opinbera aðila, fyrirtæki og einstaklinga ásamt því að byggja atvinnu- og íbúðarhúsnæði á eigin vegum. Reynslubankinn stækkar ört en fram undan er meðal annars bygging 25 þúsund fermetra skrifstofu- og verslunarhúsnæðis ásamt bílakjallara.

„Það er meira en nóg að gera. Í næsta mánuði fara í sölu hjá okkur ríflega 120 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Við erum að reisa sjötíu íbúða hús fremst á Norðurbakkanum í Hafnarfirði, það er stærsta íbúðaverkefnið eins og er. Svo erum við að reisa 27 íbúðir í Sjálandshverfinu í Garðabæ og í Vallakór í Kópavogi eru svo 24 íbúðir í byggingu,“ segir Davíð Már Sigurðsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs ÞG verktaka. „Seinni hluta ársins reiknum við svo með að setja annað eins magn í sölu eða vel á þriðja hundrað íbúðir.“

Fyrirtækið fór af stað árið 1998, en það hefur stækkað mikið á þessum hartnær áratug sem það hefur starfað. Davíð segir að verkefnum hafi fjölgað jafnt og þétt og reksturinn sé afar traustur. „Nú starfa rétt um 100 manns hjá fyrirtækinu, en við úthýsum miklu af verkefnum svo það eru að jafnaði mun fleiri að störfum fyrir okkur á degi hverjum. Það er mikil eftirspurn eftir góðu íbúðarhúsnæði og það eru biðlistar eftir íbúðum. Það eru sennilega hátt í hundrað á biðlista hjá okkur núna.“

ÞG hefur starfað mikið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur „Við erum búnir að vera aðalverktaki í fyrstu tveimur útboðunum í Hellisheiðarvirkjun en við erum að ljúka seinni áfanganum um þesar mundir. Þá sáum við um alla uppsteypu á aðalstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur uppi á Höfða. Það var stórt og flókið verk sem var mjög krefjandi vegna hallandi útveggja hússins. Við reistum einnig prentsmiðju Morgunblaðsins í Hádegismóum sem og verslun Húsasmiðjunnar að Vínlandsleið í Grafarholti svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Davíð. „Í byrjun mars hefjum við framkvæmdir á glæsilegu skrifstofu- og verslunarhúsnæði í Urðarhvarfi 8. Það verður 25 þúsund fermetrar með bílakjöllurum. Við sjáum fram á að þurfa að tvöfalda mannskapinn hjá okkur á þessu ári til að sinna þeim verkefnum sem eru fyrirliggjandi hjá okkur.“ *- öhö*



ÞG verktakar sjá meðal annars um Langlínu í Garðabæ en þar á að byggja 27 nýjar íbúðir.




# Vonast eftir aukningu í byggingu íbúðarhúsnæðis

PA byggingarverktaki á Akureyri sinnir fjölþættum verkefnum í bænum við byggingu íbúðar- og iðnaðarhúsnæðis. Alfreð Pálsson hjá PA segir meira að gera í iðnaðarhúsnæði nú, en bindur vonir við að aukning verði í byggingu íbúðarhúsnæðis þegar líður á árið.

„Við erum að byggja við Verkmenntaskólann á Akureyri og erum einnig að innrétta fyrstu og aðra hæð á Fjórðungssjúkrahúsinu hér á Akureyri. Þá erum við að reisa tvö límtréshús hér í bænum, annað 1.200 fermetra og það þriðja, 2.000 fermetra hús fyrirliggjandi,“ segir Alfreð.



PA byggingarverktaki hefur starfað frá 1996 og að sögn Alfreðs hefur verkefnum fjölgað stöðugt síðan þá. „Í upphafi unnu 7 hjá fyrirtækinu en núna erum við á bilinu 50 til 55. Við höfum eingöngu verið að vinna hér á Akureyri og það hefur verið nóg að gera í bænum. Við ákváðum að fara ekki í frekari landvinninga meðan svo mikið er að gera hér á heimasvæðinu. Við viljum frekar hafa fókusinn hérna,“ segir Alfreð.

Hann segir að aðgerðir í efnahagsmálum hafi dregið úr byggingu íbúðarhúsnæðis á síðustu misserum. „Við erum lítið í íbúðabyggingum núna og höfum aðallega verið í uppbyggingu iðnaðarhúsnæðis. Mér finnst íbúðabyggingarnar vera að koma til aftur núna, en fyrir tveim árum var mikill uppgangur í þeim geira. Eftir niðursveiflu og afturhald í bönkunum dró verulega úr byggingu íbúðarhúsnæðis. Núna verðum við varir við að það sé að glæðast aftur, hægt og rólega, og verður vonandi komið í eðlilegt horf á seinni hluta ársins.“ *- öhö*

Nóg að gera á Akureyri, segir Alfreð Pálsson húsasmiður.


Kerfisloft
Svalagler
Steypumót
Gámaeiningar
CONTAINEX
Felliveggir
Gler og glerlausnir
Stálgrindarhús
Ertu í framkvæmdahug?
Hleðslubrýr
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is
Aksturs- og iðnaðarhurðir
Gluggar og hurðir
Girðingar
Stigar
Kranar og vinnulyftur

# Skiptir miklu að velja réttu gólfefnin

●Klemenz Jónsson, dúkalagningameistari á Akureyri, segir að huga verði vel að vali á gólfefnum við frágang nýbygginga. Með réttu vali og góðum frágangi megi tryggja mun lengri endingartíma.


Klemenz Jónsson dúkalagningameistari segir dúka vera vinsæla í nýbyggingum, en þeir hafa ýmsa kosti fram yfir önnur gólfefni.

„Þegar verið er að ganga frá nýbyggingum er gott að ræða við fagmann í gólfefnum um val á efnum. Það þarf að huga að mörgu, til dæmis til hvers hvert rými verður nýtt og hversu mikið álag gólfið á hverjum stað þarf að þola,“ segir Klemenz Jónsson dúkalagningameistari.

Hann rekur sjálfstætt verktakafyrirtæki í dúkalögnum á Akureyri og segir nóg að gera í þessu fagi. „Fólk gerir sér sem betur fer flest grein fyrir mikilvægi þess að frágangur á gólfum sé góður.“

Klemenz segir mikið af nýjum og nútímalegum munstrum í boði í gólfdúkum og að gott úrval sé af fallegum og sterkum dúkum á markaðinum í dag. „Dúkar hafa marga kosti. Þeir eru bæði nánast samskeytalaust gólfefni og þeir eru einnig mjög þægilegir þegar kemur að þrifum. Þá eru dúkar mun endingarbetri en margt annað gólfefni því þeir rispast lítið og auðvelt er að bóna þá að nýju. Þegar verið er að velja gólfefni þarf að huga vel að því til hvaða nota rýmið er ætlað og því eru dúkar til dæmis mjög vinsælir á baðherbergjum og í þvottahúsum þar sem meiri líkur eru á að leki komi upp. Dúkarnir eru eina gólfefnið sem halda vatni alveg og því njóta þeir þessara vinsælda. PHC dúkarnir eru vinsælastir í þessum herbergjum en þeir eru úr gegnheilu plasti og eru þar að auki viðhaldsfríir. Þeir koma með endanlegri húð sem er gegnheil og því er dúkurinn alltaf eins og nýr. Það er líka komið mjög mikið af skemmtilegum korkefnum sem eru góð, til dæmis í eldhús. Ef þú ætla að vinna mikið á ákveðnu svæði skiptir miklu að velja mjúk gólfefni. Korkurinn líkir eftir gólfflísum en hefur mýktina fram yfir flísarnar. Flísarnar verða frekar kaldar en korkurinn er þægilegri þegar unnið er lengi á gólfinu.“ Klemenz segir dúka vera vinsæla í nýbyggingum. „Það er hins vegar mikilvægt að leita til fagmanna. Maður sér stundum gólf sem eru mjög ljót vegna þess að ekki var staðið rétt að lagningu dúkanna. Réttur frágangur undir dúkunum er það sem mestu máli skiptir upp á endingu að gera. Oft lítur gólf sem lagt hefur verið á, af þeim sem lítið kunna til, ekki illa út í fyrstu. Það er hins vegar fljótt að koma í ljós. Við ráðleggjum líka fólki við val á gólfefnunum og það er gott að geta miðlað af reynslu sinni og þekkingu.“

Klemenz hefur fengist við dúkalagnir í tíu ár en vann áður sem húsasmiður og er jafnframt lærður smiður. *-öhö*







Menningarhúsð á Akureyri er óðum að taka á sig mynd en verkið er á áætlun.

# Skemmtilegt að reisa öðruvísi hús

Nú er unnið að byggingu menningarhúss á Akureyri og er ætlað að húsið verði fokhelt í október á þessu ári. Haraldur Jósepsson er verkstjóri á staðnum og hann segir spennandi að reisa hringhús af þessari gerð.

„Þetta er búið að vera erfitt í vetur vegna frosts en við erum samt á tíma og gengur ágætlega. Við stefnum að því að vera búnir með þennan verkþátt í október. Við sjáum um uppsteypuna, glugga og gler og klæðningu utan á húsið,“ segir Haraldur Jósepsson, verkstjóri hjá Ístak, sem sér um uppsteypu og ytri frágang menningarhúss sem nú rís á Akureyri.

Fyrsta skóflustungan var tekin í ágúst í fyrra og byrjað að steypa í nóvember. Að jafnaði vinna um 20 manns við bygginguna núna, en Haraldur segir að starfsmönnum fjölgi þegar líði á vorið. „Þetta er snúin framkvæmd þar sem húsið er hringlaga en mjög skemmtilegt,“ segir Haraldur. `„Það þarf að notast við sérstök mót sem eru stillt á hring. Þá myndast alls konar horn sem eru minni en níutíu gráður. Húsið er tekið út á fyrstu hæð og tvær hæðirnar fyrir ofan fyrstu hæðina stækka. *-öhö*

allt
auglýsingasími
550 5880

# Allt til alls!

## Á góðu verði fyrir alla – alltaf




## Málning, múr- og þéttiefni fyrir húsið

*Við bjóðum þig velkominn nýja verslun Múrbúðarinnar að Klettháalsi 7. Þar bjóðum við glæsilegt úrval af hvers kyns byggingavörum, verkfærum og tækjum á góðu verði fyrir **alla – alltaf**.*

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

# Nýtt!

## Flísar og parket í úrvali á frábæru verði

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-15**

# MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Klettháalsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri - Húsavík

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# Huga þarf meira að landslags-hönnun ferðamannastaða

**Landslagsarkitektar vinna víðtækt starf. Þeir hanna allt frá stökum lóðum til skipulags heilu íbúðahverfanna. Landform ehf. landslagsarkitektastofa á Selfossi, með Odd Hermannsson í fararbroddi, hefur fengist við ótal verkefni, þar á meðal hönnun á umhverfi nokkurra vel þekktra ferðamannastaða.**

„Það er varla hægt að svara því í fáum orðum um hvað starf landslagsarkitekta snýst því við erum að vinna á gífurlega víðtæku sviði,“ segir Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt og eigandi Landforms ehf. á Selfossi. „Þó má segja að það tengist helst skipulagi og hönnun á framkvæmdum frá hugmynd til raunveruleika,“ útskýrir hann og bendir á að til Landforms leiti allt frá einstaklingum og fyrirtækjum til stofnana og sveitarfélaga.

Fyrir tíu til fimmtán árum var það yfirleitt þannig að landslagsarkitektar komu ekki að framkvæmdum á byggingum fyrr en búið var að taka flestar ákvarðanir um hönnun þeirra. „Í dag komum við inn í ákvörðunarferlið



Starf landslagsarkitekta er gífurlega víðtækt. Oddur Hermannsson er landslagsarkitekt og eigandi fyrirtækisins Landforms á Selfossi.



Landform hannaði lóð Sunnulækjarskóla á Selfossi.

mikið fyrr. Við erum jafnvel farin að skoða lóðir áður en farið er af stað með byggingu,“ segir Oddur og útskýrir að Landform vinni náið með arkitektum, verkfræðingum og öllum sem koma að mannvirkjagerðinni. Verkkaupinn setji yfirleitt saman hönnunarhópa sem í séu allt frá landslagsarkitektum til arkitekta, lagnamanna, og raflagnahönnuða, þeir fari yfir málin í byrjun og hittist nokkrum sinnum á ferlinu til að ganga úr skugga um að allir séu að hanna í rétta átt.

Að mörgu þarf að huga þegar lóð byggingar er hönnuð. „Taka þarf tillit til nágranna og óska þess sem byggir, þá þarf að huga að jarðvegsaðstæðum, bæði hvaða aðstæður eru fyrir og hvað þarf að byggja upp til að allt fari vel. Það þarf að huga að veðurfari, hvernig húsin snúa og hvar tré eiga að vera,“ segir Oddur og bætir við að aðkoman að húsinu verði að vera góð hvort sem fólk sé gangandi, hjólandi eða akandi. Oddur segir það koma fyrir að verkkaupar hafi furðulegar hugmyndir. Það færist til að mynda í aukana að viðskiptavinir vilji fallega garða en vilji helst ekki eyða neinum tíma í að viðhalda þeim. „Stundum hefur komið upp í mér púki og ég hef boðið fólki að malbika garðinn en fólk er ekki sátt við það,“ segir Oddur glettinn.

Landform hefur í töluverðum mæli hannað umhverfi nokkurra vel þekktra ferðamannastaða eins



Landform hefur hannað umhverfi nokkurra ferðamannastaða, til dæmis göngustíga og bílastæði við Gullfoss.

og við Skógarfoss, Gullfoss og Dynjandi. Oddur segir töluvert öðrum aðferðum beitt við slík verkefni. „Maður þarf aðallega að gera sér grein fyrir því hve mikið álag er á viðkomandi svæði, hve margir ferðamenn koma og á hvaða árstíma. Nú er ferðamannatíminn að lengjast og fólk er hér bæði á vorin og haustin þegar náttúran er hvað viðkvæmust. Þetta manngerða umhverfi þarf því að vera sterkara. Til að allt sé lipurt og gangi vel upp þarf að vera mikið flæði og fyrirfram ákveðið ferli sem ekki má klikka,“ segir Oddur og bendir á að hugsa verði aðkomuna að slíkum stöðum sem nokkurs konar lestarstöð. „Það getur komið gífurlegur fjöldi fólks á stuttum tíma. Við Gullfoss hef ég talið upp í 24 rútur sem gerir um tvö þúsund manns á sama tíma,“ segir Oddur en eftir að fjöldinn hefur verið áætlaður þarf einnig að meta dreifingu fólksins



„Á allra næstu árum þarf að huga meira að umhverfi náttúruperlna okkar svo að þær beri þann fjölda ferðamanna sem þangað koma,“ segir Oddur.

um svæðið. Hvort það gangi niður að fossi eða fari á útsýnispallinn. „Þetta er hlutur sem ég held að á allra næstu árum þurfi að huga mikið meira að. Það er að helstu náttúruperlur okkar beri þennan fjölda,“ útskýrir Oddur og tekur fram að öll vinna við slíka staði sé vel undirbúin í samstarfi við Umhverfisstofnun og fulltrúa ríkis og sveitarfélaga.

*solveig@frettabladid.is*





Stóriðjuframkvæmdir, stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga
ÍSTAK
Traustur verktaki
Hafnargerð, Húsavíkurhöfn
Vegagerð, Tjörnesi
Húsbyggingar, höfuðstöðvar Ístaks, Engjateigi
ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is
Himinn og haf / SÍA – 9060582




15 ára
NÝTT Á ÍSLANDI !
WRT
KERAMIK LAKK
Wicanders WRT keramik lakk
á viðar- korkparket
Xtreme WRT
Keramik lakk
Wicanders gólfefnin hafa það umfram flest önnur gólfefni að korkur er lagður sem yfirborð, millilag og sem undirlag.
Það gerir gæfumuninn. Gólfefnið er því mýkra hljóðlátara auk þess að einangra meira gegn kulda og hávaða.
Þ.Þ & CO
Þ.ÞORGRÍMSSON
ÁRMÚLI 29 553-8640
WWW.KORKUR.IS

# Ferð á stærstu vinnuvélasýningu heims

● Mest og Practical standa fyrir ferð á Bauma-vinnuvélasýninguna 22. til 26. apríl. Sýningarsvæðið er á stærð við 55 fótboltavelli.



Eins og sést er sýningarsvæði Bauma ekkert frímerki. 450.000 fermetrar eru nýttir undir sýninguna.

Bauma-vinnuvélasýningin í München í Þýskalandi er gríðarstór en yfir 3.000 fyrirtæki og einstaklingar kynna þar vélar sínar, tól og tæki. Sýningarsvæðið er 540.000 fermetrar og því engin vanþörf á fjórum dögum til að skoða það sem fyrir augu ber.

Þetta er í sjötta skiptið sem sýningin fer fram en hún er haldin þriðja hvert ár. Statt og stöðugt hefur hún stækkað og aldrei hafa fleiri skráð sig til þátttöku en nú og búast sýningarhaldarar við allt að 500.000 gestum.

MEST, í samstarfi við ferðaskrifstofuna Pravtical, stendur fyrir hópferð til Bauma dagana 22. til 26. apríl. Flogið verður í beinu leiguflugi til München og gist á fimm stjörnu hóteli meðan á ferð stendur. Boðið verður upp á daglegar rútuferðir á sýninguna og heimsótt verða valin fyrirtæki, auk þess sem boðið verður upp á morgun- og kvöldverði alla dagana. Ferðin kostar 178.000 krónur.

Nánari upplýsingar er að finna á www.bauma.de og www.practical.is.



Sýningarsvæðið minnir um margt á byggingarsvæði þar sem kranar gnæfa yfir umhverfinu.








Vinnuvélar af öllum stærðum og gerðum má finna á Bauma.






# Þegar mest á reynir...

**Hünnebeck** steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Húsin frá fyrirtækinu hafa verið reist víðs vegar um landið.



Hús og heimili byggja bæði íbúðarhús og sumarhús.



Hans segir að sumarhús Íslendinga séu flest orðin eins og annað heimili þeirra.



Allar einingarnar í húsin eru fluttar inn frá Finnlandi.

# Sumarhúsin annað heimili

**Hús og heimili er fimmtán ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í einingahúsum og bjálkahúsum. Hans Kristján Guðmundsson, hjá Hús og heimili, segir að sumarhús Íslendinga hafi stækkað á síðustu árum.**

Hús og heimili flytja inn einingar frá Finnlandi sem notaðar eru til að reisa bjálkahús og einingahús hér á landi. Hans segir að síðan fyrirtækið hóf starfsemi sína fyrir fimmtán árum hafi það reist á fimmta hundrað hús víðs vegar um landið. „Við höfum bæði verið að byggja íbúðarhús og sumarhús og þó að húsin séu forsmíðuð úti eru þau löguð að íslenskum aðstæðum hvað varðar vind, snjó, jarðskjálfta og annað,“ segir hann.

Fyrirtækið er með staðlaðar teikningar að húsum en viðskiptavinir geta einnig komið með eigin hugmyndir og teikningar. „Kjörorð okkar er Láttu drauminn rætast. Við reynum því að sníða okkur algjörlega að óskum viðskiptavinarins og erum mjög opnir fyrir öllum hugmyndum,“ segir Hans.

Bjálkahúsin sem Hús og heimili eru með eru tvenns konar. „Við erum bæði með svokallaða heilbjálka og samlímda bjálka eða límtré. Límtréð er alltaf að verða vinsælla því það er örlítið stabílla efni og auðveldara að reisa þannig hús.“

Hans segir að síðustu ár hafi þróunin verið sú að fólk vilji hafa sumarhúsin stærri en áður og þau séu flest að verða heilsárshús. „Sumarhúsin eru orðin svona annað heimili fólks og oft vel á annað hundrað fermetrar með öllum nútímaþægindum,“ segir hann.

emilia@frettabladid.is




# Nýtt og betrumbætt húsnæði




Barna- og unglingadeild hefur lengi búið við þröngan kost. Nýtt húsnæði verður tilbúið í maí 2008.

Barna- og unglingageðdeild LSH við Dalbraut 12 hefur lengi búið við þröngan húsakost og hefur um skeið verið hugað að framtíðaruppbyggingu húsnæðis fyrir starfsemina. Í nokkur ár hefur verið unnið að undirbúningi stækkunar deildarinnar en ákveðið var að lokum að nýta og endurbæta húsnæðið við Dalbraut.

Útboð á nýbyggingu Barna- og unglingadeildar (BUGL) við Dalbraut var auglýst í desember og voru tilboð opnuð 17. janúar 2007. Fjórtán tilboð bárust í framkvæmdina. Verkkaupi er Landspítali - háskólasjúkrahús. Umsjón með framkvæmdunum hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Arkís ehf. er arkitekt byggingarinnar, hönnun lóðar annaðist Landhönnun ehf., Línuhönnun hf. hannaði burðarþol og lagnir og Raftækjastofan ehf. raflagnir.

Nýbyggingin er tvær hæðir og kjallari. Burðarvirki er steypt, útveggir að hluta til pússaðir og að hluta klæddir málmklæðningu. Þak er viðsnúið og fergt. Innveggir eru úr gifsi og í byggingunni er loftræsikerfi. Húsið er alls 1.244 m² að stærð.

Byggingin fer fram í fjórum áföngum:

1. Nýbygging göngudeildar
2. Nýbygging iðjuþjálfunar og skóla
3. Viðbygging og endurinnrétting innlagnadeilda
4. Endurinnrétting sameiginlegs hluta göngu- og innlagnadeilda

Áætlað er að húsinu verði skilað fullbúnu 23. maí árið 2008 en lóð skal fullfrágengin eigi síðar en 27. júní 2008.

**● ALLT Á EINUM STAÐ** Verktakar.is er vefur sem sérhæfir sig í því að veita almenningi upplýsingar um verktaka og fagmenn í byggingariðnaði. Þar er hægt að skrá fyrirtæki svo fólk í byggingarhugleiðingum hafi greiðari aðgang að þeim. Þetta geta verið allt frá arkitektum, fasteignasölum og málningarverktökum til trésmiða og allt þar á milli.



# Burðarþol og niðurbrot vega

Ráðstefna um burðarþolshönnun og niðurbrotsmódel vega verður haldin á Grand hóteli Reykjavík 22. og 23. mars nk. Á ráðstefnunni munu sérfræðingar kynna meðal annars þær aðferðir sem notaðar eru nú við burðarþolshönnun á Norðurlöndunum, Mið-Evrópu og Bandaríkjunum.

Helstu sérfræðingar á sviði veghönnunar og niðurbrotsmódela munu einnig kynna hvað er nýtt á þessu sviði og hver stefnan er. Gert er ráð fyrir ítarlegum umræðum í lok beggja ráðstefnudaganna.

Af vef Tæknifræðingafélags Íslands, www.tfi.is.



**Umferðin um vegi landsins eykst ár frá ári.**



**Sala sumarhúsa hefur aukist hjá SG einingarhúsum.**

# Ákveðinn lífsstíll að búa í timburhúsi

Fyrirtækið SG hús á Selfossi vinnur að byggingu timburhúsa um allt land. Óskar G. Jónsson framkvæmdastjóri segir það að búa í timburhúsi vera ákveðinn lífsstíl.

„Fyrirtækið er að stofni til frá 1965. Þetta var áður SG einingahús en árið 1996 seldi fyrirtækið starfsmönnum reksturinn og þá varð það að SG húsum sem það heitir í dag. Ég tók við rekstrinum þá og hef stýrt fyrirtækinu síðan," segir Óskar. „Við vinnum að verkefnum um allt land. Við erum mikið á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu en erum einnig fyrir norðan og austan. Þá erum við að reisa átta hús í Hafnarfirði um þessar mundir."

Óskar segir það hafa sýnt sig að fólki líði almennt vel í timburhúsum. „Þetta er einhver umhverfisvænasti byggingarmöguleikinn sem við höfum í dag. Við notum bara timbur og gifs í þessi hús. Ég held að þetta sé fyrst og fremst lífsmáti fólks að vilja búa í timburhúsi. Fólk hefur séð það að timburhús eru síst lakari kostur en steinhús og standast fyllilega íslenska veðráttu," segir Óskar. „Það timbur sem við notum kemur að meginhluta til frá Finnlandi. Stærstu birgjarnir okkar eru Húsasmiðjan en við tökum einnig harðvið sjálf hingað til lands."

Hjá SG húsum starfa um 45 manns og Óskar segir nóg að gera. „Við vorum að gera fokheldan 500 fermetra leikskóla í Borgarnesi og það gekk mjög vel. Við fullkláruðum verkið að utan á fimmtán vinnudögum sem hlýtur að teljast ansi gott. Með því að taka timbrið frá Finnlandi frá föstum birgjum fáum alltaf sömu gæðin í timbri. Það teljum við skipta miklu máli. Við erum með 1.400 fermetra verkstæði á Selfossi og öll samsetning fer fram þar inni."

Þá byggir fyrirtækið mikið af sumarhúsum. „Það er um fjórðungur af okkar framleiðslu. Það er búin að vera aukning á sölu sumarhúsa undanfarið og fólk virðist hafa meiri áhuga á að eignast slíkt núna."

-öhö



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Gísli Pálsson byggingarverkfræðingur segir verkfræðinga fylgja byggingunni eftir allt frá því að hún er hönnuð og þar til búið er að mála hana. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Húsið þarf að hanga uppi

**„Það sem byggingarverkfræðingur byrjar á að gera er að hanna burðarþolið í byggingunni,“ segir Gísli og bætir við: „Svo erum við líka mikið í hljóðvist, sem felst í að passa upp á að ekki bergmáli í húsinu eða í frárennslislögnum, jafnvel vatns- og hitalögnum.“**

Það er ekki byggt hús án þess að verkfræðingar komi þar að en þeir sjá oft um verkefnastjórnun, gera verkáætlanir, kaupa inn efni, reka og ráða menn og láta verkið ganga að sögn Gísla. „Verkfræðingur kemur alltaf að hönnunarstigi og mjög mikið að framkvæmdinni einnig. Svo er heil stétt manna á verkfræðistofum sem er ráðin af verkkaupa, til þess að fylgjast með verktakanum þegar hann er að byggja, fyrir hönd verkkaupans. Það eru þá bæði verkfræðingar fyrir hönd verktakans og verkkaupans þegar hús eru byggð,“ segir Gísli.

Gísli segir verkfræðinginn fá teikningar frá arkitekt til að útfæra steypu, burðarveggi og þak þannig að þetta hangi allt saman uppi og hrynji ekki. „Verkfræðingar og arkitektar vinna mikið saman við hönnun bygginga og teikningar ganga oft á milli með breytingum á báða bóga.“

Verkfræðingar halda gjarnan utan um peningamálin þegar verið er að byggja, auk þess að mæla afköst og fylgjast með því að útreikningar á tíma séu réttir og hvort verkinu ljúki á réttum tíma. „Sama á við um efni en verkfræðingar reikna oft út hversu mikið magn þarf og gera samninga við undirverktaka. Þannig að það má segja að við fylgjum verkinu eftir frá því að bygging er hönnuð og þangað til hún er máluð,“ segir Gísli.

„Vélaverkfræðingar hanna síðan loftræstingu í húsin, rafmagnsverkfræðingar sjá um lýsingu og rafkerfibyggingarverkfræðingur sér um brunahönnun, lagnir og burðarþol. Þannig að allir þessir aðilar þurfa að vinna saman auk arkitektsins.“ *sigridurh@frettabladid.is*




gel-arnar
...enginn reykháfur



- Viður eða gler
- Ýmsir litir í boði
- Auðveld uppsetning
- Hægt að staðsetja nánast hvar sem er
- Lyktarlaus bruni

*Einnig til fyrir rafmagn!*

kebo

RAFVER

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · WWW.RAFVER.IS



# Má bjóða þér heim?

Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsa- og landeigendur.
Fyrirliggjandi á lager.




**Vel þarf að vanda það sem lengi á að standa**

Teknís ehf. Miðhrauni 8 210 Garðabær Sími 565 7390 www.tekn.is

TEKNÍS

# ÁL ER OKKAR MÁL



## Valsað báruál

**Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál**Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti fyrirliggjandi á lager:

Ólitað ál

| | |
|---|---|
| RAL 3002 | Rautt |
| RAL 3009 | Rautt |
| RAL 5009 | Blátt |
| RAL 7016 | Dökkgrátt |
| RAL 9006 | Silfurmetalic |
| RAL 9010 | Hvítt |
| RAL 9007 | Dökkur Metalic |



## Horfðu til himins

**Gæða þakgluggar á sérstöku tilboði út október.**

Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

| | |
|---|---|
| RAL 3009 | RYÐRAUTT |
| RAL 9005 | SVART |
| RAL 9010 | HVÍTT |

Hönnun: Bazooka!!/864 3603/2005

HÚSASMIÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is

Söluaðili:
Verslanir Húsasmiðjunnar um land allt

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík
Sími: 577-4100 • Fax: 577-4101
GSM: 898-0860 • altak@altak.is • www.altak.is

# Einn fremsti arkitekt Japans

Hiroshi Hara þykir vera einn af merkari arkitektum Japans. Hara, sem er fæddur í Kawasaki árið 1936, gerðist prófessor við arkitektadeild Tókýó-háskóla eftir að hafa lokið meistaragráðu þaðan 1964. Hann gat sér góðs orðstírs strax snemma á sjöunda áratugnum fyrir framsækni og frumlegan stíl. Verk hans þykja ágætis vitnisburður um það, en af þeim má nefna stórar og massífar byggingar á borð við Yamato International Building (1985-86) í Tókýó, Umeda skýjakljúfinn í Osaka (1988-93) og Kyoto-lestarstöðina (1991-97). Meðfylgjandi myndir eru einmitt af Umeda-skýjakljúfnum og Kyoto-lestarstöðinni ásamt Ito-húsi, sem sannar að Hara er ekki síður fær um að hanna smærri húsnæði. *- rve*



Timburverkið kallast á við trén í kring.



Engu líkara er en Ito-húsið sé á hvolfi, þar sem timbrið virðist hvíla ofan á glerinu.



Hérna sést lesstofa Ito-hússins.



Innan úr foreldrasvæði Ito-hússins.



Ito-hús skiptist í þrjá aðskilda hluta, það er að segja svokallað 100 fermetra foreldrasvæði, 41 fermetra barnasvæði og 35 fermetra lesstofu, og er samanlagt 176 fermetra stórt.



Umeda-skýjakljúfurinn er sjöunda stærsta bygging Osaka-borgar í Japan og jafnframt eitt helsta kennileiti borgarinnar. Byggingin samastendur af tveimur fjörutíu hæða turnum, sem brú og rúllustigar tengja saman á tveimur efstu hæðunum.




Ecoseal UMHVERFISVÆN ÞAKKKERFI TPO

**Með Ecoseal dúk er náttúran varin**

**Umhverfisvæna þakkerfið frá Ecoseal** inniheldur hvorki PVC né halógen og er án eiturefna. Ecoseal TPO-dúkur er sá mest notaði í heiminum af þessari tegund. Ecoseal veitir allt að 20 ára ábyrgð. Ecoseal dúkurinn er í samræmi við alla alþjóðlega og íslenska staðla og reglugerðir. Öll tæknileg atriði varðandi hönnun og lagningu dúksins eru í höndum sérfræðinga Trelleborg. Þessi einstaki dúkur veitir húsþökum langtímavernd á umhverfisvænan hátt.

**Ecoseal – hágæðaframleiðsla sem fer vel með umhverfið**

DÚKÞAK ...á þökin Sími 564 1030

TRELLEBORG BYGGINGAKERFI DÚKÞAK

www.dukthak.is

dukthak@dukthak.is




Upplýsingalíkön er hægt að nota við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja.

# Mannvirki byggð í sýndarlíkönum

Ný aðferðafræði er að ryðja sér til rúms á sviði mannvirkjagerðar en það er notkun upplýsingalíkana við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja. Um þetta fjallar Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, í nýrri grein í blaðinu Verktækni.

Aðferðir við mannvirkjahönnun og byggingaframkvæmdir hafa þróast tiltölulega hægt og því hefur byggingariðnaðurinn ekki náð að auka framleiðni og gæði á sambærilegan hátt og aðrar greinar iðnaðar. Nú er hins vegar almennt talið að reynslumeiri fyrirtæki á Vesturlöndum séu tilbúin að takast á við grundvallarbreytingar á aðferðafræðinni.

Þessi nýja nálgun byggist á því að nýta sýndarheim tölvutækninnar við gerð líkana eins og þeirra sem notuð hafa verið til dæmis í geimvísindum og bílaiðnaði. Talið er raunhæft að mannvirki verði byggð í sýndarlíkönum áður en framkvæmdir hefjast.

Til þessa hafa hönnunargögn stærri mannvirkja samanstaðið af hundruðum eða þúsundum mismunandi skjala sem oft hafa þann galla að misræmis gætir á milli þeirra. Nýja aðferðafræðin hefur á ensku fengið heitið „Bulding Information Modeling“, skammstafað BIM. Um er að ræða fjölþætt hugbúnaðarkerfi sem ekki aðeins nýtist við að samhæfa og vista hönnunargögn mannvirkis, heldur einnig til að líkja eftir byggingu þess og rekstri. Upplýsingalíkönin hafa þannig að geyma mikið af upplýsingum um einstaka hluta mannvirkisins og er þrívíddarsýnin einungis ein af mögulegum afurðum líkansins.

Frétt fengin af vef Framkvæmdasýslu ríkisins www.fsr.is.


hansgrohe
ALLEGRA CARLTON
ALLEGRA VARIARC
ALLEGRA VARIARC m. brúsu
ALLEGRA STARCK
ALLEGRA UNO
AXOR CITTERIO
ALLEGRA TALIS S
ALLEGRA ELEGANCE
ALLEGRA STEEL
ALLEGRA STEEL m. brúsu
AXOR CITTERIO semi pro
blöndunartæki og vaskar fyrir eldhús
FRANKE
STÁLVASKAR
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14-16 - 110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00 - www.isleifur.is

Forsteyptar húseiningar frá BORG – hagkvæmar lausnir!



# Forsteyptar húseiningar

**BORG** býður forsteyptar einingar, framleiddar úr steypu sem er framleidd á staðnum með hágæðasementi, besta fáanlega fylliefni og framleidd samkvæmt ströngustu gæðastöðlum. Steypan er framleidd í nýrri steypustöð okkar við Bakkabraut í Kópavogi.

Einingarnar eru framleiddar með nýjustu tækni í ELEMATIC framleiðslutækjum. **BORG** framleiðir tvöfalda veggi með einangrun og veðurkápu, einfalda veggi, gólfeiningar og þakeiningar.

Einnig framleiðir BORG sérhannaðar forsteyptar einingar eins og súlur, burðarbita, svalir, staura, sökkla og stiga í öllum lengdum og breiddum.

Kostir forsteyptra húseininga eru margir. Má þar nefna mikinn fjölbreytileika hvað varðar hönnun og útlit. Með forsteyptum einingum má stytta byggingartíma og þar með fjárbindingu.

Byggingastjórnun með forsteyptum einingum er oftast einfaldari. Bygging forsteyptra húsa er nánast óháð veðri og hitastigi utanhúss.

Framleiðsla á forsteyptum einingum hjá BORG eru vottuð og fer fram undir ströngu gæðaeftirliti. Einingarnar eru framleiddar úr bestu fáanlegu hráefnum og af fagfólki sem kann til verka á sínu sviði.

**BORG** *er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki*

GÆÐI - ENDING - ÁREIÐANLEIKI

**BORG ehf. – Forsteyptar húseiningar**

Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777 · borg@evborg.is · www.evborg.is

## Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Komdu í nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Snyrting




## HEIMILIÐ

## Heimilistæki



Til sölu Pioneer heimabíó & dvd spilari. Öflugt & vel með farið. V. 60.000. S. 864 0710.

Uppþvottavél til sölu. V. 10 þús. Sófasett til sölu 3+2+2. V. 20 þús. Uppl. í s. 822 8007.

## Dýrahald

Ársgamall Labrador blendingur óskar eftir góðu heimili. Örmerkt og tilheyrandi. Uppl. í s. 588 1254 & 663 3866.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 samliggjandi íbúðir fullbúnar húsgögnum, á góðum stað í Kóp. til leigu. Sendist á sogi@hive.is

Til leigu 3ja herb íbúð í Furugrund, Kópavogi. Laus 1. mars, aðeins reglufólk kemur til greina. 120 þús á mánuði. 2 mán fyrirfr. + trygging. Uppl. í síma 896 2245.

2ja herb. íbúð til leigu við Kleppsveg og önnur 3ja herb. við Veghús frá 15.feb. Uppl. á ff.fjordur@simnet.is

Raðhús til leigu frá og með 1. mars í Seljahverfi í Breiðholti, 4 svefnherb. Uppl. á ff.fjordur@simnet.is

Snyrtileg 83 fm. 3 herb. íbúð ásamt stæði í bílageymslu til leigu í Vesturbæ. Íbúðin er laus og verður aðeins leigð skilvísum og reglusömum. Leigutími 3 - 5 mán. Verð kr. 115.000 á mán. Uppl. helgit04@ru.is

Til leigu á Laugarveigi 50-60 fm íbúð á efstu hæð, laus strax og leigist frá 15 feb. Er til sýnis í dag mill kl. 16:30 & 18:00. Uppl í s. 663 0713.

Glæsileg 4ja herb íbúð í Hafnarfirði til leigu.Laus strax . Þvottahús í íbúð. Uppl. s.693-4289

## Húsnæði óskast

Fimmtugur maður óskar eftir 2 herb. íbúð á höfuðborgarsv. sem fyrst. Get tekið lítilsháttar viðhald að mér. Reglusemi og meðmæli. Uppl. í s. 843 0384.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu ca. 40 fm lager eða geymsluhúsnæði í kjallara á svæði 104. Sími 690 0442.

Húsnæði til leigu við laugarveg nál. Klapst. Ca. 70 fm. góðir sýningargl. S. 551 6110

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kranaþjónusta MEST ehf.**
**Vegna aukina verkefna vantar okkur 2 til 3 laghenta starfsmenn í kranaþjónustu MEST sem sér um viðhald og þjónustu við byggingakrana. Við leitum að góðum mannskap og kostur ef umsækjendur eru með rafvirkja eða vélstjóramenntun. Nánari upplýsingar veitir Árni Már, deildarstjóri þjónustuvers MEST í síma 825 0722. Umsóknum skal skilað á netfangið umsoknir@mest.is eða í pósti stílað á MEST ehf. Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði.**

**Kringlukráin.**
**Leitum að vönum starfsmanni í þjónustu. Fullt starf. Þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt. Rótgróið fyrirtæki. Lámarksaldur er 20 ár. Umsóknir á staðnum og á www. kringlukrain.is Upplýsingar um starfið veitir Shopus s. 893 2323.**

**Hárgreiðslufólk ath !!**
**Flott stofa í miðbæ Reykjavíkur er með stóla til leigu. Óskum eftir sveini/meistara. Góð staðsetning. Vinnum einungis með Aveda vörur. Uppl. í síma 899 9964 Hildur & 847 7690 Tóta.**

**Garðlist**
**Vantar duglegan einstakling í fullt starf, ýmis garðyrkjustörf og vélavinnu. Vantar einnig einstakling í trjáklippingar, reynsla ekki skilyrði. Uppl. í s. 860 2971 eða gardlist.is**

**ELDHÚS Serrano Hringbraut: Eldhús - Helgarvinna**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í eldhús á Serrano Hringbraut. Um er að ræða helgarvinnu á daginn og hugsanlega kvöldvinnu virka daga. Reynsla af eldhús-störfum er mikilvæg. Hægt er að sækja um á www. serrano.is/atvinna - Nánari upplýsingar veitir Einar í síma 896 9577.**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf. Heilt og hálft starf og hlutastörf seinni part og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn.**

**Leikskólinn Skerjagarður**
**Við á leikskólanum Skerjagarði erum að leita að skemmtilegu fólki í lið með okkur til að vinna með frábærum krökkum á stað þar sem ríkir gleði og góður starfsandi. Upplýsingar í s. 822 1919 & 848 5213.**

Björnsbakarí óskar eftir að ráða starfskraft. Vinnutími er frá kl: 13-18.30 daglega. Helga veitir frekari upplýsingar í síma: 699-5423

Umboðsmenn um allt land óskast fyrir hágæða vörur. Uppl. í s. 662 5599.

**Grandakaffi**
Óskum að ráða starfsmann til veitingastarfa. Lágmarksaldur 20 ár. Uppl. hjá Rúnari í s. 892 5549.

Stálsmiðja Hafnarfirði leitar að verkamönnum í vinnu. Frá 17 - 25 ára. Mikil vinna og góð laun í boði. Upplýsingar gefur Kári í s. 820 4497.

**Gröfumenn ehf.**
Óska eftir gröfumanni og verkamanni. Eingöngu vanir menn koma til greina. Góð laun í boði. Uppl. í s. 860 443 & 860 4430 & 565 0033.

**Hellulist ehf**
Óska eftir mönnum í hellulagnir. Uppl. veitir Gísli í s. 698 5222.

**Vörubílsstjóri**
Óska eftir vönum vörubílsstjóra. Uppl. veitir Gísli í s. 698 5222.

## Atvinna óskast

**Employment agency seeks carpenters, general workers, electricians, iron binders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area. Call Joao, tlf. 864-9873.**

**Agencia de trabalho procura trabalhadores para todas as areas de construção civil carpinteiros, electrecistas, armadores de ferro, canalizadores, pedreiros, motoristas pesados, pintores etc. Contato Joao, tel. 864-9873.**

Maður með vinnuvélaréttindi og meirapróf óskar eftir kvöld og helgarvinnu. Uppl. í 865 8084, Þórir.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

**allt ferðir**
**Alla miðvikudaga og laugardaga**

# Skrifstofustjóri óskast

Fimleikadeild Ármanns leitar að áhugasömum og drífandi aðila til að reka skrifstofu deildarinnar. Um er að ræða starf frá 13-18 eða skv. samkomulagi. Viðkomandi þarf að vera röskur, frábær í samskiptum og sýna frumkvæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst og hafa grundvallarkunnáttu á tölvu. Upplýsingar veitir Jón Þór í **jon.thor@internet.is** eða í 893-8989

**Við hjá BIRNA concept shop erum að leita að skemmtilegum starfskröftum til starfa í verslunum okkar í Kaupmannahöfn og Reykjavík.**

**BIRNA er ungt fyrirtæki í örum vexti. Ef þú ert 23 ára eða eldri, sjálfstæð, sveigjanleg, samviskusöm, hefur ríka þjónustulund og gaman af mannlegum samskiptum, þá erum við að leita að þér.**

**Reykjavík: Hlutastarf til 1. júní**
**Fullt starf frá 1. júní til 1. september 2007**

**Kaupmannahöfn: Framtíðarstarf.**
**Góð dönskukunnátta er skilyrði.**

**Umsóknir sendist á ibh@birna.net**
**Umsóknarfrestur er til 18. febrúar.**

**Taka skal fram hvort sótt er um starf á Íslandi eða í Danmörku.**

**BIRNA**
**Skólavörðustígur 2**
**www.birna.net**

## FASTEIGNIR



RE/MAX LIND

**Sólbaðsstofa** **Verð: tilboð**
Reykjavík
Gott smáfyrirtæki í örum vexti

Ein glæsilegasta sólbaðsstofa höfuðborgarsvæðisins til sölu. Bekkirnir eru 6, af gerðinni Ergoline, rúmlega ársgamlir með öllum græjum og sér sturta er við hvern bekk. Innréttingar eru nútímalega og flottar. Í móttöku er leður sófasett, sjónvarp, afgreiðsluborð, myndavélakerfi, þvottaherbergi með tækjum og allur búnaður. Reksturinn er í stöðugum vexti og sóknarfæri mörg.



Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali



Hrafnhildur Sölufulltrúi **869 8150** hrafnhildur@remax.is

# EIGNIR ÓSKAST!

**ERUM MEÐ ÁKVEÐNA KAUPENDUR AÐ EFTIRTÖLDUM EIGNUM:**

- Tveggja herbergja íbúð í hverfi 101, 107, 109 eða 112.
- Þriggja herbergja íbúð í hverfi 104, 105 eða 108.
- Fjögurra herbergja íbúð í hverfi 104, 108 og 110.
- Rað- eða parhús í Lindunum/Salarhverfi í Kóp. m/ bílskúr verð ca. 45 milljónir.
- Atvinnuhúsnæði ca 200 fm með góðri lóð.
- Tveggja íbúða hús í hverfi 104, 105 eða 108 verð ca. 60 milljónir.
- **Lögmaður og löggiltur fasteignasali með þér alla leið!**
- **Hafðu samband núna í síma: 822 3600 Heimir / 698 3600 Jónas.** (Síminn opinn alla daga milli 09:00 og 22:00)

RE/MAX MJÓDD

Félag Fasteignasala

**Heimir Bergmann**
Sölufulltrúi
Beinn sími 520-9568
**GSM: 822-3600**
E-mail: heimir@remax.is

**Jónas Örn Jónasson**
Lögmaður
Löggiltur fasteignasali
**GSM: 698 3600**
E-mail: jonas@remax.is



RE/MAX Mjódd • Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9568 • Fax: 520 9551

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Laus eru til umsóknar störf Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Hjá Slökkviliði Akureyrar eru laus til umsóknar störf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Um er að ræða 100 % störf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykköfun, björgun og neyðarflutninga.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna.

Hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr reglugerðar nr.792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
- Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið.
- Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.
- Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og ekki vera haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
- Hafa jákvætt hugarfar og gott vald á mannlegum samkiptum.
- Akureyrarbær áskilur sér rétt til að óska eftir meðmælum.
- Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Framangreindum hæfniskröfum er ekki raðað eftir mikilvægi.

Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu eftir að umsækjandi hefur gengist undir próf í þeim þáttum sem tilgreindir eru í hæfniskröfum.

Umsóknir
Sækja verður um starfið rafrænt á heimasíðu Akureyrabæjar: www.akureyri.is

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2007.
Umsækjendur þurfa að skila inn eftirfarandi fylgigögnum:

Læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskírteini og ökuferilsskrá.

Fylgigögnum má annað hvort skila inn til Slökkviliðs Akureyrar eða senda á rafrænu formi í umsóknarferli á heimasíðu Akureyrarbæjar. Fylgigögnum verður að skila eigi síðar en 23. febrúar.

Tekið verður tillit til jafnréttisáætlunar Slökkviliðs Akureyrar og samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Frekari upplýsingar veitir Ingimar Eydal, aðstoðarslökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar, Árstíg 2, á staðnum eða í síma 461-4200, fax: 461-4205.

Slökkviliðsstjórinn á Akureyri.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

**Kópavogsbær**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórn Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Bæjarlind 8-10. Breytt deiliskipulag.**

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 28. nóvember 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi að Bæjarlind 8-10. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 13. febrúar 2007.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Smári Smárason.
Skipulagsstjóri Kópavogs.

ATVINNA

Mamma™

# Mömmu gengur vel!



Hjá Mömmu starfar lífsglatt, þjónustulundað og metnaðarfullt starfsfólk sem hamast við að gera viðskiptavininn ánægðan og Mömmu stolta.

Mamma ætlar að fjölga í hópnum og þarfnast nú fleiri sölu- og tæknimanna.

Viltu vinna hjá Mömmu?

Farðu þá inn á mamma.is og fylltu út starfsumsókn.

Lífsgleði – þjónusta – metnaður!

Sjónvarp S M L | Sími & Internet S M L | Heimavörn S M L | Tölvur S M L

Mamma.is | 414 9000

ÍSLENSKA/SIA.IS MAM 35809 01.2007

ATVINNA

ICEBANK

# LÖGFRÆÐINGUR

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart sparisjóðum, innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum og öðrum stærri aðilum. Bankinn starfar á sviði erlendra viðskipta, greiðslumiðlunar, fjárstýringar og fjármögnunar í því skyni að veita afmörkuðum hópi innlendra og erlendra viðskiptavina framúrskarandi þjónustu. Með sérhæfingu að leiðarljósi byggir bankinn upp samkeppnishæfa og arðsama starfsemi.

Icebank óskar eftir að ráða lögfræðing í lögfræðiþjónustu bankans. Í boði er krefjandi starf í ört vaxandi fjármálafyrirtæki.

**Starfssvið**
Fjölbreytt verkefni á sviði fjármálalögfræði:

- Samningagerð
- Gerð innri reglna
- Ráðgjöf við afkomusvið og stoðsvið bankans
- Samskipti og samstarf við viðskiptavini hér á landi og erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði lögfræði skilyrði Cand.Jur. menntun æskileg
- Starfsreynsla mikill kostur
- Þekking á fjármálaumhverfi mikill kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Klettur fasteignasala
Skeifunni 11

Sími 534 5400



Sigurður Hjaltested
löggiltur fasteignasali
sigurdur@klettur.is



Guðmundur Kristjánsson
sölustjóri
gudmundur@klettur.is



Kristján Ólafsson, hrl.
löggiltur fasteingasali
kristjan@klettur.is



Svavar Geir Svavarsson
löggiltur fasteignasali
svavar@klettur.is



Valþór Ólason
sölumaður
valthor@klettur.is



Valborg Sigrún Jónsdóttir
skjalagerð
valborg@klettur.is

# RC – hús: Þar sem gæðin skipta máli
# Frístundahús – Íbúðarhús

Sumarið nálgast óðum og því rétt að huga í tíma
að kaupum á efni í glæsileg sumar- og íbúðarhús frá RC húsum
**18 ára reynsla af RC húsum hér á landi.**













Fasteignasalan Klettur selur efni í RC sumarhús og íbúðarhús.
Mikið úrval teikninga er að fá á skrifstofu Kletts.
Efnið í húsin er sérvalin norsk fura í háum styrkleikaflokki (ekki uppsláttartimbur!!)
Efnið er afgreitt að mestu tilsniðið – Einangrun er íslensk steinull.
Utanhúsklæðning er með svokallaðri Royal fúavörn – einstök fúavörn þar sem ekki þarf
að bera á klæðninguna nema á ca 6–10 ára fresti og þá til að fríska uppá litinn.

**Fasteingasalan Klettur getur boðið upp á allmikið úrval lóða undir sumarhús**
**t.d. í Húsafelli og víðar ef áhugi er á því.**
**Allar frekari upplýsingar er að fá hjá sölumönnum Kletts ehf., og einnig á vefslóðinni: rchus.is**

Frum

# SJÓNARHORN



Sólin er eins og geislabaugur yfir þessu litla húsi á Álftanesi. Fréttablaðið/Vilhelm



Óperuhúsið og Hafnarbrúin eru þekktustu kennileiti borgarinnar.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## BORGIN: SYDNEY

### *Fjölmenningin allsráðandi*

Sydney er höfuðborg Ástralíu og ein stærsta borg heims að flatarmáli en íbúar hennar eru um 4,2 milljónir.

Borgin var stofnuð árið 1788 sem fanganýlenda breskra stjórnvalda og var nefnd eftir Sydney lávarði sem var innanríkisráðherra á þeim tíma. Hún er byggð við Jackson-höfn sem er ein stærsta náttúrulega höfn heims og er á suðaustur strönd Ástralíu í fylkinu Nýja Suður-Wales.

Í Sydney býr mikill fjöldi innflytjenda frá suðaustur hluta Asíu og Kyrrahafseyjum auk Ástrala af evrópskum uppruna og frumbyggja og gerir það hana að einni helstu fjölmenningarborg heims.

Borgin er fræg fyrir tvö kennileiti sín sem eru Óperuhúsið og Hafnarbrúin.

Gólfflísar á 1000 kr.fm.
Veggflísar á 650 kr.fm.
Sturtuklefar á frábæru verði!
Verslunin hættir!
HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c, 220 Hfj, s. 553 4488



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.240 **+0,08%** **Fjöldi viðskipta:** 472 **Velta:** 5.473 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Glitnir** | +1,16% | **365** | -1,48% |
| **Bakkavör** | +1,06% | **Alfesca** | -1,26% |
| **Eimskipafélagið** | +0,66% | **Teymi** | -0,85% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,99 -1,48% ... Actavis 70,00 -0,29% ... Alfesca 4,70 -1,26% ... Atlantic Petroleum 612,00 -0,16% ... Atorka 6,60 -0,75% ... Bakkavör 66,70 +1,06% ... Eimskipafélagið 30,70 +0,66% ... FL Group 29,80 +0,34% ... Glitnir 26,20 +1,16% ... Kaupþing 986,00 +0,10% ... Landsbankinn 31,60 -0,32% ... Marel 73,50 -0,68% ... Mosaic Fashions 14,35 -0,35% ... Straumur-Burðarás 19,10 -0,52% ... Össur 106,00 -0,47%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Við Straum verður ekki sakast

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki segir engum vafa undirorpið að bankinn hafi að öllu leyti fylgt réttum lögum við ákvörðun um að færa bókhald og semja ársreikning í evrum.

Bankinn sendi frá sér tilkynningu til Kauphallarinnar í gær til að bregðast við fréttum þar sem sett hefur verið spurningarmerki við lögmæti ákvörðunarinnar. Greint hafði verið frá efasemdum Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, auk þess sem Geir H. Haarde forsætisráðherra upplýsti í sjónvarpsþættinum Silfri Egils á sunnudag að unnið væri að því að kanna hvort farið hefði verið að lögum er umrædd heimild var veitt.



**FORSTJÓRI STRAUMS** Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka, þar sem hann hélt erindi um gjaldmiðilsmál á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við Straum verður ekki sakast þótt skiptar skoðanir séu innan stjórnkerfisins um túlkun laga um ársreikninga og stjórnsýsluframkvæmd ársreikningaskrár," segir í tilkynningu bankans og sá ágreiningur sagður bankanum óviðkomandi.

Bent er á að samkvæmt lögum um ársreikninga sé ársreikningaskrá bær til að veita fyrirtækjum leyfi til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli. „Með bréfi dagsettu 31. október 2006 sótti Straumur um slíkt leyfi til ársreikningaskrár. Erindið var meðal annars stutt þeim rökum að Straumur hefði verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum. Leyfið var veitt með bréfi ársreikningaskrár dagsettu 5. desember 2006. Í bréfinu kemur meðal annars fram að bankinn uppfylli þau skilyrði sem talin eru í 8. gr. laga um ársreikninga," segir bankinn. - óká



**CARS** Góð sala á DVD-diskum með bíómyndunum Cars og Pirates of the Caribbean tvöfaldaði hagnað Disney á síðasta ársfjórðungi.

## Disney tvöfaldar hagnaðinn

Barnvæni bandaríski afþreyingarrisinn Disney skilaði um 1,7 milljarða bandaríkjadala hagnaði á síðasta rekstrarfjórðungi fyrirtækisins. Þetta jafngildir rúmlega 115 milljörðum íslenskra króna sem er rúmlega tvöfalt meiri hagnaður en fyrirtækið skilaði á sama tíma árið 2005.

Þá námu tekjur fyrirtækisins tæpum 9,7 milljörðum bandaríkjadala, jafnvirði 658 milljarðar íslenskra króna, á tímabilinu.

Góð sala á síðustu kvikmyndinni um sjóræningjana í Karíbahafinu og teiknimyndinni Cars á DVD-mynddiskum eiga stóran þátt í auknum hagnaði Disney. - jab

## Samdráttur hjá Vinnslustöð

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum skilaði 335 milljóna króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 442 milljóna króna hagnað árið áður. Samdrátturinn nemur 107 milljónum króna á milli ára.

Heildartekjur Vinnslustöðvarinnar námu rétt rúmum 5,8 milljörðum króna á árinu en það er tæplega 1,4 milljörðum meira en árið á undan. Eigið fé lækkaði um 80 milljónir sem stafar af 445 milljóna króna arðgreiðslu. Á móti hækkaði eigið fé vegna mismunar á kaupum og úthlutun eigin bréfa til hluthafa. Gengistap nam 796 milljónum króna sem er viðsnúningur frá 280 milljóna gengishagnaði árið 2005. - jab

## Marel birtir uppgjör í dag

Marel hagnast um rúmar 44 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2006 gangi eftir meðalspá viðskiptabankanna þriggja.

Félagið birtir í dag ársuppgjör og heldur á morgun kynningarfund fyrir fjárfesta þar sem farið verður yfir ársreikning þess.

Glitnir spáir félaginu sýnu minnstum hagnaði á fjórða ársfjórðungi, 38 milljónum króna, Kaupþing spáir 46 milljóna króna hagnaði og Landsbankinn 49 milljónum króna. Gangi meðalspá bankanna eftir nemur árshagnaður fyrirtækisins rúmum 103 milljónum króna. - óká

**Leiðrétting**

Ekki var ætlunin að láta að því liggja að starfsemi Bridge Group International hér á landi væri varasöm, líkt og hægt var að álykta af millifyrirsögn í Peningaskáp viðskiptasíðu á laugardag. Beðist er velvirðingar á mistökunum.




# Ný fyrirmynd í flutningum

Stærri, sterkari og betri

Nýr Mercedes-Benz Sprinter setur nýjan gæðastaðal fyrir sendiferðabíla. Hann er rúmbetri, öruggari og þægilegri en nokkru sinni fyrr. Með upphækkuðu þaki, allt upp í 17 rúmmetra rými og flutningsgetu upp á 3 tonn getur þú flutt nánast hvað sem er í Sprinter. Og til að auðvelda þér að koma því fyrir eru dyrnar 1,3 metrar á breidd.

Ein af merkari nýjungum Sprinter er ADAPTIVE ESP® stöðugleikakerfi sem vaktar og verndar farm bílsins og gerir þar með ferðina með dýrmætan varninginn margfalt öruggari. Í farþegarými er lykilorðið þægindi þar sem öll hönnun tekur mið af því að ökumanninum líði sem best á langri keyrslu. Komdu og kynntu þér rúmbesta Sprinter allra tíma.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA - Atvinnubílar · Skútahrauni 2a · 220 Hafnarfirði · Sími 590 2100.

**TÓNSKÁLDIÐ RICHARD WAGNER (1813-1883) LÉST Á ÞESSUM DEGI**

*„Hlutir fela ekki í sér gleði, hún býr í okkur.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. FEBRÚAR 1984

## Tsjernenko kemst til valda



Konstantín Tsjernenko tók við formannsembætti Kommúnistaflokks Sovétríkjanna á þessum degi árið 1984, fjórum dögum eftir að forveri hans, Júrí Andropov, geispaði golunni.

Tsjernenko fæddist árið 1911 og gekk í Kommúnistaflokkinn þegar hann var tvítugur. Hann var undir verndarvæng Léoníds Brésnev og reis til metorða í formannstíð hans. Þegar Brésnev lést 1982 bjuggust margir við að Tsjernenko myndi taka við en Andropov hreppti hins vegar hnossið þar sem hann þótti meiri umbótasinni. Hann lést eftir aðeins fimmtán mánuði í embætti og Tsjernenko tók við stjórnartaumunum. Stjórnartíð hans minnti á daga Brésnevs. Hann hætti við þær fáu efnahags- og pólitísku umbætur sem Andropov réðst í og sló harðari tón í utanríkisstefnu. Heilsu formannsins fór hins vegar fljótt hrakandi. Þegar hann lést 10. mars 1985 tók Mikhaíl Gorbatsjov við völdum en stjórnartíð hans lyktaði með upplausn Sovétríkjanna árið 1991.

**FABRIZIO FRASCAROLI:** FYRSTUR ERLENDRA

## Mörg tilefni til

Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands, hlaut meirihluta atkvæða til Stúdentaráðs Háskóla Íslands fyrir helgi og fimm menn kjörna í ráðið. Ítalski mannfræðineminn Fabrizio Frascaroli er fimmti maður á lista Röskvu og eftir því sem næst verður komist er hann fyrsti útlendingurinn sem tekur sæti í Stúdentaráði Háskóla Íslands. „Það hefur að



**FABRIZIO FASCAROLI** Kom fyrst til Íslands sem skiptinemi um aldamótin og líkaði svo vel að hann settist hér að.

---



✝

*Eiginkona mín og móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Sigurrós Jóhannsdóttir,**

Mið-Móa í Fljótum,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri laugardaginn 3. þessa mánaðar. Útför hennar fer fram laugardaginn 17. þessa mánaðar. Athöfnin hefst í Sauðárkrókskirkju kl. 13.00. Jarðsett verður að Barði í Fljótum.

**Páll Ragnar Guðmundsson**
**Guðmundur Óli Pálsson** **Guðrún Kristín Kristófersdóttir**
**Sigríður Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Hjartkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður J. Guðlaugsdóttir**

(Sissý), Vogatungu 75, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 31. janúar sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát hennar og útför.

**Hilmar Þorkelsson**
**Guðlaugur Ævar Hilmarsson** **Steinunn Aldís Einarsdóttir**
**Jóhannes Ævar Hilmarsson** **Berglind Jóhannsdóttir**
**Sverrir Ævar Hilmarsson** **Steinunn Sigríður Jakobsdóttir**
**Jakob Ævar Hilmarsson** **Kristín Þorsteinsdóttir**
**Hilmar Ævar Hilmarsson** **Anna Heiða Pálsdóttir**
**Kristinn Ævar Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Steinsdóttir,**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 20. febrúar kl. 14.

**Eysteinn Jónsson** **Jóna Þorgeirsdóttir**
**Unnur Jónsdóttir**
**Björn Jónsson** **Sigríður Ketilsdóttir**
**Steinn Þór Jónsson** **Eva Þorkelsdóttir**
**Elsa Jónsdóttir** **Jón Haukur Bjarnason**
**Guðmundur Jónsson** **Þorbjörg Björnsdóttir**
**Ólafur Jónsson** **Kristín Sigurðardóttir**
**Sigurjón Jónsson**
**Erla Sigurðardóttir** **Hannes Óli Jóhannsson**
**og ömmubörn.**

---



✝

*Elskulega fjölskylda og vinir. Kærar þakkir fyrir allan stuðninginn sem við höfum fengið við brottför*

**Torfa Freys Alexanderssonar**

af þessari jörð. Minning hans lifir í hjörtum okkar. Ekki gleyma gleðinni og kærleikanum. Guð blessi ykkur öll.

**Renata Edwardsdóttir**
**Karólína Vilborg Torfadóttir**
**Hafdís Lilja Torfadóttir**
**Alexander Valdimarsson**
**Hafdís Lilja Pétursdóttir** **Ágúst Guðmundsson**
**Bjarki Þór Alexandersson** **Elín Jónsdóttir og Óliver**
**Soffía Bæringsdóttir** **Helgi Hafsteinsson**
**Hlynur Bæringsson** **Unnur Edda Davíðsdóttir**
**Valdimar Ólafsson** **Helga Árnadóttir**
**Vilborg Torfadóttir**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Sigurrós Sigurðardóttir**

til heimilis að Miðtúni 86, Reykjavík,

lést á Landspítalanum hinn 7. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 14. febrúar kl. 15.00.

**Magnús Guðmundsson** **Þuríður Pétursdóttir**
**Svanhildur Guðmundsdóttir** **Sverrir Örn Kaaber**
**Sigurður Þór Guðmundsson** **May Elí Torsteinsdatter**
**Þorvaldur Guðmundsson** **Guðbjörg Vallý Ragnarsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** **Guðmundur Þorgils Þorkelsson**
**Einar Ingvar Guðmundsson** **Brynhildur Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær tengdafaðir minn, afi, langafi og bróðir,*

**Jóhann Hallvarðsson**

frá Geldingaá, Prestastíg 6, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítala Landakoti aðfaranótt föstudagsins 9. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigríður Ósk Óskarsdóttir**
**Jóhann Davíð Snorrason** **Valdís Ólafsdóttir**
**Ingvi Pétur Snorrason** **Ásdís Erla Jónsdóttir**
**Snorri Ingvarsson**
**Auður Ingvadóttir**
**Björg Hallvarðsdóttir.**

---



✝

*Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Símon Jóhannsson (Lilaa)**

fv. verkstjóri hjá Hafskip,

verður jarðsunginn í Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 14. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hanns er bent á Minningarsjóð Félags eldri borgara. Reikn. 1158 - 26 - 185.

**Borghildur Símonardóttir** **Þorgeir Daníelsson**
**Gunnlaugur Marteinn Símonarson**
**Jóhann Páll Símonarson** **Viktoría Hólm Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar elskulega föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Eggerts Reynarðs Pálssonar**

frá Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis Hornbrekku, Ólafsfirði, fyrir mjög góða umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Mikael Gestur Mikaelsson**
**Minný Kristbjörg Eggertsdóttir** **Ari Sigþór Eðvaldsson**
**Margrét Ólöf Eggertsdóttir** **Pétur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær sonur minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bergþór Njáll Guðmundsson,**

lést að morgni föstudagsins 9. febrúar. Útförin auglýst síðar.

**María Magnúsdóttir**
**María Bergþórsdóttir** **Guðmundur Hjálmarsson**
**Helgi Bergþórsson**
**Kristín Bergþórsdóttir** **Pétur Þór Lárusson**
**Ingibjörg H. Bergþórsdóttir** **Guðmundur Kr. Ragnarsson**
**Guðmundur Örvar Bergþórsson** **Aðalheiður Gísladóttir**
**Rúnar Þór Bergþórsson**
**Albert Valur Albertsson**
**Brynjar Bergþórsson** **Apríl Eik Stefánsdóttir**
**barnabörn og baranbarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson

Hermann Jónasson

Geir Harðarson

Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Útur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

## MERKISATBURÐIR

1542 Catherine Howard, fimmta eiginkona Hinriks VIII Englandskonungs, er hálshöggvin fyrir framhjáhald.

1635 Fyrsti almenningsskólinn í Bandaríkjunum opnaður í Boston.

1668 Spánn viðurkennir sjálfstæði Portúgals.

1935 Bruno Richard Hauptmann er fundinn sekur um ránið og morðið á barni Charles og Anne Lindbergh.

1945 Rússneskir hermenn ná yfirráðum í Búdapest af þýska hernum.

1960 Frakkar sprengja sína fyrstu kjarnorkusprengju.

1996 Söngleikurinn Rent eftir Jonathan Larson er frumsýndur í Bandaríkjunum.




# 70 ára í dag

Belíve it or not?

**Þórir H. Ottósson**

til heimilis að Hátúni 10b.

Ef þið, vínir og vandamenn, viljið heiðra mig, lítið við á CLASSIK, Ármúla 5, milli kl. 19 til 21 í kvöld og hittið gæjann.





# 70 ára afmæli

Sjötugur er í dag

**Sigurgeir Ísaksson**

Tjarnartúni 3, Akureyri.

Hann verður að heiman í dag.


NEMA Í SHÍ

## fagnaðar

minnsta kosti ekki gerst í fjöldamörg ár,“ segir Fabrizio til að slá varnagla.

Fabrizio var að vonum kampakátur með sigurinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum, enda er þetta í fyrsta sinn í fimm ár sem Röskva fær hreinan meirihluta í Stúdentaráði. „Þetta var virkilega góður sigur og við auðvitað í skýjunum,“ segir hann. „Það spillir ekki fyrir að Röskva er nítján ára um þessar mundir og því ýmsu að fagna.“

Fabrizio þekkir vel til Háskóla Íslands, hann kom fyrst til Íslands árið 2000 sem skiptinemi við HÍ. Honum líkaði svo vel að hann settist hér að, lauk B.A.-prófi í mannfræði árið 2003 og á því síðasta skráði hann sig í meistaranám í sama fagi. Undanfarin ár hefur Fabrizio einnig rekið Stúdentakjallarann, sem hefur gengið í endurnýjun lífdaga undir hans stjórn.

Fljótlega eftir að hann hóf nám við HÍ komst Fabrizio í kynni við félagsstarf Röskvu og fann sig vel þar. „Þetta var virkilega gott fólk, með svipaðar áherslur og lífsskoðanir og ég. Þau tóku mér vel frá upphafi og ég er hæstánægður með að hafa fengið að leggja lóð á vogarskálar þeirra.“

Fabrizio hlakkar til að hefja störf í Stúdentaráði og segir að mörgu að huga hvað hagsmuni stúdenta snertir. „Ég hef mestar áhyggjur af bilinu sem hefur myndast milli stjórnmálamanna og almennings. Það birtist til dæmis í háskólasamfélaginu og ég held að það sér mikilvægt að brúa það bil.“

bergsteinn@frettabladid.is

## AFMÆLI



Agnar Guðnason ráðunautur er 70 ára.



Tómas Ingi Olrich, sendiherra í Frakklandi, er 64 ára.



Fríða Rún Þórðardóttir, næringarráðgjafi og einkaþjálfari, er 37 ára.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# MYNDAVÉLATILBOÐ

## OLYMPUS Á SÖGULEGU LÁGMARKSVERÐI

7.1 MEGA PIXEL

MEÐ HRISTI VÖRN



OLYMPUS MJU740BL

STAFRÆN MYNDAVÉL með 7,1 milljón punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu (35mm samb.: 36 - 180mm), 2,5” LCD skjá (215.000 pixlar) frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndatöku með hljóði, USB tengingu við tölvu, 17Mb innbyggðu minni. Tekur xD kort. Fæst í blá eða silfurlit.

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 33.990



6 MEGA PIXEL

OLYMPUS FE170

STAFRÆN MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2,5” LCD skjá, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 10Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 15.990



FÆST Í MÖRGUM LITUM

7.1 MEGA PIXEL

OLYMPUS MJU700

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 19.1 mb minni. Tekur xD kort. FÆST Í FJÓRUM LITUM!

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 29.990



8 MEGA PIXEL

OLYMPUS MJU800

Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 8 - 24mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 21.3mb minni. TekurxD kort.

TILBOÐ 22.990
FULLT VERÐ kr. 39.990



7.1 MEGA PIXEL

TVÖFÖLD HRISTI VÖRN

OLYMPUS MJU750SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital, 6.4 - 32mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, hristivörn, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 17 Mb minni. Tekur xD kort.

TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 36.990

## STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR ÁN SPÓLU



INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL

EVERIO FYLGIR VÉLINNI

JVC

GZMG47SHARE Örsmá Digital Media TÖKUVÉL með **20GB** hörðum diski (**allt að 25 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/5” upptökuflögu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2,7” LCD skjá, F1.2 linsu, tekur Secure Digital kort, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. Everio Share Station fylgir. Tekur SecureDigital kort.

## Everio Share Station

## SKRIFAR BEINT Á DVD DISKA

20GB HARÐUR DISKUR

VERÐ 74.990
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

LÖGFRÆÐINGAR OG HÁKARLAR Í HOLLYWOOD

Shark hefst í kvöld kl. 21:35




# STUÐ MILLI STRÍÐA: Að vera utan við sig

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SJÚKDÓMSGREINIR FJÖLSKYLDUNA



„Ég át pillu fyrir hundinn,“ sagði konan á hinum enda línunnar. „Ég var bara að hugsa um eitthvað allt annað og sá þessar tvær pillur, hélt að þær væru fyrir mig og tók þær,“ bætti hún við. Sagðist síðan hafa verið eitthvað utan við sig og þess vegna hefði þetta gerst. Til upplýsingar má benda á að þessar pillur voru handa fjórfætlingnum sem glímir við mikið ofnæmi en það hefur áhrif á feldinn. Sem betur fyrir konuna hafði þetta ekki mikil áhrif á starfsemi líkamans. Hár fóru ekki vaxa á ólíklegum stöðum og engar fregnir hafa borist um að „feldurinn“ hennar sé eitthvað orðinn betri þrátt fyrir að lyfið eigi að virka þannig. Hundurinn slapp hins vegar fyrir horn enda meinilla við hvers kyns pilluát.

Þessi arfgengi „sjúkdómur“ hefur lengi herjað á fjölskyldu konunnar og getur haft áhrif á utanaðkomandi sem koma inni í fjölskylduna. Þeir upplifa að finna veski í ísskápnum, ostinn þar sem glösin eru og mjólkina í híbýlum ruslafötunnar. Ósjaldan hefur það komið fyrir að þeir standi hreinlega og gapi þegar matvörunni hefur haganlega verið stillt upp inni á baðherberginu eins og um hreinlætisvöru væri að ræða. Sjúklingurinn hefur þá ekki gert sér grein fyrir athæfi sínu og horfir oft ásökunaraugum á sakleysingjann og þykist ekkert vita um málið. „Ég gerði þetta ekki,“ afsakar hann sig og snýr sér að daglegu amstri.

Ekki er til nein lækning við þessum kvilla. Í það minnsta engin sem vitað er um. Sjúkdómurinn hefur verið kallaður ýmsum nöfnum en um hann hefur þó aldrei verið skrifað í læknatímaritum. Hann birtist oftast þegar síst skyldi og getur haft kostulegar afleiðingar. Aðstandendum skal bent á að nálgast skuli þessa einstaklinga með mikilli varúð og nærgætni, sýna þeim þolinmæði og láta sem ekkert hafi í skorist. Aðeins þannig er hægt að lifa í sátt og samlyndi með þeim sem eru haldnir sjúkdómnum „að vera utan við sig“.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**!** **Kl. 20.00**

*Mannfræðingurinn dr. Katrín Anna Lund heldur erindi á vegum Mannfræðingafélags Íslands. Erindi hennar „Að skapa fjöll eða, einn daginn gæti einhver aulinn skrifað doktorsritgerð um þetta“ fjallar um rannsókn sem gerð var meðal fjallgöngufólks í Skotlandi þar sem rýnt er í tengslin milli þeirrar líkamlegu athafnar að ganga og frásagna fjallgöngufólks af göngum sínum. Reykjavíkurakademían, Hringbraut 121, 4.hæð.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Schiller í Goethe-bíó*

Goethe-stofnunin á Íslandi stendur fyrir kvikmyndasýningu í Þjóðarbókhlöðunni á þriðjudagskvöldum. Í kvöld er mynd Martins Weinhart, Schiller, á dagskránni en þar er á ferðinni áhrifamikil sviðsetning á sjálfsævisögu Friedrich Schiller með hinum snjalla leikara Matthias Schweighöfer í titilhlutverki þessa fræga ljóðskálds og hugsuðar þýskrar klassíkur.

Í kvikmyndinni heldur leikstjórinn sig nákvæmlega við sögulegar staðreyndir en takmarkar sig að vísu við það tímabil sem Friedrich Schiller starfaði í Mannheim á árunum 1783 til 1785 og er Schiller fremur sýndur sem hugsjónamaður en viðurkennt ljóðskáld.
Myndin er textuð á ensku og er aðgangur ókeypis.



**FRIEDRICH SCHILLER**



**FRÉTTAMYNDIR** Á sýningunni Útkall 2006 eru ljósmyndir af fólkinu sem bregst við þegar eitthvað bjátar á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í almannaþágu gegn vá

Um síðustu helgi var ljósmyndasýningin Útkall 2006 opnuð í Kringlunni. Sýningin var sett upp í tilefni 112-dagsins sem haldinn var hátíðlegur víða um land á sunnudaginn en þá efndu viðbragðsaðilar í björgun og almannavörnum til fjölbreyttrar dagskrár þar sem störf sjálfboðaliða í forvörnum, leit og björgun, almannavörnum og neyðaraðstoð voru kynnt.

Á sýningunni má finna úrval ljósmynda af björgunarfólki, slökkviliðs- og lögreglumönnum sem og sjálfboðaliðum Rauða krossins við störf sín – allt frá myndum af hversdagslegum atburðum úr amstri dagsins til mynda af björgunaraðgerðum og slysstöðum til sjós og lands.

Þetta er í þriðja sinn sem sýningin Útkall er haldin en myndirnar hafa vakið töluverða athygli enda er þar að finna fréttaljósmyndir sem sumir hafa séð í augnablik en mögulega ekki gefið sér tíma til þess að skoða nánar.

Á sýningunni gefst einnig tækifæri til þess að skoða myndirnar í samhengi en þær varpa þar með ljósi á hið fjölbreytta starf íslenskra sjálfboðaliða og fagfólks sem margir treysta á þegar í nauðir rekur.

Myndirnar eru teknar af atvinnuljósmyndurum, flestar af ljósmyndurum Fréttablaðsins og Morgunblaðsins. Sýningin er opin á þjónustutíma Kringlunnar og stendur til 16. febrúar.

**- khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

10 11 12 **13** 14 15 16

**Þriðjudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.10 Sérfræðileiðsögn um grunnsýningu **Þjóðminjasafnsins**. **Steinunn Kristjánsdóttir** fornleifafræðingur gengur með gestum um grunnsýningu safnsins og staldrar við hjá gripum sem minna á líf barna, kvenna og karla í tæp 1200 ár á Íslandi.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Í **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarnar verða opnar til 4. mars.

☐ 13.00 **Eygló Harðardóttir** sýnir í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Á sýningunni **Leiðsla** eru skjáverk, málverk á pappír, teikningar og þrívíð verk.

☐ 13.00 **Linda Björk Óladóttir** opnaði nýlega málverkasýninguna Kona í **DaLí** gallery á Akureyri. Sýningin stendur til 25. febrúar og eru allir velkomnir.

☐ 13.00 **Aðalheiður Eysteinsdóttir** sýnir í **Anima gallerí**, **Ingólfsstræti 8,** 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga-laugardaga kl.13-17, **www.animagalleri.is.**

☐ 13.00 **Kristín Guðmundsdóttir** sýnir á **Café Karolínu** á Akureyri. Sýningin **Barnslegar minningar + löstur mannsins** samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Sýningin stendur til 2. mars.

☐ 13.00 Sýning á verkum **Kristins E. Hrafnssonar** stendur yfir í **galleríi i8** á Klapparstíg til 24. febrúar. Opið er þri-föst. kl. 11-17 og laug. kl. 13-17.

☐ 14.00 **Erlingur Jón Valgarðsson** sýnir í **Jónas Viðar Gallery** í Kaupvangsstræti 12 í **Listagilinu** á Akureyri. Sýningin stendur yfir til 25. febrúar en galleríið er opið milli 13-18 föstudaga og laugardaga.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


allt bílar
Alla laugardaga

Leikhópurinn **Á senunni** og **Hafnarfjarðarleikhúsið** kynna söngleikinn:
**Abbababb!** eftir Dr. Gunna
2. sýning lau. 17. febrúar kl. 14.00
3. sýning lau. 17. febrúar kl. 17.00
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Forsala hefst mánudaginn 5. febrúar

BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í GLÆNÝRRI GAMANSÝNINGU
SALA Í FULLUM GANGI Á EFTIRFARANDI SÝNINGAR:
í febrúar:
10/2, 15/2, 16/2, 17/2, 23/2, 24/2, 25/2.
Í mars:
2/3, 3/3, 4/3, 7/3, 9/3, 10/3, 15/3, 17/3, 18/3, 22/3, 23/3, 24/3, 29/3, 30/3, 31/3.
Allar sýningar hefjast kl. 20 nema 10/3 kl. 15.
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!
Miðasalan í Iðnó er opin 11.00 til 16:00 virka daga og tveim tímum fyrir sýningu. Sími miðasölu er 562 9700.
TP THORSSON PRODUCTIONS
midi.is






Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY
**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
fös. 16. feb. – sun.18. feb. - fös. 23. feb. - sun. 25. feb. - fös. 2. mars
SÝNINGAR HEFJAST KL. 20 - ALLRA SÍÐASTU SÝNINGAR
**Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15**
Landsvirkjun
**ÓPERUDAGAR EVRÓPU**
**Laugardagur 16. feb. & Sunnudagur 18. feb: Opið hús frá kl.12.00 báða daga: Leiðsögn um húsið, tónleikar, markaður ofl. Uppl. á www.opera.is**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20
Fim 1/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20
Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 16/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20
Lau 10/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

MEIN KAMPF
Fim 15/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Fös 16/2 kl. 20 UPPS. Lau 17/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/2 kl. 20 Sun 25/2 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20 Sun 11/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 17/2 kl. 20 UPPS. Lau 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 22:30 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Lau 3/3 kl. 22:30 AUKAS. Fim 8/3 kl. 21 UPPS.
Fös 16/3 kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 AUKAS.
Lau 24/3 kl. 22:30 AUKAS.

DAGUR VONAR
Lau 17/2 kl.20 UPPS. Sun 18/2 kl. 20 UPPS.
Fös 23/2 kl.20 UPPS. Sun 25/2 kl. 20 UPPS.
Fim 1/3 kl. 20 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Fös 9/3 kl. 20 Fim 15/3 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin

LEIKHÚSSPJALL
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14
Sun 4/3 kl. 14 Sun 11/3 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 16/2 kl. 20 UPPS. Fim 22/2 kl. 20
Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 18/2 kl. 13, 14,15, Sun 25/2 kl. 13,14,15,
Sun 4/3 kl. 13,14, 15, Sun 11/3 kl.13, 14, 15,
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Fös 23/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 25/2 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Stóra sviðið kl. 20:00
**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Aukasýning 23/2 nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning!
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17: 00 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus.
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 **örfá sæti laus**, fös. 2/3 og lau. 3/3 örfá sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 17/2 **kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus, þri. 20/2 örfá sæti laus,** mið. 21/2 uppselt**, lau. 24/2 nokkur sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00** uppselt, **þri. 6/3 kl. 17:00** uppselt.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**
Kassinn kl. 20:00
**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
**Fös. 16/2.**
Kúlan
**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 17/2 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 uppselt, sun. 18/2 kl. 13.30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.
**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Drottningin besta myndin

**Kvikmyndin The Queen, sem fjallar um viðbrögð bresku konungsfjölskyldunnar við dauða Díönu prinsessu, var valin besta myndin á Bafta-verðlaunahátíðinni sem var haldin í London í fyrrakvöld.**

Helen Mirren, sem nýlega fékk Golden Globe-verðlaunin, var jafnframt kjörin besta leikkonan í aðalhlutverki og fékk myndin því tvenn verðlaun en hún hafði verið tilnefnd til tíu í heildina.

**Þriðju verðlaun Whitaker**

The Last King of Scotland hlaut þrenn verðlaun, þar á meðal sem besta breska myndin, auk þess sem Forest Whitaker var kjörinn besti leikarinn í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á einræðisherranum frá Úganda, Idi Amin. Þetta voru þriðju verðlaun Whitaker á skömmum tíma, því hann hafði áður fengið Golden Globe- og Screen Actors Guild-verðlaunin fyrir frammistöðu sína. „Þetta skiptir mig miklu máli því það er mjög merkilegt að fá viðurkenningu utan heimalandsins,“ sagði hann.


**HJÓN** Forest Whitaker ásamt eiginkonu sinni. Whitaker hlaut Bafta-verðlaunin og kom það fáum á óvart.


**EVA GREEN** Franska leikkonan Eva Green, sem sló í gegn í Casino Royale, var kjörin efnilegasta stjarnan á Brit-verðlaunahátíðinni.

**Little Miss með tvennu**

Paul Greengrass var valinn besti leikstjórinn fyrir myndina United 93. Myndin Little Miss Sunshine fékk tvenn verðlaun, annars vegar fyrir besta handritið og hins vegar hlaut Alan Arkin verðlaun sem besti aukaleikarinn. Besta aukaleikkonan var kjörin Jennifer Hudson fyrir hlutverk sitt í Dreamgirls.

Nýjasta James Bond-myndin, Casino Royale, hafði verið tilnefnd til níu Bafta-verðlauna en hlaut aðeins ein, fyrir besta hljóðið.

**Pan´s Labyrinth sigursæl**

Ævintýramyndin spænska Pan´s Labyrinth fékk þrenn verðlaun, þar á meðal sem besta erlenda myndin. Kynnir hátíðarinnar var sjónvarpsmaðurinn Jonathan Ross. Tók hann við keflinu af leikaranum Stephen Fry sem hafði kynnt hátíðina við miklar vinsælir síðustu sex árin.


**HELEN MIRREN** Leikkonan virta fékk Bafta-verðlaunin fyrir frammistöðu sína sem Elísabet Englandsdrottning.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**BOND** Daniel Craig, sem leikur James Bond, ásamt kærustu sinni, Satsuki Mitchell.

# Var háður netklámi

Anthony Kiedis, söngvari Red Hot Chili Peppers, var háður netklámi en tókst að venja sig af ósiðnum þegar hann sá í hvað stefndi.

„Loksins þegar ég fékk mér tölvu uppgötvaði ég hinn ótakmarkaða heim klámsins. Ég áttaði mig á því að tilfinningin sem ég fékk var sú sama og þegar mig langaði í eiturlyf á árum áður. Ég varð að taka mig í gegn til að ég gæti hætt,“ sagði Kiedis.


**ANTHONY KIEDIS** Söngvari Red Hot Chili Peppers var háður netklámi.


# Veldu þann sem þér líkar best

Mazda hefur lægstu bilanatíðni allra bíla samkvæmt rannsókn tryggingafélagsins Warranty Direct. Helmingi lægri en Toyota. Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl. Þess vegna eru gæði Mazda góður kostur fyrir þig. Veldu þann sem þér líkar best. Uppgötvaðu nýja og betri þjónustu Mazda á Íslandi. Veldu sportlega og praktíska hönnun. Núna Mazda3.

**Spurðu Mazda eigendur um þjónustu Brimborgar. Komdu í Brimborg og reynsluaktu Mazda3.**




**Spurðu um endursöluverð á Mazda. Komdu í nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**






GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á myndum eru þokuljós og 17" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Kántrígellur sigursælastar á Grammy

**Kántríhljómsveitin The Dixie Chicks sópaði til sín verðlaunum á Grammy-verðlaunahátíðinni sem var haldin í Bandaríkjunum um helgina. The Red Hot Chili Pepper hlaut fern verðlaun.**

Gellurnar í The Dixie Chicks hlutu alls fimm verðlaun, þar á meðal fyrir bestu plötuna og besta lagið. Fjögur ár eru liðin síðan sveitin olli miklu fjaðrafoki þegar hún sagðist á tónleikum skammast sín fyrir það að George Bush Bandaríkjaforseti kæmi frá Texas eins og þær. Fyrir vikið var hljómsveitin bönnuð á mörgum bandarískum útvarpsstöðvum auk þess sem meðlimirnir fengu margar dauðahótanir. „Við hefðum ekki getað gert þessa plötu án þess að hafa lent í öllu því sem við höfum lent í, þannig að við sjáum ekki eftir neinu,“ sagði Emily Robison út The Dixie Chicks.

**Red Hot með fernu**

Kaliforníu-rokkararnir í The Red Hot Chili Peppers fengu fern Grammy-verðlaun. Meðal annars var tvöfalda platan þeirra, Stadium Arcadium, valin besta rokkplatan og Dani California besta rokklagið. Bandaríska R&B-söngkonan Mary J Blige hlaut einnig fern verðlaun en hún hafði fengið flestar tilnefningar, eða átta talsins.

**Spiluðu Roxanne**

Breska hljómsveitin The Police, sem hyggur á tónleikaferð eftir áralangt hlé, hóf leikinn á hátíðinni með því að spila slagarann Roxanne frá árinu 1979. Stóðu hinir tólf þúsund áhorfendur í salnum upp að því loknu og hylltu sveitina. „Dömur og herrar, við erum hljómsveitin The Police og við erum mættir aftur,“ sagði bassaleikarinn og söngvarinn Sting.

**Blunt tómhentur**

Athygli vakti að breski söngvarinn James Blunt, sem var tilnefndur til fimm verðlauna, fór heim til sín tómhentur, rétt eins og landar hans Corinne Bailey Rae, KT Tunstall og hljómsveitin The Artic Monkeys.

Carrie Underwood, sem vann American Idol-keppnina árið 2005, hlaut þrenn verðlaun, þar á meðal sem besti nýliðinn. Justin Timberlake vann fyrir besta danslagið, Sexy Back, og fyrir dúett sinn með TI, My Love. Þá fékk Gnarls Barkley tvenn verðlaun, annars vegar fyrir bestu jaðarplötuna og hins vegar bestu frammistöðuna í jaðargeiranum.



**THE DIXIE CHICKS** Bandaríska kántríhljómsveitin sópaði til sín Grammy-verðlaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RED HOT CHILI PEPPERS** Kaliforníu-rokkararnir fengu fern verðlaun, m.a. fyrir tvöföldu plötuna Stadium Arcadium.



**MARY J BLIGE** Söngdívan hlaut fern Grammy-verðlaun.



**JAMES BLUNT** Breski söngvarinn James Blunt með kærustu sinni, tékknesku fyrirsætunni Petra Nemcova.



**QUENTIN TARANTINO** Tarantino mætti til hátíðarinnar ásamt vini sínum, rappranum RZA.






**Veldu rétt**

Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman gæði og þjónustu Mazda og Toyota. Prófaðu eitthvað nýtt. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Prófaðu aðra eiginleika. Prófaðu önnur þægindi. Núna Mazda3.

***Skoðaðu góðgætin á lista staðalbúnaðar Mazda3.***

**Mazda3 Touring**
**5 dyra 1,6i 5 gíra**
**Verð 1.980.000 kr.***

**MAZDA3 TOURING**
**Staðalbúnaður**
ABS diskahemlar á öllum hjólum
EBD hemlajöfnun með EBA hemlahjálp
DSC stöðugleikastýring
Þriggja punkta öryggisbelti í öllum sætum
Stillanlegir höfuðpúðar á öllum sætum
Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
í framsæti ásamt hliðarloftpúðum í sætum
Loftpúðagardínur að framan og aftan
Dagljósabúnaður
Hreinsibúnaður á framljósum
Fjarstýrð samlæsing
ISOFIX festingar fyrir barnabílstól í aftursæti
Leðurklætt velti- og aðdráttarstýri
með útvarpsstillingum
Hæðarstillanlegt bílstjórasæti.
Rafdrifnar rúðuvindur að framan og aftan
15"stálfelgur með heilum koppum
Samlitir speglar,hurðarhúnar og hliðarlistar
Armpúði milli framsæta með hólfi
Glasahaldarar milli framsæta og
í afturhurðum
Litað gler
Auka hemlaljós að aftan
Upphitaðir og rafstýrðir útispeglar
Loftkæling
Speglar í sólskyggnum
Upphituð framsæti
Niðurfellanleg aftursætisbök 60/40
Bensínlok opnanlegt innan frá
Útvarp með geislaspilara og
4 hátölurum
Útihitamælir
Ljós í farangursrými
Frjókornasía
Leðurklæddur gírhnúður
Miðstöðvarblástur afturí
Gúmmímottur að framan og aftan
Metallitur

**MAZDA3 TOURING PLUS**
**Búnaður umfram Touring**
Aksturstölva
16" álfelgur
Dekk 205/55R16
Þokuljós að framan
Sjálfvirk loftkæling (air-con)

**MAZDA3 SPORT**
**Búnaður umfram Touring Plus**
6 gíra
17" Álfelgur
Xenon framljós
Díóðuafturljós
Útvarp með geislaspilara og
6 hátölurum
Samlitt grill
Sport sílsalistar
Sport þokuljós í stuðara
Sport stuðarar að framan og aftan
Sport sæti og áklæði
Vindskeið
Regnnemi fyrir rúðuþurrkur
Krómstútur á púststerfi
TCS spólvörn
Hraðastillir

**Vertu sportlegur**
**Veldu annan stíl**
**Núna Mazda3**

**Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl**
**Núna Mazda3**
**Frábær í endursölu**

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE PURSUIT OF HAPPYNESS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| ANNA AND THE MOODS ENSKT TAL | kl. 4, 6 og 7 STUTTMYND / ÓTEXTUÐ |
| ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ÍSL. TAL | kl. 4 og 5 STUTTMYND |
| ROCKY BALBOA | kl. 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| PAN'S LABYRINTH | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| ANNA AND THE MOODS ENSKT TAL | kl. 6 og 7 STUTTMYND / ÓTEXTUÐ |
| ROCKY BALBOA | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE CHILDREN | kl. 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ/COLD TRAIL | kl. 8 ENGLISH SUBTITLES B.I. 12 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| THE PURSUIT OF HAPPYNESS | kl. 8 og 10.20 |
| ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ÍSL. TAL | kl. 6 og 7 STUTTMYND |
| ROCKY BALBOA | kl. 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DREAMGIRLS | kl. 5.40 og 8 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Spænska leikkonan **Penelope Cruz** segist ekki eiga í ástarsambandi við franska leikarann **Olivier Martinez**, sem nýlega hætti með **Kylie Minogue**. Fyrir skömmu sást til þeirra snæða saman á veitingastað í Los Angleles og fór þá orðrómurinn á kreik. „Ég og Olivier höfum verið vinir í sjö ár. Við erum mjög náin. Hann á erfitt uppdráttar þessa dagana og ég hef reynt að styðja hann eftir fremsta megni," sagði Cruz.



**Nick Cave** er byrjaður að semja lög á næstu plötu hljómsveitarinnar Nick Cave and the Bad Seeds. Upptökur hefjast í júní eða júlí. Platan mun eiga að fylgja eftir vinsældum tvöföldu plötunnar Abbatoir Blues/The Lyre of Orpheus sem kom út 2004. Hliðarhljómsveit Cave, Grinderman, gefur jafnframt út sína fyrstu plötu í mars.

# Stórkostleg frumraun

Þessi sveit er í efsta sæti á sölulista Virgin Megastore í London þessa dagana og ég verð að viðurkenna að ég er frekar hissa. Ekki vegna þess að ég eigi erfitt með að tengja mig við þessa frumraun bresku Íslandsvinanna í Klaxons, heldur einmitt vegna þess að ég á auðvelt með það.

Ég býst við því að sveitin geti fagnað óvæntri velgengni sinni þeirri staðreynd að lag þeirra Atlantis To Interzone varð afar vinsælt á dansgólfum klúbbanna í London í sumar. Ég náði í skottið á þeim þegar þeir spiluðu á Airwaves núna síðast og var mjög heillaður.

Mig grunar að þessi sveit gæti orðið sú fyrsta í nýrri breskri bylgju, sem mun einkennast af tilraunakenndum og hávaðasömum sambræðingi af pönkskotnu rokki og klúbbatónlist frá síðasta áratugi. Hér má heyra pönkskotinn bassagítar, sem hljómar eins og hann sé plokkaður af uppvakningi Traci Pew úr Birthday Party, blandaðan við raftrommur og gítarhljóðskúlptúra sem gætu alveg eins verið hannaðir af Blixa Bargeld og félögum hans úr þýsku iðnaðarsveitinni Einsturzende Neubauten.

Það sem kemur svo mest á óvart við þennan árekstur mismunandi hljóðheima er ekki hversu vel þetta fellur saman, heldur hversu fáránlega grípandi þetta er.

Lagasmíðarnar eru nefnilega vel poppaðar, þó svo að Klaxons sé ekki að reyna að vera einhver poppsveit. Þeir hika t.d. ekki við harðar kaflaskiptingar, þar sem taktur breytist, og eru ekkert endilega að endurtaka sama viðlagið aftur og aftur. Engu að síður eru laglínur sérstaklega grípandi, og hrynjandi og „grúf" alltaf mjög dansvæn.

Það skemmir svo heldur ekki að það er ekki eitt einasta lag á þessari plötu sem virkar ekki upplífgandi á þann sem hlustar. Nema þá að viðkomandi sé annað-hvort dauður, eða hafi gjörsamlega stíflað á sér eyrun í gegnum tíðina með stöðugri hlustun á „gömlu góðu lögin".

Myths of the Near Future er ekki bara stórkostleg frumraun, heldur líka plata sem vex og vex við hverja hlustun. Dæmd til að verða klassík. Nú eiga þeir sem misstu af Klaxons á Airwaveshátíðinni eftir að naga sig í handarbökin.

Birgir Örn Steinarsson



**KLAXONS** Grípandi frumraun.



**TÓNLIST**

**Myths of the Near Future**

Klaxons

★★★★★

Frumraun Klaxons er stórkostlegur árekstur hljóðheima. Grípandi, beitt og tilraunakennd rokkplata sem á án efa eftir að setja þessa sveit í fremstu röð nýrra breskra sveita.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Titanic-leikkonan **Kate Winslet** ætlar að höfða mál gegn slúðurtímaritinu Grazie vegna fregnar um að hún hafi farið í meðferð hjá megrunarlækni í Kaliforníu. Samkvæmt tímaritinu fór hún á lækningamiðstöð vegna hálsverkja en einnig til að losna við aukakílóin. „Ég er mjög pirruð yfir þessu. Þetta er algjör lygi," sagði Winslet.



Í þorpi í Serbíu á að láta smíða styttu af boxaranum **Rocky Balboa**. Mikið hefur verið um flóð og skriður í þorpinu undanfarin ár og telja yfirmenn þess að styttan muni færa þorpsbúum aukna gæfu. Hafa margir þorpsbúar yfirgefið heimkynni sín í leit að betra lífi annars staðar.


# ÍTALSKT PASTA

## MEÐ PEPPERÓNÍ





# Van Morrison í bíó



**VAN MORRISON** Tónlistarmaðurinn Van Morrison er mættur með nýja safnplötu.

Platan Van Morrison at the Movies: Soundtrack Hits kemur út á þriðjudag. Platan hefur að geyma nítján lög eftir Van Morrison sem hafa hljómað í kvikmyndum í gegnum tíðina. Á meðal þeirra eru Gloria úr myndinni The Outsiders, Wild Night úr Thelma & Louise og Brown Eyed Girl úr Born on the Fourth of July. Einnig er á plötunni tónleikaupptaka af laginu Moondance úr An American Werewolf in London, sem var tekin upp í Los Angeles árið 1986.

Að auki er á plötunni áður óútgefin tónleikaútgáfa Morrisons af lagi Pink Floyd, Comfortably Numb. Lagið er að finna í myndinni The Departed eftir Martin Scorsese, sem er mikill aðdáandi Morrisons.

Van Morrison er um þessar mundir á tónleikaferð. Hann mun halda tvenna tónleika í Bandaríkjunum í lok febrúar og í apríl heldur hann síðan ferna tónleika.

# Látið Olivier í friði



**KYLIE OG OLIVIER** Kylie og Olivier Martinez hættu nýverið saman eftir fjögurra ára samband.

Söngkonan Kylie Minogue hefur beðið aðdáendur sína um að láta fyrrverandi kærasta sinn, Olivier Martinez, í friði.

„Olivier á ekki skilið þá meðferð sem hann hefur fengið undanfarið. Það er mjög ósanngjarnt að ráðast svona gegn manni sem mér þykir mjög vænt um og ber mikla virðingu fyrir," sagði Kylie á heimasíðu sinni. „Vonandi getið þið, aðdáendur mínir, stutt við bakið á Olli og mér vegna þess að það er aldrei auðvelt að ganga í gegnum skilnað."

Kylie og Olivier voru saman í fjögur ár þar til þau hættu saman fyrr í þessum mánuði. Hafði orðrómur þá verið uppi um að Olivier hafi haldið framhjá Kylie og olli það mikilli reiði á meðal aðdáenda hennar.




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PERFUME | kl. 6 - 9 | B.i.12 | FORELDRAR | kl. 8 | Leyfð |
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 | B.i.7 | BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | STRANGER THAN FICTION | kl. 5:50 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ALPHA DOG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | VEFURINN HENNAR.. M/- Ísl tal. | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| ALPHA DOG VIP | kl. 8 - 10:30 | | BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.12 | BABEL VIP | kl. 5 | |
| MAN OF THE YEAR | kl. 8 - 10:30 | B.i.7 | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| | | | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALPHA DOG | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| MAN OF THE YEAR | kl. 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFURINN HENN..M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE´S... M/-Ensk tal | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10:30 | B.i.12 | |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ALPHA DOG | kl. 8 | B.i. 12 |
| LITLE CHILDREN | kl. 8 | B.i. 14 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| VEFURINN HENN..M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| PERFUME | kl. 8 | B.i.12 |
| FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 | B.i.16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is




**MIKA** Tónlistarmaðurinn Mika fór beint í efsta sætið með sína fyrstu plötu.

## Mika beint á toppinn

Fyrsta plata popparans Mika, Life in Cartoon Motion, fór beint í toppsæti breska vinsældalistans sína fyrstu viku á lista.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Grace Kelly, hélt toppsæti sínu á smáskífulistanum og hefur því setið þar í fjórar vikur samfleytt.

Önnur plata Bloc Party, A Weekend in the City, lenti í öðru sæti sína fyrstu viku á lista og í því þriðja varð Fall Out Boy með plötuna Infinity On High. Í fjórða lenti Norah Jones með plötuna Not Too Late og í fimmta sætinu sat Amy Winehouse með Back To Black.

## Öll lögin komin út




Platan Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007 er komin út. Eins og nafnið gefur til kynna geymir platan lögin úr Söngvakeppninni sem nú stendur hvað hæst.

Úrslit hennar fara fram næstkomandi laugardag og þá ræðst hvert laganna níu sem komin eru í úrslit verður framlag Íslands í lokakeppni Eurovision í Helsinki í vor.

Platan í ár geymir öll lögin 24 sem tóku þátt í undankeppninni. Um tvö hundruð lög voru send í keppnina í upphafi og dómnefnd valdi úr þeim þau 24 lög sem landsmenn hafa séð og heyrt etja kappi undanfarin laugardagskvöld.

# Britney niðurbrotin kona

**Isaac Cohen birtist í löngu viðtali við vikublaðið News of the World þar sem hann greindi frá ástarsambandi sínu við Britney Spears í smáatriðum.**




**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Britney ásamt K-Fed þegar allt var í himnalagi. Skilnaðurinn hefur fengið mikið á söngkonuna og er hún sögð brotin og beygð.

Cohen og Spears voru saman í sex vikur skömmu eftir að söngkonan skildi við Kevin Federline. Cohen dregur ekki dul á ást sína á Britney en segir hana vera bugaða manneskju. „Hún elskar að njótast og er ótrúlega ævintýragjörn," sagði Cohen við blaðið. „Henni leið best þegar við lágum þétt að hvort öðru en þegar kynlífið var búið brotnaði hún saman og grét yfir því að enginn gæti látið hana í friði," útskýrir Cohen. „Hún spurði mig ósjaldan hvað hún hefði gert til að verðskulda þessa meðferð." Að hætti News of the World eru lýsingar á hvers kyns kynlífi fyrirferðarmiklar í viðtalinu en ef lesið er milli línanna má glöggt sjá að andlegt ástand Britney Spears er ekki upp á marga fiska.

Isaac og Britney hittust fyrst í byrjun desember en þá hafði Britney sést í félagsskap með partídýrinu Paris Hilton. Britney var útmáluð sem vond mamma í fjölmiðlum og ekki urðu lætin minni þegar hún sást stíga út úr bíl nærfatalaus. „Þegar ég hitti Britney var hún útbrunnin. Hún vissi vel af vondum drykkjarvenjum sínum og að hún notaði áfengi sem vörn. Ég sá hins vegar aldrei þessa útjöskuðu stjörnu heldur bara litla og feimna stúlku sem var ákaflega óhamingjusöm yfir endalokum hjónabandsins," segir Isaac og bætir því við að Britney hræðist mjög að missa forræðið yfir drengjunum sínum tveimur.



**BRITNEY OG ISAAC** Voru saman í sex vikur en á þeim tíma fékk Isaac innsýn í heim sem var að hruni kominn.

Og Britney virðist ekki vera búin að ná sér eftir skilnaðinn ef marka má orð Cohens. Brúðarkjóllinn hangir enn inni í svefnherberginu og sjálfstraustið er fokið út í veður og vind. „Hún var alltaf að spyrja mig hvort hún væri feit eða ekki," sagði Cohen. „Henni var stundum nákvæmlega sama hvernig hún leit út og hugsaði ekkert um sjálfa sig svo dögum skipti."

Isaac segist þykja mjög vænt um söngkonuna en viðurkennir að þeim hafi ekki verið ætlað að vera saman. „Kannski, á öðrum tímapunkti, hefði þetta getað gengið upp en þetta var bara of snemmt fyrir hana að byrja nýtt líf með nýjum einstaklingi."



**FEÐGIN** Gamanleikarinn Eddie Murphy ásamt dóttur sinni Shayne við frumsýningu myndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Leikur þrjár persónur

Nýjasta gamanmynd Eddies Murphy, Norbit, fór beint í efsta sæti bandaríska aðsóknarlistans sína fyrstu viku á lista.

Í myndinni leikur Murphy þrjú hlutverk og þykir fara á kostum. Murphy hefur áður leikið margar persónur í sömu myndinni, m.a. í Nutty Professor og Coming to America.

Í öðru sæti á aðsóknarlistanum lenti hryllingsmyndin Hannibal Rising, sem fjallar um mannætuna Hannibal á sínum yngri árum.

## Bubbi í Grindavík

Bubbi Morthens heldur tónleika í Grindavíkurkirkju á fimmtudagskvöld klukkan 20.30. Á tónleikunum mun Bubbi spila bæði nýtt efni og gamalt. Eftir annasamt afmælisár í fyrra hefur Bubbi ákveðið að leggja áherslu á að heimsækja landsbyggðina á þessu ári og marka tónleikarnir í Grindavík upphaf þess. Miðaverð er 2.000 krónur.



**BUBBI** Heimsækir landsbyggðina í ár.


HÁSKÓLADAGURINN



# Það gerist hjá okkur

Grunn- og framhaldsnám við Háskóla Íslands er kynnt í **Háskólabíói við Hagatorg**
Nýtt grunn- og framhaldsnám er kynnt í **Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð**

Stúdentar og kennarar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands taka vel á móti þér á Háskóladeginum laugardaginn 17. febrúar kl. 11-16

HÁSKÓLADAGURINN 2007 17. FEBRÚAR

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

## > Jónas ekki til Sandefjord

Jónas Guðni Sævarsson mun ekki að svo stöddu ganga til liðs við norska úrvalsdeildarliðið Sandefjord. Það samdi í gær við finnskan varnarmann í stað Jónasar. Sjálfur sagðist Jónas í samtali við Fréttablaðið hafa gefið upp alla von um að ganga til liðs við félagið. Þjálfara Sandefjord hafði þó litist vel á Jónas þegar hann æfði með félaginu til reynslu fyrir skömmu. Seint á síðasta ári var Jónas, sem leikur með Keflavík, valinn í íslenska landsliðshópinn.



**sport**

sport@frettabladid.is

HJALTI KRISTJÁNSSON: KYNNTI BREYTINGARTILLÖGU UM BIKARKEPPNI KSÍ Á ÁRSÞINGI SAMBANDSINS

# *Bikarkeppninni ekki breytt á þessu ári*

Á ársþingi Knattspyrnusambands Íslands um helgina var breytingartillaga um bikarkeppni KSÍ í karlaflokki samþykkt. Það var KFS, „litla liðið“ í Vestmannaeyjum, sem bar fram tillöguna. Hjalti Kristjánsson er framkvæmdastjóri félagsins.

„Ég er ánægður með að tillagan var samþykkt,“ sagði hann. Enginn mótmælti tillögunni og aðeins tveir þingfulltrúar greiddu atkvæði gegn henni.

Hjalti segir að núverandi fyrirkomulag á keppninni sé slæmt fyrir litlu liðin í landinu.

„Við munum ekki vinna bikarinn. Það er útséð. Við viljum taka þátt í keppninni til að eiga möguleika á að mæta stóru liðunum í landinu. Núverandi fyrirkomulag þýðir að öll lið utan efstu deildar keppast um sex laus sæti til að mæta þeim,“ sagði Hjalti.

Í stað þess að liðin í efstu deild karla komi beint inn í 16-liða úrslit gekk tillaga KFS út á að tólf efstu liðin á landinu kæmu beint inn í 24-liða úrslit, fyrir utan þau fjögur lið sem taka þátt í Evrópukeppninni það árið. Þau komi inn í 16-liða úrslitin.

Þar með tvöfaldast möguleiki litlu liðanna á að mæta þeim stærri.

„Ég sá það í fyrra að mínir leikmenn höfðu ekkert gaman af keppninni. Við mættum Selfossi og vorum í raun búnir að tapa leiknum fyrirfram. Leikmenn vissu að ef þeir myndu vinna leikinn væri næsti leikur gegn Njarðvík, Aftureldingu eða álíka liði. Fyrir okkur myndi það þýða lítið annað en meiri ferðakostnað.“



En þótt tillagan hafi verið samþykkt verður fyrirkomulaginu á bikarkeppninni í sumar ekki breytt.

„Það er útilokað. Þær skýringar sem ég fékk á því voru þær að breyta þyrfti lögum KSÍ vegna fjölgunar liða í deildum. Því þyrfti ef til vill að samræma lög bikarkeppninnar að þeim. Ég get þó ekki séð annað en að þeir geti í mesta lagi hagrætt orðalagi og fleira í þeim dúr. Tillagan var samþykkt og verða þeir að halda sig við hana í stórum dráttum.“

Það er því nokkuð líklegt að engar breytingar verði á bikarkeppninni fyrr en á næsta ári.



**ÞRJÚ GULL** Anja Paerson er stjarna HM í alpagreinum í Åre. NORDIC PHOTOS/GETTY

Skíðadrottning Anja Paerson:

## Getur unnið fimm gull

**SKÍÐI Sænska alpaskíðadrottningin Anja Paerson varð um helgina fyrsti skíðamaðurinn til þess að verða heimsmeistari í öllum fimm greinum alpaíþrótta og hún á enn möguleika á að vinna allar fimm greinarnar á heimsmeistaramótinu í alpagreinum sem nú fer fram í Åre í Svíþjóð.**

**Paerson er þegar búin að vinna risasvig, tvíkeppni og brun og á eftir að keppa í svigi og stórsvigi en hún hefur unnið heimsmeistaratitilinn í báðum þeim greinum. Paerson hefur verið að vinna sig út úr erfiðum hnémeiðslum og af þeim sökum hefur frammistaða hennar komið á óvart.** - óój

# Fyrstur í Meistaradeildina

**Jón Arnór Stefánsson hefur yfirgefið herbúðir spænska liðsins Pamesa Valencia og samið við ítalska liðið Lottomatica Roma sem er í Meistaradeild Evrópu.**

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson er kominn aftur í ítalska körfuboltann eftir að hafa spilað með spænska liðinu Pamesa Valencia fyrri hluta tímabilsins. Jón Arnór gerði í gær samning við Lottomatica Roma til 2008 en frábær frammistaða hans með Carpisa Napoli í fyrra hefur unnið honum samastað í einu besta lið Evrópu.

Meiðsli og veikindi hafa sett mikinn svip á tíma Jóns Arnórs á Spáni en hann skoraði 4,1 stig á 18 mínútum í þeim 16 leikjum sem hann spilaði með Pamesa. Jón Arnór meiddist illa á ökkla í landsleik gegn Lúxemborg í haust og sú meiðsli höfðu mikil áhrif á framgöngu hans í hinni sterku ACB-deild á Spáni.

Jón Arnór spilaði einn sinn besta leik með Carpisa Napoli á móti sínu nýja félagi á síðasta tímabili en hann skoraði þá 21 stig í 90-74 sigurleik. Jón Arnór hitti meðal annars úr fimm af sjö þriggja stiga skotum sínum í leiknum og klikkaði aðeins á þremur skotum allan leikinn. Þetta var eina skiptið sem Jón Arnór skoraði yfir 20 stig í ítölsku deildinni. Þjálfari og forráðamenn Lottomatica Roma lögðu á það mikla áherslu að ná í Jón og þessi leikur hefur örugglega haft mikið um það að segja eins og öll frammistaða hans á Ítalíu í fyrra en Jón Arnór var meðal annars ítalskur bikarmeistari með Carpisa Napoli.



**SJÖTTA LIÐIÐ Á FIMM TÍMABILUM** Jón Arnór Stefánsson hefur spilað með Trier, Dallas, St. Pétursborg, Napoli, Valencia og mun næstu tvö tímabil spila í Róm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón Arnór getur orðið fyrsti Íslendingurinn til þess að spila í Meistaradeildinni, Euroleague, en Pavel Ermolinskij er sá eini sem hefur komið nálægt leik í keppni bestu liða Evrópu en hann var á skýrslu í leik Unicaja gegn Panathinaikos 3. nóvember 2004. Pavel kom ekki inn á í leiknum en það má telja víst að Jón Arnór taki virkan þátt í leik síns nýja félags.

Jón Arnór fer til Rómar í fyrramálið en stefnt er að því að hann leiki með sínu nýja félagi í Meistaradeild Evrópu á miðvikudag en þá tekur Lottomatica Roma á móti Pau Orthez frá Frakklandi. Lottomatica Roma er sem stendur í 6. til 7. sæti ítölsku deildarinnar ásamt Benetton Treviso. Í Meistaradeildinni er liðið komið í 16 liða úrslit. Þess má geta að Jón Arnór þarf ekki að heimsækja hina blóðheitu Napólíbúa á tímabilinu því Lottomatica Roma er búið með útileik sinn í Napólí. ooj@frettabladid.is

HM í alpagreinum í Åre:

## Gísli hársbreidd frá niðurskurði

**SKÍÐI Keppt var í forkeppni fyrir stórsvigskeppni karla á heimsmeistaramótinu í alpagreinum í Åre í Svíþjóð í gær. Þrír íslenskir skíðakappar voru skráðir til leiks en enginn þeirra komst í aðalkeppnina.**

**Gísli Rafn Guðmundsson var þó hársbreidd frá niðurskurðinum en 25 efstu komust áfram í aðalkeppnina. Þorsteinn Ingason féll úr leik í seinni umferð en hann var í 27. sæti eftir fyrri umferðina. Gísli Rafn var þá í 29. sæti.**

**Kristinn Valsson varð að hætta við þátttöku vegna veikinda.** - esá

Samuel Eto'o í fýlu:

## Æfði einn í gær

**FÓTBOLTI** Kamerúninn Samuel Eto'o gerði allt vitlaust í herbúðum Barcelona á sunnudagskvöldið þegar hann neitaði að fara inn á 83. mínútu leiksins. Eto'o lét hafa það eftir sér að honum hefði verið lofað að spila í hálftíma og hann væri ekki tilbúinn til að fara inn á í aðeins fimm mínútur.

Í stað þess að ganga á fund Rijkaards og skýra sitt mál daginn eftir þá mætti Eto'o snemma á æfingu í gær og æfði ekki með hinum í Barcelonaliðinu.

- óój






Eiríkur Önundarson og Keith Vassell komu ÍR á sigurbraut fyrir bikarúrslitin:

# Gömlu refirnir í essinu sínu

**KÖRFUBOLTI** ÍR-ingar eru ekki alveg búnir að gleyma Iceland Express deildinni þrátt fyrir að bikarúrslitaleikurinn sé fram undan. ÍR vann 16 stiga sigur, 97-81, á Keflavík í Seljaskóla og kom í veg fyrir fjórða deildartapið í röð.

„Við þurftum á þessum sigri að halda. Við vorum búnir að vera eins og drullusokkar í síðustu leikjum en nú náðum við að þjappa okkur saman. Við lékum án þriggja lykilmanna en komum bara ákveðnir og urðum að vinna þennan leik,“ sagði Eiríkur Önundarson, fyrirliði ÍR-inga. „Við spiluðum mjög góða liðsvörn og létum boltann síðan ganga í sókninni og réðum hraðanum í leiknum,“ sagði Eiríkur um grunninn á bak við sigurinn. Eiríkur sjálfur á þar mest hrós fyrir enda með mjög góðan leik, skoraði 19 stig og gaf 9 stoðsendingar.

Keith Vassell átti sinn besta leik í ÍR-búningnum til þessa, skoraði 21 stig og tók 14 fráköst. „Keith er að komast í form og hann er mjög mikilvægur fyrir okkur. Hann er frábær leikmaður og reynslubolti og það er svo mikilvægt að hafa slíkan leikmann með sér,“ sagði Eiríkur en gömlu refirnir í liðinu voru lykilmenn í að landa sigrinum.

Leikur Keflvíkinga var eins og oft áður á útivelli að undanförnu, eftir ágæta byrjun hrynur sóknarleikur liðsins í öðrum leikhluta og liðið hafði síðan ekki burði til þess að koma aftur inn í leikinn. Liðið á von á hörkubakverði frá Bandaríkjunum sem ætti að hjálpa mikið til.

Þegar Eiríkur var spurður út í hvort hann hefði áhyggjur af meiddum og veikum mönnum fyrir bikarúrslitaleikinn á laugardaginn svaraði hann að bragði: „Það verða allir klárir í bikarleikinn, þá mæta menn veikir og laskaðir og fórna öllu.“ - óój



**BARÁTTAN Í AÐALHLUTVERKI** Fannar Freyr Helgason og félagar í ÍR gáfu allt sitt í leikinn við Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÍR-KEFLAVÍK 97-81

**Stig ÍR**: Keith Vassell 21 (14 fráköst, hitti úr 6 af 9 skotum), Eiríkur Önundarson 19 (9 stoðs, 7 fráköst), Sveinbjörn Clasesen 15, Fannar Freyr Helgason 14 (9 frák.), Ómar Sævarsson 13 (4 varin), Nate Brown 10, Ólafur Þórisson 5.

**Stig Keflavíkur**: Magnús Þór Gunnarsson 21, Arnar Freyr Jónsson 14 (5 stoðs.), Jón Norðdal Hafsteinsson 12, Sverrir Þór Sverrisson 9 (6 stoðs.), Sebastian Hermanier 8 (8 frák.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 7, Gunnar Einarsson 5, Þröstur Jóhannsson 5.

# Lokadagar útsölumarkaðsins

**Fjöldi kvikmynda-, tónlistar- og tölvuleikjatitla á ótrúlegu verði!**

## Geisladiskar
verð frá 499kr

## Kvikmyndir
verð frá 499kr

## Tölvuleikir
verð frá 499kr

**VERÐDÆMI:**

499kr, 799kr, 999kr, 1499kr

**Fyrstur kemur fyrstur fær!**

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í Kringlu, Skeifu og á Akureyri

Gildir til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## > CHARLIE SHEEN



Carlos Irwin Estévez, betur þekktur sem Charlie Sheen, fæddist 3. september 1965 í New York. Faðir hans, Martin Sheen, var leikari en Charlie Sheen á þrjú systkini. Á unga aldri fékk hann áhuga á leiklist í gegnum föður sinn og var aðeins níu ára gamall þegar hann lék lítið hlutverk í sjónvarpsmynd. Í skóla hafði hann mikinn áhuga á körfubolta og listum. Eftir skólann sneri hann sér alfarið að leikaraferlinum og hefur leikið í fjölmörgum myndum. Hann er meðal talsetjara á myndinni All Dogs Go to Heaven 2 sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í dag.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR LAÐAST AÐ LÉLEGU SJÓNVARPSEFNI**

## *Litli ljóti andarunginn og fjölskylda hans*

Ég hef lúmskt gaman af þáttum á borð við Extreme makeover. Ég veit ekki hvers vegna því innst inni stríða þessir þættir gegn skoðunum mínum. Ég hef óbeit á útlitsdýrkun samfélagsins en samt sogast ég að þessum þáttum og fæ ekkert við mig ráðið. Ástandið er ekki svo slæmt að ég kveiki gagngert á sjónvarpinu þegar þessir þættir eru dagskrá. Til þess er ég of gleymin. Hins vegar verður ekki aftur snúið ef ég ramba á slíkan þátt þegar ég flakka á milli stöðva. Þessir þættir eru nefnilega skelfilega varasamir. Ef maður byrjar að horfa getur maður ekki ekki hætt. Maður bara verður að sjá hvernig útkoman verður í lok þáttarins.

Gömlu klisjurnar um litla ljóta andarungann virka greinilega enn. Svo vel að það er vissara að hafa vasaklútinn við höndina þegar þessir þættir eru á dagskrá. Sjálf er ég veikust fyrir þeirri útgáfu af Extreme makeover þar sem heimilum fólks er breytt. Kannski af því mér finnst eðlilegra að umbreyta húsi heldur en líkama fólks og líka vegna þess að þar er yfirleitt verið að gleðja heila fjölskyldu en ekki bara einn óhamingjusaman einstakling í útlitskrísu.





**EXTREME MAKEOVER** Það er alltaf jafn spennandi að sjá útkomuna.

Um daginn sá ég hins vegar einn svona umbreytingarþátt sem ég bara gat ekki horft á til enda. Það var einhverskonar fjölskylduútgáfa af Extreme makeover. Fimm manna fjölskylda fór í útlitsbreytingu eins og hún lagði sig. Ljóti pabbinn, ófríða mamman og börnin þrjú sem öll áttu það sameiginlegt að vera frekar illa heppnuð í framan. Foreldrarnir gengust undir átta vikna fegrunar-prógramm með tilheyrandi skurðaðgerðum en börnin létu sér nægja að skipta um hárgreiðslu og fatastíl.

Mér fannst eitthvað vafasamt við þennan þátt svo ég fussaði og sveiaði og slökkti á sjónvarpinu. Núna naga ég mig í handarbökin og dauðsé eftir því að hafa brugðist þannig við. Forvitnin er að fara með mig. Mig langar svo að vita hvernig fjölskyldan lukkaðist.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Ísland í dag **STÖÐ 2**



▶ **19.10** Lemgo - Kiel **SÝN**



▶ **20.00** Full Frontal **STÖÐ 2 BÍÓ**



▶ **20.05** Jack Osbourne **STÖÐ 2**



▶ **20.50** Prison Break **STÖÐ 2**

## SJÓNVARPIÐ

**16.55 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins** (2:3) Flutt verða þrjú laganna sem keppa í úrslitum á laugardagskvöld.
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið** (22:26)
**18.30 Kappflugið í himingeimnum**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars** (22:22)
**20.55 Allra meina bót** (5:8) (Bota mig)
**21.25 Þrír blaðamenn leita rithöfundar: Robert Wilson** Norskur þáttur um breska spennusagnahöfundinn Robert Wilson sem sló í gegn með bókunum Eitt lítið dráp í Lissabon og Blindi maðurinn í Sevilla.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins** (2:3) Flutt verða þrjú laganna sem keppa í úrslitum á laugardagskvöld.
**22.35 Draugasveitin** (3:8) (The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar.
**23.25 Njósnadeildin (e)** (2:10) (Spooks)
**00.20 Kastljós**
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Full Frontal** Bönnuð börnum.
**08:00 All Dogs Go to Heaven 2**
**10:00 The Fighting Temptations**
**12:00 One Fine Day**
**14:00 All Dogs Go to Heaven 2**
**16:00 The Fighting Temptations**
**18:00 One Fine Day**
▶**20:00 Full Frontal** Bönnuð börnum.
**22:00 Small Time Obsession**
**00:00 Blue Collar Comedy Tour: The Movie** Aðalhlutverk: Jeff Foxworthy, Bill Engwall, Ron White, Larry the Cable Guy. Leikstjóri: C.B. Harding.
**02:00 The Giraffe** Bönnuð börnum.
**04:00 Small Time Obsession**

## STÖÐ 2

**07:20 Grallararnir** (Tiny Toons)
**07:40 Taz-Mania 1**
**08:00 Martha** (Michael Bolton)
**08:45 Í fínu formi 2005**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Related** (7:18)
**10:05 Ganga stjörnurnar aftur?**
**10:50 Whose Line Is it Anyway?**
**11:15 60 mínútur** (60 Minutes)
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Nágrannar** (Neighbours)
**13:05 Homefront**
**13:50 Nálægð við náttúruna**
**14:45 Las Vegas** (3:23)
**15:25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15:50 Horance og Tína**
**16:13 Shin Chan**
**16:38 Nornafélagið**
**17:03 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17:23 Músti**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar** (Neighbours)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
▶**19:00 Ísland í dag**
**19:40 The Simpsons** (7:22)
▶**20:05 Jack Osbourne - No Fear** (3:4)
▶**20:50 Prison Break** (16:22) Bönnuð börnum.
**21:35 Shark** (6:22) (Hákarlinn)
**22:20 The Unit** (8:13) (Úrvalssveitin) Nýr, bandarískur spennumyndaflokkur um störf leynilegrar úrvalssveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu sendiferðir sem upp koma. Þótt sveitin sé skipuð þeim allra færustu sem fyrirfinnast í hernum þá taka verkefnin mjög á, ekki síst fyrir eiginkonur þeirra og fjölskyldur sem lifa í stöðugum ótta um líf sinna manna.
**23:05 Twenty Four** (4:24) (24)
**23:50 Nip/Tuck** (6:15)
**00:40 Crossing Jordan** (15:21)
**01:25 Cold Case** (5:24)
**02:10 Deceit** (Svikráð)
**03:35 Miss Marple: The Body in the**
**05:10 Fréttir og Ísland í dag**
**06:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Seinfeld**
**19:55 3. hæð til vinstri** (12:30) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það. Til þess að halda friðinn í íbúðinni ákveða þau að videoblogga um líf sitt á heimilinu og fá þannig útrás fyrir reiðina.
**20:00 Entertainment Tonight**
**20:30 Ali G (e)**
**21:00 American Dad 3 (e)**
**21:30 The Loop** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Sam býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra og vilja þau stunda samkvæmislífið aðeins meira en Sam ræður við. Á hann oft erfitt með að neita þeim en ekki hjálpar það til að Sam er hrifinn af annarri þeirra og vill því ekkert gera til að fæla hana frá sér.
**22:00 The Nine** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem enginn nema þau sem haldið var í bankanum skilur.
**22:50 Twenty Four** (16:24) (24 - 2)
**23:40 Insider**
**00:05 Janice Dickinson Modeling Agency (e)**
**00:35 Four Kings (e)**
**01:00 Seinfeld**
**01:25 Entertainment Tonight (e)**
**01:50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:45 Vörutorg**
**09:45 Melrose Place (e)**
**14:15 Just Deal (e)**
**14:45 Vörutorg**
**15:45 One Tree Hill (e)**
**16:45 Beverly Hills 90210**
**17:30 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 Out of Practice (e)**
**20:00 Skólahreysti** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Í kvöld eru það skólar í Kópavogi og nágrenni sem taka þátt í æsispennandi keppni í Smáranum.
**21:00 Innlit / útlit - NÝTT** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**22:00 Close to Home** Leikkonan hæfileikaríka Jennifer Finnigan er hér í hlutverki Annabeth Chase ungs saksóknara og nýbakaðrar móður í meiriháttar lögfræðidrama úr smiðju Jerry Bruckheimer. Þættirnir hafa fengið alveg ótrúlega góðar móttökur áhorfenda og er þeim líkt við hina vinsælu C.S.I.
**22:50 Everybody Loves Raymond**
**23:15 Jay Leno**
**00:05 Heroes (e)**
**01:05 Jericho - NÝTT (e)**
**02:05 Vörutorg**
**03:05 Beverly Hills 90210 (e)**
**03:50 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Að leikslokum (e)**
**14:00 Reading - Aston V. (frá 10.feb)**
**16:00 Vicenza - Juventus (frá 12. feb)**
**18:00 Þrumuskot (e)**
**19:00 Að leikslokum (e)**
**20:00 Man. Utd. - Charlton (frá 10.feb)**
**22:00 Ítölsku mörkin (e)**
**23:00 Chelsea- Middlesbr. (frá 10. feb)**
**01:00 Dagskrárlok**


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



FJÓRIR INNFLYTJENDUR LÁTA LÍFIÐ Í BRUNA
Shark í kvöld kl. 21:35

GOTT FÓLK McCANN

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35

**Shark (Hákarlinn)**



Bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs. Þættirnir fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins. Hinn gamalreyndi James Woods hefur hlotið mikið lof fyrir að leika Stark,enda hefur verið haft á orði að hlutverkið sé sérsniðið fyrir þennan margverðlaunaða skapgerðarleikara. Í þessum þætti rannsakar Stark andlát fjögurra innflytjenda sem létu lífið í húsbruna, þegar saumastofa brann til kaldra kola. Málið er úrskurðað sem slys og vill Stark láta þar við sitja en er beittur miklum þrýstingi að rannsaka það nánar.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ INNLIT/ ÚTLIT SKJÁREINN 21.00



Innlit / útlit snýr aftur eftir frí. Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Fréttir
**09.00** Fréttir
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik (8:11)
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Þórbergur Þórðarson og allir hinir -
**20.50** Í heyranda hljóði: Málefni innflytjenda
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lestur Passíusálma (8:50)
**22.22** Lóðrétt eða lárétt
**00.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**17:55 Spænsku mörkin**
**18:40 Þýski handboltinn**
▶ **19:10 Þýski handboltinn** (Lemgo - Kiel) Bein útsending frá stórleik Lemgo og Kiel í þýsku bikarkeppninni í handknattleik. Þarna eru tvö frábær lið á ferðinni. Lemgo með þá Loga Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson innanborðs fær verðuga andstæðinga en með Kiel leika til dæmis Nicola Karabatic, Henning Fritz og Christian Zeits.
**20:45 PGA Tour 2007 - Highlights**
**21:40 World Supercross GP 2006-2007**
**22:35 Coca Cola mörkin**
**23:05 Þýski handboltinn** (Lemgo - Kiel)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Snip Snap Snude **6.50** Nasse **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Jersild & Spin **9.30** Læs for livet **10.00** Jagerpiloterne **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Genbrugsguld **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Teenage Mutant Ninja Turtles **16.00** SportsNørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Uventet besøg **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo **22.55** Doktor Zivago

### NRK 1

**8.30** Viten om **9.00** Siste nytt **9.05** Puls: Bedre Puls **9.30** Faktor: Daeng - thaibudeia i Rondane **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Duck Dodgers **15.00** Siste nytt **15.03** Dracula junior **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Fra loft og kjeller **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Gubben og Katten **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Norsk for nybegynnere **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.20** Kulturnytt **22.25** Utsyn **23.15** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.45** Youssou N'Dour og venner

### SVT 1

**8.30** Keith on the road **9.00** Pedagogikens giganter **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - DNA **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Öresundsbron **12.50** Busungarna **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.10** Du sköna värld! **15.20** Extra **15.45** Born Wild **15.50** Krokomax **16.20** Alpint: VM i Åre **17.15** Dagens ramsa **17.25** Ritsagor **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Alpint: VM i Åre **20.15** Höök **21.15** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Orkesterliv **22.50** Sändningar från SVT24 5.00 Gomorron Sverige


Lægra verð. Sömu útlönd.

Portúgal
Netverð 21. og 28. ágúst, 3. og 10. september
39.974 kr.
á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Alagoamar og flugvallarskattar.
Verð á mann miðað við 2 Alagoamar 50.788 kr

Mallorca
Netverð 20. ágúst og 2. september
39.307 kr.
á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Pil Lari Playa og flugvallarskattar.
Verð á mann miðað við 2 í stúdíó á Pil Lari Playa 46.293 kr

Tenerife
Netverð 21. ágúst
42.554 kr.
á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Tropical Playa og flugvallarskattar.
Verð á mann miðað við 2 í stúdíó á Tropical Playa 45.805 kr

Krít
Netverð 25. ágúst og 7. september
43.969 kr.
á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Skala og flugvallarskattar.
Verð á mann miðað við 2 í íbúð á Skala 49.395

Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

plús FERÐIR

**PLÚSFERÐIR** – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is

## HRÓSIÐ ...



*... fær Björn Steinbekk sem ætlar að færa Íslendingum MTV-tónlistarhátíðina með tilheyrandi stjörnufans eftir nokkur ár.*

# Silvía sendir Skjá einum tóninn

Hugarsmíð Ágústu Evu Erlendsdóttur og Gauks Úlfarssonar, Silvía Nótt, er komin aftur á stjá eftir hrakfarirnar í kringum Eurovision í fyrra. Nú liggur fyrir að plata Silvíu komi út á næstunni og nýverið var tilkynnt um risaplötusamning um borð í hvalskoðunarskipinu Eldingu. Að venju tókst Ágústu Evu að skapa mikið fjölmiðlafár þegar hún brá sér í líki Silvíu.

Einhver snurða hefur hlaupið á þráðinn hjá sjónvarpsstjörnunni og Skjá einum en hún lýsti því yfir í samtali við Fréttablaðið að hún hefði lítinn áhuga á að sjónvarpsstöðin sýndi nýja þáttaröð um sig. „Allir eru að reyna að skemma fyrir mér feril minn sem tónlistarmaður með einhverjum lélegum þætti,“ sagði Silvía. „Fólk á rétt á að vita sannleikann og það er ekki allt sannleikur sem kemur fram í sjónvarpinu,“ bætir hún við.

Silvía var sjálfsöryggið uppmálað og sagðist vera Íslands besta ljós. „Og þeir á Skjá einum eru að reyna að slökkva það ljós,“ segir Silvía. „Þeir létu mig gera ljóta hluti og klipptu allt úr samhengi,“ útskýrir sjónvarpspersónan. „Ég vil mótmæla að þessu andlega blóðbaði verði hellt yfir þjóðina,“ segir Silvía sem vildi lítið tjá sig um líkamlegan tvíbura sinn, Ágústu Evu, sem sló í gegn sem Eva Lind í kvikmyndinni Mýrinni.

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, hló að þessum yfirlýsingum Silvíu Nætur. „Já, hún er víst eitthvað ósátt með sýningarnar um helgina. Silvía verður bara að bíta í þetta súra epli og standa við sína samninga,“ útskýrir Magnús. „Við getum ekki alltaf verið að breyta hlutunum eftir hennar höfði,“ bætir hann við. **- fgg**



**MAGNÚS RAGNARSSON** Vill að Silvía standi við gerða samninga. Hún verði bara að bíta í það súra epli að þættirnir fari í loftið.



**SILVÍA NÓTT** Er æf út í Skjá einn og segir þættina vera skrumskælingu á sannleikanum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2** umrót **6** í röð **8** tunna **9** sigti **11** málmur **12** ótti **14** lífhvati **16** tímaeining **17** gerast **18** tilvist **20** tveir **21** gera við.

**LÓÐRÉTT 1** margskonar **3** í röð **4** lítið land **5** frostskemmd **7** land í Afríku **10** beita **13** suss **15** andlitsfarði **16** fiskur **19** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** rask, **6** mn, **8** áma, **9** sía, **11** ál, **12** uggur, **14** ensím, **16** ár, **17** ske, **18** líf, **20** ii, **21** laga. **LÓÐRÉTT: 1** ýmsu, **3** aá, **4** smáríki, **5** kal, **7** nígería, **10** agn, **13** uss, **15** meik, **16** áll, **19** fg.

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

JUDE LAW: LENTI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI MEÐ BÖRNUM SÍNUM Í GÆR

# Mikil leynd hvílir yfir ferðum Jude Law á Íslandi

Breski stórleikarinn Jude Law lenti á Keflavíkurflugvelli síðdegis í gær. Tvær stórar svartar Benzbifreiðar sóttu stórleikarann sem er hér á landi ásamt þremur börnum sínum, hinum ellefu ára gamla Rafferty, sjö ára gömlu Iris og hinn fimm ára gamla Rudy. Með í för var barnapía þeirra en mikil leynd hvílir yfir ferðum leikarans.

Law hefur löngum viljað vernda fjölskyldu sína frá kastljósi fjölmiðlanna og gekk meðal annars í skrokk á ljósmyndara sem reyndi að taka myndir af börnunum hans nýlega. Ljósmyndari Víkurfrétta, Hilmar Bragi, gætti sín af þeim sökum og forðaðist í lengstu lög að láta Law sjá sig.

Fréttablaðið hafði samband við fólk sem hefur ferjað stórstjörnur hingað til lands en allir komu þeir af fjöllum þegar fréttin um Law var borin undir þá. Ekki er vitað á þessari stundu hvort einhver verkefni liggja fyrir hjá Law hér á landi en hann er um þessar mundir að leika í kvikmyndinni Sleuth í leikstjórn Kenneths Brannagh ásamt leikstjóranum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur Law komist í kynni við Ísland í gegnum mótleikkonu sína, Cate Blanchett, sem dvaldist hér á landi fyrir skömmu. Blanchett gisti á Nordica Hotel við Suðurlandsbraut en fór meðal annars á Hótel Búðir á Snæfellsnesi og borðaði á veitingastaðnum Við tjörnina. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mun Law væntanlega endurtaka þennan leik. Þá má fastlega búast við því að Law hafi heyrt af lofi stórleikarans Harrisons Ford á indverskum mat hjá Austur-Indíafélaginu við Hverfisgötu.

Einkalíf Laws hefur verið töluvert í umræðunni eftir að hann sagði skilið við eiginkonu sína Sadie Frost. Law tók saman við leikkonuna Siennu Miller en samband þeirra var vægast sagt stormasamt. Law átti í ástarsambandi við barnfóstru barna sinna og komst Miller að því. Skömmu síðar komust breskir fjölmiðlar á snoðir um ástarsamband leikkonunnar og Bond-leikarans Daniel Craig og ákváðu hjónaleysin að segja sambandinu endanlega slitið eftir að hafa reynt um stutta hríð að láta hlutina ganga upp. **freyrgigja@frettabladid.is**



**JUDE LAW** Er hér ásamt barnapíu og þremur börnum. Tveir svartir Benzar sóttu fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI



**HORFINN** Mikil leynd hvílir yfir ferðum Jude Law og vissu fáir af komu hans hingað til lands í gær.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jón Helgi Guðmundsson** og starfsfólk Byko hélt árshátíð um helgina á Broadway. Ekkert var til sparað þannig að starfsfólkið gæti skemmt sér ærlega. Jón Helgi gerði meðal annars lúmskt grín að þeim frægu stjörnum sem leikið hafa fyrir dansi í veislum auðjöfranna og er skemmst að minnast spilamennsku **Eltons John** í afmælisveislu fyrir skömmu. Gekk meðal annars sú saga fjöllunum hærra hjá starfsfólki Byko að stórsöngkonunnar **Tinu Turner** væri að vænta. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þarna var að sjálfsögðu um Tinu Turner-sýninguna að ræða sem sýnd er fyrir fullu húsi á Broadway.



**Einar Bárðarson** hefur nú tekið nokkuð góða forystu í X-Factor og sýnt og sannað að hann er Umboðsmaður Íslands. Þrír keppendur hans eru enn inni í leiknum, **Páll Óskar** hefur misst tvo en **Ellý** einn. Á bloggsíðu sinni bendir Einar á að ekki sé heiglum hent að syngja lagið Sway sem varð hafnfirsku stúlknasveitinni Fjórfléttu að falli. Jafnvel virðast álög hvíla á laginu: „Í Idol II ætlaði einhver að taka það í „næsta þætti“ en datt út föstudagskvöldið áður en hann gat sungið það. Í fyrra datt Ingólfur „Ingó“ Þórarinsson út eftir að hafa sungið Sway á ensku. Nú datt svo Fjórflétta út eftir að hafa sungið Sway á íslensku,“ skrifar Einar. **- fgg**



"Quality of life"
Fleiri möguleikar í boði
Sölukynning á Spánareignum helgina 17 og 18 febrúar Á veitingahúsinu Lækjarbrekku.
bspain Property builders since 1968
www.bspain.com - sími 5871776 & 8925829

Krónikan
» NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGAR 414 9400 auglysingar@kronikan.is
ÁSKRIFTIR 414 9400 askrift@kronikan.is

# Alþýðlegur athafnamaður

Innkoma Jóns Ásgeirs og Ingibjargar Pálmadóttur í Héraðsdóm Reykjavíkur fór varla fram hjá nokkrum manni þegar aðalmeðferð seinni helmings Baugsmálsins hófst í gær. Forstjórinn skartaði skærgulum innkaupapoka frá Bónus-versluninni en Ingibjörg bar appelsínugulan poka frá Hagkaupum. Baugur er sem kunnugt er aðaleigandi þessara tveggja verslanakeðja og stungu pokarnir nokkuð í stúf við allar þær svörtu skjalatöskur og brúnu pappakassa sem bornir voru inn í héraðsdóm.

„Ég veit ekkert um hvort þetta hafi verið fyrirfram ákveðið eða ekki en þetta eru fallegir pokar,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. „Jón Ásgeir stendur hins vegar augljóslega með sínu fyrirtæki. Hann er stoltur af því og má vera það,“ bætir hann við.

„Mér virðist það vera alveg ljóst að guli pokinn er engin tilviljun,“ segir almannatengillinn Eggert Skúlason. „Hann vill með þessu tengja sig við grasrótina sem Bónus er,“ bætir Eggert við. Eggert segir verslunina vera þekkta meðal almennings fyrir að veita landsmönnum mat á lágu verði og Jón vilji með þessu sýna að hann sé maður fólksins í landinu. „Auðvitað eru þetta bara vangaveltur en miðað við lýsingar er augljóst að pokinn er ákveðið stílbrot sem styrkir þá tilgátu að þetta sé pottþétt gert meðvitað,“ útskýrir Eggert. „Þetta er úthugsaður leikur hjá Jóni Ásgeiri en útkoman verður síðan að koma í ljós.“ **- fgg**



**EGGERT SKÚLASON** Segir þetta vafalítið vera úthugsaður leikur hjá Jóni en útkoman verði að koma í ljós.



**JÓN ÁSGEIR** Mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur með skærgulan poka frá Bónusversluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Herþjálfun hjá Heilsuakademíunni Egilshöll – Næstu námskeið hefjast 19. febrúar.**




heilsuakademían

*Hreyfing, heilbrigði, skemmtun*

*www.heilsuakademian.is – sími: 594 9666*

# FULLT AF NÝJUM TÍMUM

Næstu námskeið hefjast 19. febrúar í Egilshöll og Lækjarskóla Hafnarfirði

**Skráning hafin!**









Herþjálfun, Línudans, Salsa, lífsstílsnámskeið kvenna, námskeið fyrir börn, Rope Yoga, Fit-Pilates, dansnámskeið, Brazilian jiu-jitsu, kali, sjálfsvörn, Yoga, Einkaþjálfun, sundnámskeið.








heilsuakademían

*Hreyfing, heilbrigði, skemmtun*

*www.heilsuakademian.is – sími: 594 9666*

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



**BAKÞANKAR**

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# *Vakandi samfélag*

Í síðustu viku fréttist af innrás lögreglu – nú í Austurríki – í enn einn barnaklámhringinn sem náði vítt um veröld. Líka til Íslands. Hjá Interpol er geymd hálf milljón klámmynda með börnum sem allar hafa verið teknar úr fórum þeirra sem una sér við að sjá börnum misþyrmt.

**ÞVÍ** miður bera glæpamenn afbrigðilegar hneigðir sjaldan utan á sér, flestir líta út fyrir að vera fullkomlega eðlilegir. Aldrei er reyndar talað um konur sem þjást af barnagirnd, svo yfirleitt hljóta þetta að vera karlar. Að óreyndu hefði maður ímyndað sér svona einn eða tvo ljóta og lævíslega perverta innan um allt venjulega fólkið en miðað við upplýsingar úr Kompási er hér á landi fjöldinn allur af áhugamönnum um kynlíf með börnum. Hvort vandamálið fari vaxandi er ekki vitað, en það væri þarft rannsóknarverkefni.

**ÖFGAR** eða sinnuleysi eru einhvers konar mælikvarðar á þroska samfélags. Hér sitja barnaníðingar inni í mesta lagi í fáein ár, virðast sjaldnast fá eftirmeðferð og geta svo tekið til við fyrri iðju um leið og þeir sleppa út, jafnvel enn í umsjá yfirvalda. Það bendir til sinnuleysis. Sagt er að fælingarmáttur langrar fangelsisvistar sé lítill og því skili takmörkuðum árangri að lengja refsingar. Því til sönnunar er stundum bent á háa glæpatíðni í Bandaríkjunum þrátt fyrir langa fangelsisdóma þar í landi; lítil frétt frá Kaliforníu segir að nýlega hafi barnaníðingur verið dæmdur í 800 ára tugthúsvist. Svo langur dómur ber auðvitað öfgunum vitni, en í honum felst að minnsta kosti yfirlýsing um að þjóðfélagið samþykki ekki kynferðisglæpi gegn börnum. Að sá sem níðist á barni sé ekki velkominn í samfélag siðaðra og verði varanlega tekinn úr umferð.

**HVORKI** öfgar eða sinnuleysi bera þjóðfélagi gott vitni, en skýrari afstaða í dómum sem fjalla um misnotkun barna þarf að koma til. Alls kyns ofbeldi sem þrífst í skúmaskotum gegn þeim sem síst skyldi er ekki einkamál þeirra sem að koma, vakandi samfélag fólks passar hvað annars börn. Við þurfum virkari umræðu um ábyrgð okkar allra, klámvæðingu og mikilvægi þess að hafa skoðanir á því sem skiptir máli. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn.




